

**SKOÐUN** Tækifæri felast í fríverslunarsamningi við Kína, segir utanríkisráðherra. 13



**MENNING** Þjóðlagahátíð á Siglufirði hefst í fimmtánda sinn á morgun. 18



**LÍFIÐ** Unnur Eggertsdóttir gefur út nýtt lag á 22 ára afmæli sínu. 26



**SPORT** KFÍ vill opna fyrir Bosman-leikmenn í körfubolta á næsta tímabili. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
1. júlí 2014
152. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2014


**FRÉTTIR**



**Samþykktu þetta sjálf** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir að þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem gagnrýna flutning Fiskistofu til Akureyrar eigi að lesa stjórnarsáttmálann. 6

**Kjöti blandað saman** Um sjö prósentum lambakjöts sem ekki koma frá gæðastýrðum býlum er blandað saman við gæðastýrt kjöt í sláturhúsum og neytendur fá ekki að vita hvort þeir kaupa. 4

**Flúði hagræðinguna** Íslendingur sem náði ekki að koma undir sig fótunum í smáútgerð hér heima segist nú loks hafa náð árangri við ýsuveiðar í Noregi skammt frá Rússlandsströndum. 8

**Íslamskt ríki** Yfirlýsing ISIS-samtakanna í Írak um stofnun kalífadæmis vekur ekki mikla hrifningu. 8




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | SA | 7 |
| Akureyri | 15° | S | 6 |
| Egilsstaðir | 16° | SV | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | S | 7 |
| Reykjavík | 12° | S | 12 |

**ÚRHELLI** Í dag verða sunnan 10-18 m/s og mikil rigning, einkum S-lands síðdegis. Hægari vindur og úrkomulítið NA-til í dag. Hiti 10-20 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk




# Telur lífeyrissjóði geta sótt milljarða til matsfyrirtækja

Kanna ætti hvort grundvöllur er fyrir lífeyrissjóðina til að höfða mál gegn matsfyrirtækjum sem ofmátu stöðu bankanna fyrir hrun, segir varaþingmaður Sjálfstæðisflokks. Fyrirtækin hafa þegar tapað sams konar málum.

**LÍFEYRISMÁL** Íslensku lífeyrissjóðirnir eiga möguleika á að endurheimta tug eða tugi milljarða króna sem þeir töpuðu í hruninu haustið 2008 með því að höfða mál gegn erlendum matsfyrirtækjum.

„Það er ekki bara skynsamlegt heldur líka skylda lífeyrissjóðanna að láta á þetta reyna til fulls,“ skrifar Sigurður Örn Ágústsson, framkvæmdastjóri og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Í greininni rekur Sigurður hvernig hann hefur reynt að aðstoða bandaríska málflutningsstofu við að komast í samband við lífeyrissjóðina og leiða þeim fyrir sjónir það tækifæri sem gæti falist í slíkum málaferlum.

„Lífeyrissjóðirnir hafa að mínu mati sýnt málinu lítinn áhuga,“ skrifar Sigurður.

Stóru matsfyrirtækin þrjú, Standard og Poor's, Fitch Ratings og Moody's, ofmátu öll verulega styrkleika íslensku bankanna fyrir hrun og vanmátu áhættuna sem stjórnendur þeirra tóku. Mat fyrirtækjanna hafði áhrif á hvort verðbréf og skuldabréf voru keypt, seld eða þeim var haldið.

Íslensku lífeyrissjóðirnir töpuðu um það bil fimmtungi eigna sinna í hruninu. Sigurður segir að áætlað sé að um helmingurinn, um 150 milljarðar króna, hafi verið hlutabréf í íslensku bönkunum.

Sigurður segir í grein sinni að matsfyrirtækin hafi að undanförnu tapað málum og samið um bætur við erlend fyrirtæki og sjóði sem hafi sett fram bótakröfur vegna skaðlegrar ráðgjafar fyrirtækjanna fyrir hrun.

Það mun kosta allt að 200 þúsund Bandaríkjadali, tæpar 23 milljónir króna, að fara í saumana á samskiptum matsfyrirtækjanna og lífeyrissjóðanna. Leiði matið í ljós að ekki séu efni til málshöfðunar leggst ekki meiri kostnaður á lífeyrissjóðina, skrifar Sigurður.

Ákveði sjóðirnir að fara í mál þurfi að fjármagna málaferli í Bandaríkjunum, sem geti verið afar kostnaðarsöm og langdregin. Sjóðir sem sérhæfa sig í að fjármagna slík málaferli hafa þegar gefið til kynna að þeir vildu fjármagna málaferlin gegn hlutdeild í ávinningi, skrifar Sigurður.

„Ég hef talað um þetta fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna og fyrirsvarsmanna í lífeyrissjóðakerfinu. Finnst virkilega engum skipta máli hvort hægt sé að endurheimta tug eða tugi milljarða í lífeyrissjóðakerfið?“



> **Finnst virkilega engum skipta máli hvort hægt sé að endurheimta tug eða tugi milljarða í lífeyrissjóðakerfið?**
>
> *Sigurður Örn Ágústsson.*

- bj / sjá síðu 13



**FYLGJAST SPENNTIR MEÐ** Þessir gestir mótsins láta ekki dálitla vætu á sig fá. Talsverð úrkoma var í gær og útlitið ekki sérlega gott fyrir daginn í dag en því er spáð að stytta muni upp um miðja viku. MYND/KARL ÓSKARSSON

Metfjöldi keypti í forsölu:

## Hestafólk óttast ekki vonda spá

**ÍÞRÓTTIR** „Keppnin gengur bara vel,“ segir Hilda Karen Garðarsdóttir, verkefnastjóri Landsmóts hestamanna sem nú stendur yfir á Hellu.

Hilda segir að aldrei hafi selst fleiri miðar í forsölu en fyrir þetta landsmót. Hún óttist ekki að slæmt veður verði til þess að færri kaupi sér miða við innganginn í ár.

„Við höfum lent í ýmsu. Síðasta mót sem var haldið hér á Hellu, til dæmis, byrjaði líka illa hvað veður varðar. Það var samt fjölmennasta mót sem við höfum haldið,“ segir Hilda.

Landsmótið hófst á sunnudag og nær hápunkti um næstu helgi með þéttri dagskrá og skemmtun.

- bá






Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, heimsækir Ísland:

## Keflavík fyrirmynd í A-Evrópu

**VARNARMÁL** Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að reynslan af rekstri varnarsvæðisins í Keflavík eftir að herafli Bandaríkjanna hvarf á brott úr Keflavíkurstöðinni fyrir átta árum sé verið gott fordæmi fyrir aðildarríki NATO í Austur-Evrópu.

„Þetta er ekki hefðbundið fyrirkomulag með fullmannaðri herstöð, heldur rekur Ísland aðstöðu á Keflavíkurflugvelli og Bandaríkjamenn nýta hana tímabundið fyrir alls konar aðgerðir. Við þurfum að vinna líka með þessum hætti í Austur-Evrópu,“ segir Nuland í viðtali við Fréttablaðið í dag. Hún tekur dæmi af herstöðvum í Póllandi og Eistlandi, þar sem Bandaríkin hafa nýlega staðsett flugsveitir vegna átakanna í Úkraínu. Þær séu „rekar mjög í anda Keflavíkur-módelsins“.

Nuland segir að Bandaríkin séu gegnheil í að vilja tryggja öryggi Íslands. „Það hefur ekkert breytzt og varnarsamningurinn frá 1951 stendur óhaggaður. Það sem hefur breytzt er hvernig við vinnum saman í öryggismálum. Ísland rekur varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli, en tekur mikinn og tíðan þátt í samstarfi við Bandaríkin; heræfingum, bæði tvíhliða og í samstarfi við önnur NATO-ríki, á landi, sjó og í lofti, við æfum hvernig hægt sé að nýta varnarsvæðið aftur með skömmum fyrirvara þótt þar sé enginn herafli staðsettur varanlega. Svona á öryggissamstarf að ganga fyrir sig á 21. öldinni og svona erum við að byrja að vinna með öðrum NATO-ríkjum. Ég held því þess vegna fram að þetta samstarf Bandaríkjanna og Íslands sé brautryðjendastarf.“



> **Svona á öryggissamstarf að ganga fyrir sig á 21. öldinni.**
>
> *Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna.*

- óþs / sjá síðu 10




## SPURNING DAGSINS



„Oddur Helgi, er mikið stuð í raforkuflutningunum?“

**Já, og ég jarðstrengi þau heit að koma stuðinu til allra.**

Deilt er um raforkuflutninga til Eyjafjarðar eftir að forstjóri Landsnets sagði sveitarfélögin draga lappirnar. Oddur Helgi Halldórsson, fráfarandi bæjarfulltrúi á Akureyri, er talsmaður þess að raflínur fari í jörð.

Djúpri lægð sem gengur yfir landið fylgir mikil rigning á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi:

# Spáð er roki og rigningu fram undir helgi

**VEÐUR** Ekki verður hundi út sigandi ef veðurspá Veðurstofu Íslands rætist í dag.

„Það er djúp lægð að ganga yfir landið. Það hvessir og úrkoma eykst sunnan- og suðvestanlands eftir því sem líður á morguninn,“ segir Hrafn Guðmundsson veðurfræðingur. Það verður talsverð rigning á höfuðborgarsvæðinu og síðdegis er gert ráð fyrir úrhellisrigningu sunnanlands.

Þar sem spáð er miklu vatnsveðri geta ár og lækir bólgnað upp og ferðalöngum er bent á að fara með mikilli gát.

„Það verður hvasst við fjöll í hviðum, sterkustu vindhviðurnar geta orðið 35 til 40 metrar á sekúndu,“ segir Hrafn. Menn ættu að hafa varann á, sérstaklega ef þeir draga hjólhýsi, kerrur eða tjaldvagna.

Í dag er gert ráð fyrir að hitinn verði á bilinu 12 til 20 stig, hlýjast verður norðaustanlands.

Spáin er slæm næstu daga. Á miðvikudag snýst vindur í vestan- og norðvestanátt, spáin gerir ráð fyrir 8 til 15 metrum á sekúndu. Rigningu er spáð norðan- og norðvestanlands en skúrum á höfuðborgarsvæðinu. Hitastigið verður á bilinu 12 til 15 stig.

Það á svo að stytta upp sunnan- og suðvestanlands á föstudag, en þá snýst vindur í norðanátt. Við það kólnar heldur og spáð er 7 til 15 stiga hita, hlýjast verður syðst á landinu. - jme



**RIGNING Í KORTUNUM** Ef veðurspáin gengur eftir verður ausandi rigning í dag á höfuðborgarsvæðinu og úrfelli sunnanlands síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**MÓTMÆLTU** Mótmælendur úr samtökum fólks sem mælir með réttindum fósturs til lífs stóðu fyrir utan dómstólinn með rautt límband fyrir munninum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fyrirtækjaeigendur ekki skyldaðir til að greiða fósturlátslyf:

## Mega stjórna samkvæmt trú sinni

**BANDARÍKIN, AFP** Tímamótadómur féll í Hæstarétti Bandaríkjanna í gær þegar dæmt var á þann veg að ekki væri hægt að skylda atvinnurekendur til að borga fyrir starfsmenn sína lyf sem framkalla fósturlát.

Ríkisstjórn Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, hafði áður reynt að koma fyrrnefndri reglu á. Sögðust forsvarsmenn hennar þess fullvissir að dómstóllinn myndi dæma þeim í hag og láta regluna halda sér. Dómstóllinn taldi regluna hins vegar ganga í berhögg við stjórnarskrárverndaðan rétt eigenda fyrirtækja til að stýra eigin fyrirtæki í samræmi við trúarskoðanir sínar. - nej

Fagna flutningi Fiskistofu:

## Vilja að horft sé til Vestfjarða

**ÍSAFJÖRÐUR** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um að flytja Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar.

Vill bæjarráð koma því áleiðis að enginn starfsmaður Fiskistofu sé staðsettur á Ísafirði þrátt fyrir áætlanir um að styrkja starfsemina á svæðinu. Bæjarráð hvetur stjórnvöld til að horfa til Vestfjarða þegar flytja eigi störf út á land til að styrkja vestfirskar byggðir.

„Vestfirðir eru sá landshluti þar sem fólksfækkun hefur orðið hvað mest og er nauðsynlegt að grípa til alvöru byggðaaðgerða,“ segir í ályktun bæjarráðsins. - sa

Framburður ótrúverðugur:

## Sýknaður af nauðgun í Eyjum

**DÓMSMÁL** Maður sem ákærður var fyrir að hafa nauðgað sautján ára stúlku á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum 2012 var í gær sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands.

Framburður stúlkunnar fyrir dómi var ekki talinn trúverðugur. Hún mundi ekki eftir öllum atvikum kvöldsins sem nauðgunin átti að hafa átt sér stað vegna áfengisneyslu. Það sama er að segja um þau sautján vitni sem komu fyrir dóm. Dóminum þótti tortryggilegt að stúlkan hefði í tvígang tekið fram við skýrslutöku hjá lögreglu að hún væri ekki að segja ósatt. - nej



**PRÚÐBÚNIR GESTIR** Hér eru þau Bjarnveig Guðbjartsdóttir og Robert Orr en hann er einn forsprakka félagsskaparins Seattle Steam Rats og er nú sendiherra Bíldalíu í Washington-ríki.

# Gufupönkhátíð hin fyrsta bjargaðist

Um fjögur hundruð manns komu saman á Bíldudal á fyrstu gufupönkhátíðinni sem haldin hefur verið á hér á landi. Skipuleggjandi segir allt hafa farið úrskeiðis en síðan verið bjargað fyrir horn. Bíldalía er nú aftur orðin að Vesturbyggð.

**MANNLÍF** Bíldudalur minnti um margt á sögusvið ævintýra frá 19. öld um síðustu helgi en þá bjuggu gestir sig upp fyrir svokallaða gufupönkhátíð en gufupönkið sækir andagiftina í Viktoríutímabilið og hugmyndaheim höfunda eins og Jules Verne og H.G. Wells. Þetta er fyrsta slíka hátíðin sem haldin er hér á landi.



**INGIMAR ODDSSON**

Ingimar Oddsson, skipuleggjandi hennar, segir að um fjögur hundruð manns hafi verið á hátíðinni á laugardag þegar leikar stóðu sem hæst en um 150 manns búa á Bíldudal.

„Þetta reddaðist alveg með ólíkindum,“ segir Ingimar. „Það fór eiginlega allt úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis svo þetta voru ekkert nema endalausar reddingar og þar sem þetta er lausnamiðað fólk náðist að kippa öllu í liðinn.“ Aðspurður um áföllin segir hann sem dæmi að gufupönkmunir sem selja átti á markaðnum fyrir vestan hafi orðið eftir í Reykjavík.

„Meira að segja hatturinn minn er enn í borginni,“ segir Ingimar sem farinn er að brosa að áföllunum.

Meðal gesta voru forsprakkar gufupönksamtakanna Seattle Steam Rats en einn þeirra er nú orðinn sendiherra Bíldalíu í Washington-ríki en Bíldalía er nafnið sem Vesturbyggð ber meðan á hátíðinni stendur. Meðal atburða voru skrímsladansleikur í gotneskum stíl, karnivalhátíð og krýning konungs og drottningar Bíldalíu. Eins brá Elfar Logi Hannesson leikari sér í hlutverk skrímslafræðings og kynnti gestum hátterni þeirra og eðli.

Ingimar segir að stefnt sé að annarri hátíð á næsta ári. „Já, það er markmiðið. Þetta er bara byrjunin,“ segir hann.

Hann segist hafa í upphafi ætlað að fá loftfar þangað vestur en hætt við þegar ljóst var að kostnaður við slíkt slagaði upp í feitan útgjaldalið á ríkisfjárlögum.

jse@frettabladid.is




Erlendir makar Íslendinga verða að hafa búið hér á landi í ákveðinn tíma:

# Þriggja ára búsetutími skilyrði

**SAMFÉLAGSMÁL** Erlendur maki Íslendings þarf að uppfylla sambærileg skilyrði og aðrir útlendingar sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt, að því undanskildu að skilyrði um búsetutíma hér á landi er þrjú ár frá stofnun hjúskapar í stað almenns búsetuskilyrðis sem er sjö ár.

Þetta kemur fram í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni, þingmanni Samfylkingar. Össur spurði Hönnu Birnu hvaða skilyrði erlendur maki Íslendings þyrfti að uppfylla til að fá íslenskan ríkisborgararétt.

Í svari Hönnu Birnu kemur enn fremur fram að umsækjandi verði að uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun og hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt, nema umsækjandi sé undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

Samkvæmt útlendingalögum er útlendingi, sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi og haft dvalarleyfi samfellt í þrjú ár frá stofnun hjúskapar, heimilt að dvelja hér á landi án dvalarleyfis. - jme



**INNANRÍKISRÁÐHERRA** Hanna Birna Kristjánsdóttir segir að erlendir makar Íslendinga verði að hafa búið hér í þrjú ár til að fá ríkisborgararétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2013

40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**214.000** krónur eru lágmarkslaun í landinu.

Þau hafa hækkað verulega síðasta áratuginn, voru 100.000 krónur um mitt ár 2004.

*Heimild: ASÍ*

Herferð Kínaforseta gegn spillingu virðist hluti af valdatafli kommúnista:

# Háttsettur hershöfðingi rekinn

**KÍNA, AP** Háttsettur hershöfðingi í kínverska alþýðuhernum hefur verið rekinn úr Kommúnistaflokknum og verður væntanlega sóttur til saka fyrir að þiggja mútur. Þrír aðrir háttsettir meðlimir flokksins hafa einnig verið reknir úr honum.

Xu Caihou, fyrrverandi varaformaður hernaðarráðs Kommúnistaflokksins sem stýrir her landsins, er sakaður um að hafa þegið peninga og eignir í mútur. Í skiptum fyrir þær er hann sagður hafa veitt stöðuhækkanir og aðra greiða.

Xi Jinping, forseti Kína, hét því þegar hann komst til valda árið 2012 að berjast gegn spillingu innan stjórnkerfisins.

Xi er þó sagður nota spillingarákærur í valdatafli við meðlimi Kommúnistaflokksins sem eru hallir undir Zhou Yongang, sem hefur mikil áhrif innan flokksins þótt hann sé formlega sestur í helgan stein. Orðrómur er uppi um að Zhou sé í varðhaldi. **-bj**



**REKINN** Xu Caihou var háttsettur hershöfðingi og áhrifamikill innan Kommúnistaflokksins í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vesturbyggð gleðst yfir styrk:

## Látrabjarg fær 14 milljónir

**VESTURBYGGÐ** Bæjarráð Vesturbyggðar fagnar fjórtán milljóna króna styrk frá atvinnuvegaráðuneytinu.

Fjárstyrkurinn á alfarið að renna til Látrabjargs. Þar stendur til að hefja framkvæmdir við göngustíga og tryggja öryggi á staðnum.

Styrkurinn er sagður samræmast því hlutverki atvinnuvegaráðuneytisins að styðja við uppbyggingu á ferðamannastöðum. **-nej**



**FISKUR** Sjómaður verkar þorsk á Ísafirði. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ákærir tvö fiskveiðifyrirtæki:

## Brutu lög um fiskveiði í fyrra

**VESTFIRÐIR** Fiskveiðifyrirtækin Iceland ProFishing ehf. á Flateyri og Glað ehf. í Bolungarvík hafa bæði verið ákærð fyrir brot á fiskveiðilögum. Frá þessu greinir á vef BB.

Báðum er gefið að sök að hafa landað afla án tilskilinna leyfa. Meðal annars segir í ákæru lögreglustjórans á Vestfjörðum að Iceland ProFishing hafi í fyrrahaust landað rúmlega 300 kílóum af þorski án frístundaveiðileyfis. **-nej**

Ísrael kennir Hamas um:

## Drengirnir þrír fundust látnir

**JERÚSALEM, AP** Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, segir að skæruliðasamtökin Hamas verði látin gjalda fyrir dauða þriggja ísraelskra unglingsstráka sem rænt var fyrir tveimur vikum.

Stjórnvöld í landinu tilkynntu í gærkvöldi að lík ungmennanna væru fundin. Netanyahu fullyrðir að Hamas-samtökin beri ábyrgð á morðunum. Í tilkynningu forsætisráðherrans segir hann að drengirnir hafi verið „myrtir með köldu blóði af villidýrum“.

Öryggisráð Ísraels kom saman seint í gær vegna málsins. **-bá**

# Vottuðu og óvottuðu kjöti blandað saman

Upplýsingar skortir fyrir neytendur um hvernig staðið er að framleiðslu á því lambakjöti sem fæst í verslunum. Sauðfjárbændur segja að sérmerkingar á kjöti strandi á sláturhúsunum. Neytendur verði að kalla eftir auknum upplýsingum.

**NEYTENDAMÁL** Lambakjöt úr gæðastýrðri framleiðslu er ekki sérstaklega merkt í verslunum. Það þýðir að neytendur vita ekki hvernig eftirliti hefur verið háttað við framleiðslu á kjötinu sem þeir kaupa. 7,3 prósent af lambakjöti á markaði koma ekki frá gæðastýrðum býlum.



**ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON**



**STEINÞÓR SKÚLASON**

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að sauðfjárbændur vilji gjarnan sérmerkja kjöt sem kemur frá gæðastýrðum býlum. Það strandi á vilja sláturhúsanna sem hafi hingað til blandað kjöti saman án aðgreiningar. „Sláturleyfishafarnir kaupa af okkur kjötið. Eftir að þeir hafa keypt vöruna er erfiðara fyrir okkur bændur að hafa bein áhrif á það hvernig henni er ráðstafað.“

Þórarinn segir að mikilvægt sé að neytendur komi kröfum sínum um merkingu á vörum á framfæri. „Sauðfjárbændur vilja koma til móts við neytendur eins og mögulegt er. Ef krafan frá neytendum kemur almennilega fram þá er ekkert annað í stöðunni en að bregðast við.“

Þeir bændur sem ekki fylgja gæðastýringu eru í minnihluta. Sérstakar greiðslur, rúmlega 156 krónur á kílóið, leggjast ofan á framleiðslu þeirra sem fylgja gæðastýringu og með þeim hætti hafa bændur verið hvattir til að taka þátt í kerfinu. Gæðastýringarálagið nemur um fjórðungi af tekjum sauðfjárbænda.

Þórarinn segir að þeir sem ekki fylgi gæðastýringu hafi ýmist ekki áhuga á því sem henni fylgir, svo sem aukinni skriffinnsku, eða uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til að hljóta vottunina.

Steinþór Skúlason, varaformaður Landssamtaka sláturleyfishafa og forstjóri SS, segir að þrátt fyrir að sum býli fylgi ekki gæðastýringu þýði það ekki að gæði kjötsins séu minni. „Varan er metin í sláturhúsi gegnum kjötmat og eftirlit dýralækna. Ég hef ekki séð neinn halda því fram að það sé gæðamunur á afurðunum. Þetta snýst fyrst og fremst um að stuðla að betri búskaparháttum.“

Steinþór segir að engin umræða hafi verið um að merkja kjöt frá gæðastýrðum býlum sérstaklega. „Það er spurning hvað yrði gert við ógæðastýrt kjöt. Staðan er sú að þú færð enga verslun til að taka inn kjöt sem væri merkt ógæðastýrt.“



**LAMBAKJÖT Á DISKINN MINN** Ómögulegt er að segja til um hvort þessar kindur eru aldar við gæðastýrðan landbúnað eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### TILGANGUR GÆÐASTÝRINGAR AÐ BÚA BETUR

Gæðastýringu í sauðfjárrækt var komið á með reglugerð árið 2000. Það sem vegur þyngst í gæðastýringu er krafan um skynsamlega nýtingu beitilands. Við kaup á gæðastýrðu kjöti er því hægt að ganga að því vísu að við framleiðsluna hafi ekki verið gengið of nærri landinu með ofbeit. Þess er krafist að bændur skili inn upplýsingum um lyfjanotkun og veikindi dýra sem og áburðarnotkun á tún og fóðurmagn til skepnanna.

Forval í hönnunarsamkeppni:

## Fá 1,2 milljónir fyrir þátttöku

**SKIPULAGSMÁL** Sveitarfélagið Rangárþing ytra hefur nú efnt til forvals fyrir hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Landmannalaugasvæðisins.

„Það verður reynt að hafa gott yfirbragð og góðan faglegan blæ á þessu öllu saman,“ sagði Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti sveitarfélagsins, í samtali við Fréttablaðið í maí þegar fyrst var greint frá keppninni. Sérstök dómnefnd velur teymin og gætir fyllsta trúnaðar.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí og verða 3–4 hópar valdir. Fá þeir allir 1,2 milljónir fyrir þátttöku sína. Nánari upplýsingar má finna á honnunarmistod.is. **-nej**



**VERKAMENN AÐ STÖRFUM** Búist er við að áfram dragi úr atvinnuleysi á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

4,9 prósenta atvinnuleysi í ár:

## Atvinnuleysið minnkar enn

**ATVINNA** Atvinnuleysi á Íslandi minnkar stöðugt samkvæmt Hagfræðideild Landsbankans. Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun hefur atvinnuleysi minnkað um 0,9 prósent á einu ári. Þannig var skráð atvinnuleysi 4,5 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs miðað við 5,4 prósenta atvinnuleysi í fyrra.

Hagfræðideildin spáir því að „atvinnuleysið haldi áfram að minnka, en hægar en verið hefur“, eins og segir í Hagsjá, riti Hagfræðideildarinnar. **-nej**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Friedrichshafen | 24° | New York | 29° |
| Aþena | 32° | Gautaborg | 18° | Orlando | 32° |
| Basel | 25° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 20° |
| Berlín | 19° | Las Palmas | 27° | París | 22° |
| Billund | 19° | London | 21° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 23° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 17° |

**Á MORGUN**
10-18 m/s.




**MIÐVIKUDAGUR**
10-15 m/s, hægari NA-til.




**VATNAVEXTIR** Gríðarlega mikil rigning fylgir lægðinni sem er nú við landið og það einkum við sunnan- og vestanvert landið og er varað við miklum vatnavöxtum. Á morgun fer að rigna fyrir norðan en styttir smám saman upp sunnan heiða.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Hyundai i30 Classic** IOP15
Skráður júní 2013, 1,4TDi dísil, beinsk.
Ekinn 17.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.




**Tilboð: 4.480.000 kr.**

**Lincoln Navigator** Luxury EL 4x4 BIP66
Skráður nóv. 2007, 5,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 96.000 km.
Ásett verð: 4.880.000 kr.




**Tilboð 2.850.000 kr.**

**Ford Focus Trend** ZIY49
Skráður febr. 2012, 1,6TDi bensín, beinsk.
Ekinn 31.000 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr.




**Tilboð: 4.090.000 kr.**

**Suzuki Grand Vitara** Premium AWD OEP47
Skráður des. 2011, 2,4i bensín, sjálfsk.
Ekinn 22.000 km.
Ásett verð: 4.390.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 1.090.000 kr.**

**Chevrolet Spark** LSV41
Skráður apríl 2011, 1,2i bensín, beinsk.
Ekinn 65.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Audi A6** UZ308
Skráður febrúar 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 137.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.



**Verð: 1.090.000 kr.**

**Ford Escape XLS AWD** AH072
Skráður maí 2005, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 78.000 mílur.

## FINNDU BÍLINN ÞINN

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

## TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.




**Tilboð: 1.890.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** NV751
Skráður maí 2007, 4,0i V6 bensín, sjálfsk.
Ekinn 110.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.




**Tilboð: 1.320.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** NH054
Skráður okt. 2006, 3,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 81.000 mílur.
Ásett verð: 1.450.000 kr.




**Tilboð: 5.390.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 5.790.000 kr.




**Tilboð: 1.150.000 kr.**

**Toyota RAV AWD langur** RA608
Skráður febr. 2004, 2,0i bensín, beinsk.
Ekinn 150.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.




**Tilboð: 1.890.000 kr.**

**Toyota Auris Terra** MXJ73
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.
Ekinn 70.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr.




**Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Kia Sorrento EX AWD** SN967
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 140.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.




**Tilboð: 1.390.000 kr.**

**Hyundai I30 Classic** NKL79
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.
Ekinn 123au.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða heimsfrægi kanadíski tónlistarmaður kemur til Íslands í ágúst?
**2.** Hvaða nýja krabbategund er að leggja undir sig Íslandsstrendur?
**3.** Hvaða þjóð í Austur-Asíu skaut tveimur eldflaugum á loft á sunnudag?

**SVÖR**

**1.** Bryan Adams. **2.** Grjótkrabbi. **3.** Norður-Kórea.

Forstjóri Landsnets svarar ummælum Odds Helga Halldórssonar sem hann lét falla á ársfundi AFE

# Bíður enn eftir fundi með sveitarfélögum

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, segir afar leiðinlegt að einn af valdamestu sveitarstjórnarmönnum á Akureyri síðustu fjögur ár skuli saka hann um að segja ekki sannleikann um samskipti sveitarfélaganna við Landsnet. Þórður hafi í sínu máli sagt satt og rétt frá og ef menn séu ósáttir við orð hans verði það bara að vera svo.

„Mér finnst hálfleiðinlegt að Oddur skuli taka svona til orða, ég sé ekki hvers vegna í ósköpunum ég ætti að vera að segja ósatt, ég hef sagt satt og rétt frá.“

Hann segir að sveitarfélögin hafi ætlað að vinna sameiginlega að lausn á vandamálum raforkuflutninga. Haldinn hafi verið fundur fyrir um ári og þá ætluðu menn heim í hérað og vinna hlutina í sameiningu og boða svo til fundar með Landsneti.

„Ég er á þeirri skoðun að sveitarfélögin hafi dregið lappirnar því að menn ætluðu að boða aftur til fundar með Landsneti en ekkert hefur gerst. Við höfum bæði beðið um fund með sveitarfélögum skriflega sem og í töluðu máli. Í dag hefur enn enginn fundur verið boðaður. Þetta er svona dæmi um það að menn hafi verið að draga lappirnar. Það kom svo sem fram í orðum Odds að hann vildi hjálpa til við að ná Blöndulínu með jarðstreng, en það er ekki hægt að ákveða það einhliða,“ segir Þórður Guðmundsson. -sa



**ÞÓRÐUR GUÐMUNDSSON** forstjóri Landsnets




# Ættu að lesa áætlun sem þeir samþykktu

Sigurður Ingi Jóhannsson gefur lítið fyrir þau mótmæli sem hafa heyrst frá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Hann telur þetta eðlileg viðbrögð þingmanna höfuðborgarsvæðisins. Hann biðlar til þeirra að lesa stjórnarsáttmálann betur.

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segist ánægður með flutning Fiskistofu til Akureyrar. Hann telur þau mótmæli sem hafa komið innan úr röðum þingflokks Sjálfstæðisflokksins vera eðlileg í ljósi þess hversu viðkvæmt málið sé.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

„Mér finnst þetta vera eðlileg viðbrögð þingmanna á höfuðborgarsvæðinu. Það sem hins vegar skiptir mestu máli er að þetta er í samræmi við stjórnarsáttmálann þar sem skýrt er kveðið á um flutning opinberra starfa eða að heilu stofnanirnar verði fluttar á landsbyggðirnar. Einnig er farið yfir þetta í byggðaáætlun sem var samþykkt á síðasta þingi,“ segir Sigurður Ingi.

„Ég vil bara segja við þá þingmenn að lesa stjórnarsáttmálann og fara þá betur yfir þá byggðaáætlun sem þeir samþykktu.“

Þegar Sigurður var spurður út í dóm Hæstaréttar um ólögmæti flutnings Landmælinga fyrir síðustu aldamót og hvort ráðuneytið hefði kannað þá stöðu sagði hann málið vera í skoðun.

„Við förum yfir þennan dóm í morgun. Munurinn er sá núna að við höfum átján mánuði upp á að hlaupa ef við þurfum að fara með málið fyrir Alþingi og fá heimild þingsins til að flytja stofnunina. Aðalatriðið er að nú er hafin vinnan og starfsmenn verða hafðir með í ráðum. Það skiptir mestu máli,“ segir ráðherrann.

Að sögn Sigurðar hófst skoðun strax síðastliðið sumar innan hans ráðuneytis á því hvaða stofnanir væru best til þess fallnar að færa frá höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina. Þegar menn höfðu kannað þetta mál gaumgæfilega og velt fyrir sér öllum hugmyndum varð niðurstaðan sú að Fiskistofa væri færasti kosturinn vegna eðlis starfsemi stofnunarinnar. 80 prósent starfsemi sjávarútvegsins fara fram á landsbyggðinni. Sigurður vildi þó árétta að eftir sem áður yrðu starfstöðvar Fiskistofu vítt og breitt um landið. „Reykjavíkurhöfn er stærsta útgerðarhöfn landsins og því verður öflugt starf Fiskistofu ennþá á höfuðborgarsvæðinu, það segir sig sjálft,“ segir hann.

Þegar Sigurður var spurður út að því hversu mörg störf þetta séu sem verði færð frá Hafnarfirði til Akureyrar gat hann ekki sagt nákvæmlega til um það. „Við höfum verið að skoða það, að þetta verði á bilinu 30 til 35 störf. 40 störf yrðu algjört hámark að okkar mati.“

sveinn@frettabladid.is



**AKUREYRI** Allt að 40 störf munu flytjast með Fiskistofu til Akureyrar í lok næsta árs.

## Starfsfólk mótmælir áformum harðlega

Starfsfólk Fiskistofu sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem það mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar um að flytja stofnunina til Akureyrar. Það telur ákvörðun af þessu tagi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu að minnsta kosti 62 starfsmanna og fjölskyldna þeirra og kallar aðferðafræðina við kynningu flutningsins leifturárás.

„Engin rök eru enn fram komin sem hníga til þess að ná megi fram fjárhagslegum ávinningi, eða hagræðingu með flutningi stofnunarinnar. Þvert á móti má búast við að kostnaður við flutningana geti verið mun meiri en látið er í veðri vaka. Sá mannauður sem stofnunin býr yfir virðist einskis metinn,“ segir í tilkynningunni.

Starfsmenn Fiskistofu telja að vafi kunna að leika á því hvort flutningur stofnunarinnar standist heimildir í lögum og vænta þess að starfsmenn muni verja rétt sinn í þeim efnum.

„Forsætisráðherra hefur lýst því yfir í fjölmiðlum að til skoðunar sé að flytja fleiri stofnanir út á land. Má af því ráða að starfsöryggi fjölda annarra starfsmanna opinberra stofnana sé nú þegar að engu orðið, heldur háð geðþóttaákvörðunum valdamanna, sem minna fremur á vinnubrögð í alræðisríkjum, en það sem við væri að búast í nútímalegu lýðræðislegu samfélagi,“ segir enn fremur í yfirlýsingu starfsmanna Fiskistofu.

## Ekki kynnt sjálfstæðismönnum

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir þetta ekki hafa verið kynnt þingflokki Sjálfstæðisflokksins. „Þetta hefur ekki verið kynnt okkur. Ég á eftir að fá að sjá röksemdir fyrir þessari tilhögun og útfærsluna á þeim. Á þessu stigi málsins vil ég ekki segja meira um þetta mál,“ segir Birgir.








**VIKING JOLLY STÍGVÉL**
Stærðir 21–35
**4.990 KR.**



**DIDRIKSONS SPLASHMAN**
Stærðri 21–35
Einnig til í gulu.
**5.990 KR.**



**VIKING CHELSEA JR. STÍGVÉL**
Stærðir 28–39
**6.500 KR.**



**VIKING KICKS GÚMMÍSKÓR**
Stærðir 30–41
**9.990 KR.**



**DIDRIKSONS SKUTEVIK REGNJAKKI**
Stærðir 34–46
**17.990 KR.**



**DIDRIKSONS MAIN REGNSETT**
KVK stærðir 36–44
KK stærðir S–3XL
Einnig til í gulu, svörtu og bleiku.
**14.990 KR.**



**VIKING FOXY STÍGVÉL**
Stærðir 36–42
**9.990 KR.**



**DIDRIKSONS SKUTEVIK REGNJAKKI**
Stærðir XS–XXL
**17.990 KR.**



**DIDRIKSONS ORION GÖNGUBUXUR**
Stærðir 36–46
**19.990 KR.**



**VIKING GÚMMÍSKÓR**
Stærðir 36–47
**4.990 KR.**



**DIDRIKSONS OLIVIA KÁPA**
Stærðir 34–46
**23.990 KR.**



**DIDRIKSONS MAIN REGNSETT**
Barnastærðir 120–170
**12.990 KR.**



**DIDRIKSONS BOARDMAN REGNSETT**
Stærðir 80–130
**13.990 KR.**

**DIDRIKSONS REGNVETTLINGAR**
Ýmsir litir í boði.
**1.990 KR.**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 141768

Ráðning seðlabankastjóra:

## Lögreglustjóri í matsnefndinni

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaráðherra hefur skipað í nefnd sem mun meta hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, verður formaður nefndarinnar sem einnig er skipuð Guðmundi Magnússyni, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, og Ólöfu Nordal lögfræðingi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur lýst því yfir að hann muni sækja um að nýju. **-bá**

Líklegt er að Íslendingar séu of fáir til að erlendir aðilar á borð við Netflix bjóði þjónustu sína hér:

# Samkeppnisstaða í streymiþjónustu ójöfn

**NEYTENDUR** Smæð hins íslenska markaðar er talin það sem helst stendur í vegi fyrir því að löglegar þátta- og kvikmyndaveitur veiti aðgang að efni sínu hér á landi. Þetta kemur fram í skýrslu rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu.

Hlutverk rýnihópsins var að greina hindranir í vegi fyrir því að íslenskir notendur fái aðgang að sams konar streymiþjónustu, til að mynda í gegnum Netflix eða Hulu, og stendur íbúum annarra norrænna landa til boða. En í skýrslunni segir að ekki hafi fengist skýringar á því hvers vegnar stórar erlendar efnisveitur hafi lítinn sem engan áhuga á að bjóða þjónustu sína hér á landi. Hópurinn veltir upp ákveðnum hugmyndum en ástæðurnar gætu verið þær að nú þegar hafa um 20 þúsund heimili aðgang að Netflix eða hversu lítill markaðurinn er hér á landi.

„Það er álitamál hvort það hafi fælandi áhrif á aðra aðila, innlenda og erlenda, sem hyggjast bjóða upp á slíka þjónustu hér á landi, því þeir hafa ekki jafna samkeppnisstöðu gagnvart þessum veitum,“ segir í skýrslunni.

Þar er bent á að fyrrnefndar erlendar veitur greiði ekki skatta hér á landi og þurfi ekki að fylgja íslenskum lögum. Þar má nefna að íslensk lög gera þá kröfu að allt efni sé talsett eða textað á íslensku. **-nej**



**ÓLÖGLEGT** Það er ólöglegt að sækja kvikmyndir á netinu ef veitur hafa ekki veitt formlegan aðgang. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HÚSLEIT** Lögregla heldur enn hluta gagna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fá ekki gögn úr húsleitinni:

## Lögreglan enn að rannsaka

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær kröfu Samherja og tengdra aðila um að lögregla skilaði gögnum úr húsleit hjá fyrirtækinu 27. mars 2012.

Dómari sagði lögreglu ekki þurfa að afhenda gögnin því rannsókn málsins stæði enn. Sérstakur saksóknari segir búið að skila yfir 90 prósentum af gögnunum.

Samherji hefur kært Ingveldi Einarsdóttur hæstaréttardómara fyrir að heimila umrædda húsleit sem var hluti af rannsókn Seðlabanka Íslands á meintum brotum á gjaldeyrislögum. **-ih**

# Flúði hagræðingu til Noregs

**Íslenskir sjómenn sjá tækifæri á að komast inn í útgerðarkerfið í Noregi. Einn þeirra gerir út átta tonna bát í Norður-Noregi. Hann er feginn því að losna við græðgina og hina svokölluðu hagræðingu sem sé fáum í hag.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Íslenskir sjómenn sem reynt hafa að stíga ölduna í minni útgerðum hér á landi virðast nú hafa fundið fjölina sína í Noregi.

Einn þeirra er Jón Páll Jakobsson sem keypti sér átta tonna bát í mars síðastliðnum og gerir hann nú út á ýsuveiðar í Bátsfirði skammt frá landamærum Rússlands. „Ég veit að minnsta kosti um sex aðra Íslendinga sem eru að koma ár sinni fyrir borð í Noregi rétt eins og ég,“ segir hann.

Jón Páll hafði reynt um langt skeið að starfrækja litla útgerð frá Vestfjörðum en eins hefur hann unnið lengi sem stýrimaður og skipsstjóri.

„Ég stunda reyndar ennþá rækjuveiðar í Arnarfirði, ég fékk níu daga á þessu fiskveiðiári svo það er nægur tími til að gera eitthvað annað,“ segir Jón.

Varðandi tækifæri fyrir minni útgerðir hér á landi segist hann hugsanlega geta veitt fyrir fjórar milljónir í íslenska kerfinu á sumarvertíðinni en takmark hans er að veiða fyrir 20 milljónir íslenskra króna á sumarvertíðinni í Bátsfirði.

„Hér er mikið um trillukarla og ég get ekki betur séð en að þeir hafi það gott. Þannig að ég kann óskóp vel við mig hérna. Maður verður ekki var við þessa græðgi sem svo mjög er við lýði heima þar sem allt þarf að vera svo mikið og stórt. Það er líka gott að fá hvíld frá þessari svokölluðu hagræðingu sem er guðspjall hvers einasta dags heima en það fylgir ekki því fagnaðarerindi fyrir hverja hagræðingin er. Þeir virðast ekki vera svo margir,“ segir hann.

Sjómennskuna hefur Jón Páll stundað í Noregi síðustu ár og því verið skráður þar sem fiskimaður og sem slíkur átti hann þess kost að fá byrjendakvóta sem er afar rúmur. Hann keypti bátinn, sem ber nafnið Jakob, fyrir um átta milljónir íslenskra króna en hefur svo þurft að lagfæra hann fyrir eina og hálfa milljón.

Þegar hausta tekur mun Jón Páll færa sig suður og hefja þorskveiðar við Lófóten-eyjaklasann. Svo er stefnan tekin í Arnarfjörð fyrir þá fáu daga sem gefast til rækjuveiða.

Jón Páll hefur marga fjöruna sopið í sjómennskunni hérlendis. Hann var til dæmis skipstjóri á Hallgrími sem síðar fékk einkennisstafina SI 77, en það skip sökk eins og alþjóð veit utan við Noreg árið 2012 og fórust þrír menn með því. **jse@frettabladid.is**



**JAKOB BUNDINN VIÐ NORSKAN KÆJA** Þetta fley færir Jóni Páli tækifærin sem hann leitaði að á Íslandi.


## Birting lýsingar

**Útgefandi:** Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing, kennitala 570909-9320, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.

**Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing** hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn VEDS1 14 01 verði tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Lýsingin er dagsett 30. júní 2014 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu og aðgengileg á slóðinni http://virdingsjodir.is/sjodir á vefsíðu Rekstrarfélags Virðingar hf., kt. 531109-2790, Borgartúni 29, 105 Reykjavík, sem er rekstraraðili sjóðsins. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 10.800.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er VEDS1 14 01. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000024768. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 20.000.000 kr. að nafnverði.

*Nánari upplýsingar um **Veðskuldabréfasjóðinn Virðingu** og skuldabréfaflokkinn VEDS1 14 01 má finna í lýsingu sjóðsins. Umsjónaraðili töku skuldabréfa Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. er Virðing hf., kt. 561299-3909, Borgartúni 29, 105 Reykjavík.*

Rekstrarfélag Virðingar
Sími 571 6140 og 571 6142 | sjodir@virdingsjodir.is | www.virdingsjodir.is

VIRÐING
REKSTRARFÉLAG




**FAGNAÐ** Stuðningsmenn ISIS í írösku borginni Mósúl fögnuðu yfirlýsingu samtakanna um stofnun kalífadæmis ef marka má myndir sem samtökin sendu frá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ISIS lýsir yfir stofnun nýs ríkis í Austurlöndum:

## Blendin viðbrögð við stofnun kalífadæmis

**ÍRAK, AP** Samtökin Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær, ISIS, lýstu því yfir í gær að þau hefðu stofnað kalífadæmi á landi sem tilheyrir Sýrlandi og Írak. Í kjölfarið lýstu samtökin því yfir að þau hefðu skipt um nafn og myndu hér eftir heita Íslamska ríkið.

Samtökin hafa haft það sem yfirlýsta stefnu sína að stofna kalífadæmi og hafa nú stigið skrefið til fulls. Í yfirlýsingu samtakanna segir að leiðtogi þeirra, Abu Bakr al-Baghdad, hafi verið útnefndur kalífi og verði hér eftir kallaður Ibrahim kalífi.

Viðbrögð við þessari yfirlýsingu voru blendin. Stuðningsmenn samtakanna fögnuðu gríðarlega, en stjórnvöld í Írak og Íran fordæmdu hana harðlega.

Sérfræðingar í málefnum svæðisins telja þetta geta haft slæm áhrif á samband ISIS við hópa hófsamari súnníta sem gert hafa bandalag við ISIS gegn stjórnvöldum í Írak.

Sjaría-lög verða í gildi í kalífadæminu. Í borginni Raqqa í Sýrlandi, sem lengi hefur verið undir yfirráðum ISIS, er tónlist bönnuð, konur þurfa að hylja sig og kristnir þurfa að greiða sérstakan skatt. Þá hafa aftökur verið framkvæmdar á aðaltorgi borgarinnar. **- bj**


Veiði LAGERINN outlet
MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR
FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS
2.995,-
ÓDÝRT
Mikið úrval !
VEIÐIVESTI
FRÁ
1.995,-
TILBOÐ
VESTI Á MYND KR. 4.995,-
VERÐ FRÁ
299,-
ÓDÝRT
SPÚNAR
Frábært úrval.
BEITAN Í VEIÐIFERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL
TILBOÐ
AÐEINS FRÁ
14.995,-
ÖNDUNARVÖÐLUR
Mikið úrval!
ÓDÝRT
AÐEINS
12.995,-
DAM TASLAN VÖÐLUR
AÐEINS
16.995,-
ÓDÝRT
RON THOMPSON
NEOPRENVÖÐLUR
VERÐ FRÁ
4.995,-
TILBOÐ
FLUGUHJÓL
Gott úrval.
AÐEINS FRÁ
9.995,-
TILBOÐ
VATNSHELDIR
VEIÐIJAKKAR
PAKKA
TILBOÐ
VEIÐISTANGASETT
ÓDÝRAR VEIÐITÖSKUR
VERÐ FRÁ
4.995,-
ÓDÝRT
KASTHJÓL
- í miklu úrvali.
FRÁ
4.995,-
TILBOÐ
KASTSTANGIR
Mikið úrval!
AÐEINS
9.995,-
ÓDÝRT
RON THOMPSON
BARNAVÖÐLUR
TILBOÐ
VERÐ FRÁ
8.995,-
VÖÐLUSKÓR
Ýmsar gerðir.
AÐEINS
3.895,-
ÓDÝRT
VEIÐIKASSAR
Bleikir, bláir og grænir.
TILBOÐ
FLUGUSTANGIR Í ÚRVALI
Mikið úrval!
já
FRÁBÆRT VERÐ
895,-
ÓDÝRT
LETINGJAR
KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16

# „Keflavíkurmódelið“ fyrirmynd fyrir NATO-ríki í Austur-Evrópu

Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, lauk heimsókn sinni hingað til lands í gær. Hún segir að rekstrarfyrirkomulag varnarsvæðisins í Keflavík sé fyrirmynd að því hvernig Bandaríkin geti tryggt hernaðarlega viðveru í aðildarríkjum NATO í Austur-Evrópu til að mæta ögrunum Rússa. Nuland boðar að refsiaðgerðir gegn Rússum verði hertar ef þeir halda áfram að kynda undir ófriði í Úkraínu.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



**ÖRYGGISMÁL** Victoria Nuland, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, lauk í gær tveggja daga heimsókn hingað til lands, þar sem hún ræddi við stjórnvöld og fólk úr viðskiptalífinu um ýmisleg sameiginleg hagsmunamál Íslands og Bandaríkjanna.

„Bandaríkin taka bráðlega við formennsku í Norðurskautsráðinu. Við ræddum líka um samstarfið í NATO, ekki síst í ljósi framgöngu Rússa í Úkraínu, og hvaða hlutverk Ísland getur leikið í að tryggja sameiginlegt öryggi bandalagsríkjanna,“ segir Nuland.

Þannig komu til umræðu á fundum hennar með stjórnvöldum áform um alþjóðlega leitar- og björgunarmiðstöð, sem rætt hefur verið um að verði í Keflavík. „Við ræddum líka hnattræna hlýnun og bráðnun heimskautaíssins, sem hefur áhrif á landfræðilegt og hernaðarlegt mikilvægi Íslands, en ekki síður hvaða efnahagslegu tækifæri felast í þessari þróun og hvernig við tryggjum að hún ógni ekki umhverfinu.“

Nuland segist heilluð af frumkvöðlaanda og nýsköpunarstarfi, sem hún hafi kynnzt á fundum með fólki úr viðskiptalífinu. Hugmyndir um nýtingu endurnýjanlegrar orku, sjálfbærar fiskveiðar og fullnýtingu sjávarfangs muni ekki eingöngu gagnast Íslandi og bandarískum samstarfsaðilum íslenzkra fyrirtækja, heldur heiminum öllum.

### Landvarnahlutverk NATO

Nuland hefur undanfarna mánuði helgað mikið af tíma sínum átökunum í Úkraínu. Eftir að Rússar þverbrutu þær reglur sem hafa gilt í samskiptum ríkja í Evrópu eftir seinna stríð og innlimuðu Krímskaga með valdi, hefur hið gamla hlutverk Atlantshafsbandalagsins, að verja landsvæði aðildarríkjanna, aftur komizt í brennidepil. En hefur NATO nægilegan herstyrk til að koma aðildarríkjunum í Austur-Evrópu til varnar með sannfærandi hætti og halda Rússum í skefjum?

„Þegar ljóst varð að landvarnahlutverkið hafði aftur færzt efst á dagskrá NATO brugðust aðildarríkin hratt við,“ segir Nuland. „Á örskömmum tíma sendum við liðsstyrk til að fullvissa austur-evrópska bandamenn okkar um að varnir þeirra yrðu tryggðar. Við tölum nú um „28 fyrir 28“, öll ríki NATO leggja sitt af mörkum til að treysta varnir aðildarríkjanna á austurjaðri bandalagsins, á landi, á sjó og í lofti. Eins og vanalega byrja Bandaríkin á að leggja til herafla og önnur aðildarríki sigla síðan í kjölfarið og styðja við okkur. Við höfum þannig gert Rússum algjörlega ljóst að enginn snertir við landsvæði NATO-ríkjanna.“

Aðstoðarutanríkisráðherrann segir að reynslan af rekstri varnarsvæðisins í Keflavík eftir að herafli Bandaríkjanna hvarf á brott úr Keflavíkurstöðinni fyrir átta árum geti verið gott fordæmi fyrir aðildarríki NATO í Austur-Evrópu. „Þetta er ekki hefðbundið fyrirkomulag með fullmannaðri herstöð, heldur rekur Ísland aðstöðu á Keflavíkurflugvelli og Bandaríkjamenn nýta hana tímabundið fyrir alls konar aðgerðir. Við þurfum að vinna líka með þessum hætti í Austur-Evrópu. Svo við tökum dæmi af stöðum þar sem við höfum nýlega staðsett NATO-sveitir í fyrsta skipti, þá eru Ämari-herstöðin í Eistlandi og Łask-stöðin í Póllandi reknar mjög í anda Keflavíkur-módelsins, þar sem gistiríkið leggur til aðstöðuna og viðheldur búnaðinum en önnur aðildarríki geta notað stöðina eftir þörfum fyrir sameiginleg verkefni.“

> **➜ Reynslumikill diplómat**
>
> Victoria Nuland er einn reyndasti diplómat Bandaríkjanna. Áður en hún varð aðstoðarutanríkisráðherra með ábyrgð á samskiptum við 50 ríki í Evrópu og Asíu, NATO, ESB og ÖSE, var hún talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins. Hún hefur verið fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá NATO, sendifulltrúi í afvopnunarmálum, kennari við National War College, öryggismálaráðgjafi Dicks Cheney, fyrrverandi varaforseta, og sendimaður í Rússlandi, Mongólíu og Kína, svo dæmi séu nefnd.

### Allir þurfa að auka útgjöld

Bandaríkin hyggjast á ný auka útgjöld til varnarmála, meðal annars í ljósi ástandsins í Úkraínu. Eins og aðrir bandarískir ráðamenn leggur Nuland áherzlu á að önnur NATO-ríki geri slíkt hið sama. „Nú vaxa hagkerfi allra ríkjanna á nýjan leik og þá er gríðarlega mikilvægt að við snúum af þeirri braut niðurskurðar varnarútgjalda sem við höfum verið á undanfarinn áratug,“ segir Nuland og bendir á að Obama forseti hafi nýlega beðið þingið um milljarðs dollara (113 milljarða króna) aukafjárveitingu vegna varnarskuldbindinga í Evrópu.

Nuland segir að hætti Rússar ekki að grafa undan stöðugleika í Úkraínu séu Bandaríkin reiðubúin að valda þeim enn meiri efnahagslegum búsifjum. „Við stöndum algjörlega fast á því að við munum ekki sætta okkur við að rússneskir skriðdrekar, stórskotaliðsbyssur eða loftvarnaflaugar komi yfir landamærin eða verði notuð í bardögum. Við getum heldur ekki sætt okkur við að Pútín forseti tali ekki gegn aðskilnaðarsinnunum og hvetji þá til að leggja niður vopn. Ef Rússar láta ekki af þessari framkomu í Úkraínu erum við reiðubúin að beita enn harðari efnahagslegum refsiaðgerðum.“

Pútín hefur undanfarna mánuði sagt að Rússar muni á nýjan leik efla herstyrk sinn á norðurskautssvæðinu. Í ljósi atburðanna í Úkraínu eru þau áform litin alvarlegri augum en ella. Hvað hyggjast Bandaríkin gera til að mæta þessu? „Við erum í góðu sambandi við bandamenn okkar á norðurslóðum og skiptumst á upplýsingum um það sem við heyrum og sjáum af hernaðaruppbyggingu Rússa. Við deilum þeim upplýsingum á vettvangi NATO og í hópi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, þar sem Ísland er líka þátttakandi,“ segir Nuland.

Hún segir samstarfið í Norðurskautsráðinu, þar sem Rússland á fulltrúa ásamt vestrænum ríkjum, æ mikilvægara og skoða þurfi „skurðpunktinn á milli efnahagslegra tækifæra og hernaðarlegra áforma“, ekki aðeins Rússlands heldur til dæmis líka Kína. „Við Bandaríkjamenn, Norðurlönd og Eystrasaltsríkin þurfum að ýta undir það bezta en vera líka vel á verði og gæta að öryggi okkar og umhverfi.“



**BRAUTRYÐJENDASTARF** Victoria Nuland segir að samstarf Íslands og Bandaríkjanna um starfrækslu varnarsvæðis í Keflavík geti orðið öðrum NATO-ríkjum fyrirmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR






**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Umboðsmaður Alþingis segir að ráðning Nicola Lolli hafi ekki verið í samræmi við reglur sveitarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brutu eigin reglur við ráðningu konsertmeistara:

# Sinfónían skömmuð

**DÓMSMÁL** Embætti umboðsmanns Alþingis segir að málsmeðferð við ráðningu í starf fyrsta konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafi ekki verið í samræmi við reglur hljómsveitarinnar. Hinn ítalski Nicola Lolli hlaut stöðuna í mars en tveir aðrir umsækjendur lögðu fram kvörtun vegna ráðningarinnar.

Í áliti embættisins segir að umsækjendurnir tveir hafi þreytt hæfnispróf í samræmi við auglýsingu og að þeim hafi í kjölfarið boðist að vera prófaðir í stöðunni á tónleikum. Staðan hafi hins vegar verið auglýst laus til umsóknar á ný á erlendum vettvangi og í kjölfarið verið haldið sérstakt hæfnispróf í London, þrátt fyrir að hinir tveir kæmu enn til greina í stöðuna.

Settur umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að áframhaldandi leit að fyrsta konsertmeistara, án þess að ljúka ráðningarferli gagnvart hinum umsækjendunum, hefði ekki verið í samræmi við reglur Sinfóníuhljómsveitar Íslands um ráðningu hljóðfæraleikara.

Embættið mælist til þess að hljómsveitin taki framvegis mið af þeim sjónarmiðum sem koma fram í álitinu. -bá

# ÚTSALA

# 30-70%

AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

Er listsköpun eini mælikvarðinn á menningu?

# Menning hvað?

Þau ummæli Guðbergs Bergssonar í helgarviðtali við Fréttablaðið að íslensk menning sé grunn hafa hrint af stað fjörugri umræðu um íslenska menningu á Facebook-síðum og bloggum. Ýmsir taka ummælin óstinnt upp og benda á að hér þrífist ótrúlega mikið listalíf og við eigum marga listamenn sem séu að gera góða hluti, bæði innanlands og erlendis. Öll umræðan snýst um listir og menningarneyslu svokallaða, sem þýðir aðsókn að listviðburðum, lestur bókmennta og svo framvegis. Þar er allt í miklum blóma samkvæmt umræðunni og ber að fagna því. Menning er þó allt annað og meira en listsköpun og listneysla og væntanlega er Guðbergur meðal annars að vísa til þess með þessari fullyrðingu.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er menning „þroski mannlegra eiginleika mannsins, það sem greinir hann frá dýrum, þjálfun hugans, andlegt líf“. Íslensk orðsifjabók bætir því við að menning sé „þroski hugar og handa; …það að manna einhvern… þróun, efling, siðmenning“. Það er sem sé menning hvernig við umgöngumst hvert annað og landið okkar, það er menning hvaða gildi við kennum börnunum okkar, það er menning að reka gott skóla- og heilbrigðiskerfi og það er meira að segja menning að halda úti fjölmiðlum – jafnvel þótt þar væri aldrei minnst á bókmenntir og listir. Ef við skoðum hugtakið menning í þessu samhengi hljótum við flest að geta orðið sammála um það að víða sé pottur brotinn í íslenskri menningu.

Það hlýtur til dæmis að segja sína sögu um menningarstig þjóðarinnar að stjórnmálaflokkar skuli telja það vænlegast til árangurs í kosningum að lofa kjósendum persónulegum ávinningi í stað þess að setja fram heildstæða stefnu um uppbyggingu samfélagsins og – það sem verra er – sópa til sín atkvæðum út á það. Það hlýtur að vekja spurningar um dýpt menningarinnar þegar heilbrigðiskerfið er á heljarþröminni vegna fjársveltis ár eftir ár eftir ár, þegar almannatryggingakerfið hefur ekki bolmagn til að sinna hinum verst settu og þegar skólakerfinu er haldið á horriminni áratugum saman. Það er ekki mikil menningargróska sem birtist í kommentakerfum vefmiðla og Facebook-síðna og maður fyllist ekki beinlínis bjartsýni á menningarástandið í landinu þegar forsætisráðherrann sjálfur svarar rökstuddri gagnrýni með útúrsnúningum og kvörtunum undan loftárásum og innanríkisráðherrann lýgur upp í opið geðið á þjóðinni úr ræðustól Alþingis. Bara svo örfá dæmi séu nefnd af handahófi.

Það hlýtur að vera full ástæða til að ræða þessi mál án þess að fólk hópist í skotgrafirnar og líti á hverja gagnrýnisrödd sem persónulega árás á menninguna. Einhver varði þessa einskorðun umræðunnar við listirnar í framhaldi af ummælum Guðbergs með því að segja að listsköpun endurspeglaði menningarstig þjóða og því gæti góð list ekki sprottið upp úr lélegri menningu. Það þarf ekki að kafa djúpt í mannkynssöguna til að sjá að sú fullyrðing stenst ekki. Góð list sprettur oft upp úr andófi gegn lágu menningarstigi og vondri stjórnsýslu og kannski er skýringarinnar á gróskunni í íslenskri listsköpun frekar að leita þar en í því hvað menning þjóðarinnar sé nú á háu stigi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gamaldags kjördæmapot

Framsóknarflokkurinn hefur engu gleymt þegar kemur að kjördæmapoti. Fyrir áramót fengu hinir og þessir í kjördæmi forsætisráðherra úthlutaðar 200 milljónir króna af almannafé til ýmissa þjóðþrifaverka. Ríkisendurskoðun sagði að ekki hefði verið rétt staðið að úthlutun peninganna en forsætisráðuneytið sendi frá sér tilkynningu og hafnaði áliti ríkisendurskoðunar. Kjördæmapotið heldur áfram og nú er það Fiskistofa sem á að fara til Akureyrar sem er í kjördæmi forsætisráðherra og það með manni og mús. Þetta á að gera jafnvel þó lögspekingar landsins hafi bent á að líklega skorti lagastoð fyrir flutningunum.



### Enginn vill flytja

Starfsmenn Fiskistofu eru afar ósáttir við þá ákvörðun að stofnunin verði flutt norður. Starfsmenn hafa lýst því yfir að enginn ætli að flytja með stofnuninni. Ekki eru allir stjórnarþingmenn hlynntir flutningunum. Einn þeirra er sjálfstæðisþingmaðurinn Brynjar Níelsson. Hann sagði á fésbókarsíðu sinni að það væri ekki boðlegt að svipta 70 manns lífsviðurværi eins og hendi væri veifað. Það hlyti að vera hægt að færa einstök verkefni með öðrum hætti.

### Spekileki

Mörgum finnst að í Fiskistofumálinu sé verið að etja saman landsbyggðinni og suðvesturhorninu. Mikið hefur verið rætt um atgervisflótta af landsbyggðinni til Reykjavíkur.

Margir þeir sem velta fyrir sér spekileka hafa hins vegar áhyggjur af því að ungt fólk kjósi fremur að setjast að í útlöndum en á Íslandi. Víða erlendis sé betri laun að hafa og víða sé nægt húsnæði í boði. Nokkuð sem skortir á höfuðborgarsvæðinu. Það væri kannski nær að ráðamenn þjóðarinnar veltu þessu fyrir sér og hefðu einhverjar hugmyndir um hvernig ætti að fá ungt fólk til að setjast að hér á landi í stað þess að ástunda gamaldags kjördæmapólitík.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fríverslun við Kína hefst í dag

FRÍVERSLUN



**Össur Skarphéðinsson**
þingmaður Samfylkingarinnar

Samningar um fríverslun við Kína voru í frosti þegar Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, kom í heimsókn í apríl 2012. Í aðdragandanum gengu Kínverjar mörgum sinnum eftir hvað Íslendingar vildu fá út úr heimsókninni. Svar mitt sem utanríkisráðherra var alltaf það sama: Númer eitt, tvö og þrjú viljum við samning um fríverslun. Það gekk eftir. Íslendingar náðu að lokum fram öllum markmiðum sínum. Ég skrifaði svo undir samninginn fyrir Íslands hönd í Beijing í apríl 2013. Í dag tekur samningurinn gildi.

Þetta er sögulegur áfangi. Ísland er eina ríki Evrópu með slíkan samning. Hann er kjarabót fyrir neytendur sem geta nú keypt kínverska gæðavöru án nokkurra tolla. Fyrir útflutning er samningurinn hvalreki, sérstaklega sjávarútveg sem getur nú selt tollfrjálst inn á markað með 400 milljóna hollustudrifna millistétt með góða kaupgetu.

Samningurinn er sérstakt tækifæri fyrir landbúnaðinn. Í Kína væri hægt að afsetja mikið magn af lambakjöti á ásættanlegum verðum. Íslenskir ostar eru samkeppnisfærir í Kína. Skyrið, sem fer sigurför hvarvetna sem því er drepið niður, mætti framleiða á sérleyfum í samstarfi við kínverskan mjólkuriðnað. Margvísleg önnur tækifæri opnast fyrir margvíslegar aðrar íslenskar vörur.

**➜ Næsta skref gagnvart Kína ætti að verða beint flug þaðan til Íslands og gera Ísland að miðstöð kínverskra túrista og kaupsýslumanna sem vilja ferðast til Evrópu og Ameríku. Það yrði gríðarleg lyftistöng fyrir íslensk flugfélög – og íslenska ferðaþjónustu.**

Samningurinn hefur þegar haft afgerandi áhrif. Silicor ákvað að staðsetja 77 milljarða sólarkísilverksmiðju á Grundartanga þar sem 400 Íslendingar fá vel launuð störf – einungis vegna tollfrelsis gagnvart Kína. Önnur fyrirtæki munu fylgja í kjölfarið og fjögur kanna þegar landið.

Næsta skref gagnvart Kína ætti að verða beint flug þaðan til Íslands og gera Ísland að miðstöð kínverskra túrista og kaupsýslumanna sem vilja ferðast til Evrópu og Ameríku. Það yrði gríðarleg lyftistöng fyrir íslensk flugfélög – og íslenska ferðaþjónustu.

Samningurinn um fríverslun við Kína er mikilvægasti samningurinn sem Ísland hefur gert sl. 20 ár. Við þurfum að nota forskotið sem hann veitir – og nota það hratt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lífeyrissjóðir í mál við matsfyrirtæki?

**LÍFEYRISSJÓÐIR**



Sigurður Örn Ágústsson
framkvæmdastjóri

Matsfyrirtækin (Standard og Poor's, Fitch Ratings og Moody's) hafa að undanförnu samið um bætur við erlend fyrirtæki og sjóði sem hafa sett fram bótakröfur vegna skaðlegrar ráðgjafar fyrir Hrun.

Einkunnagjöf matsfyrirtækja á íslenskum bönkum rétt fyrir Hrun, sem hafði áhrif á hvort verðbréf og skuldabréf voru seld, keypt eða haldið, var ævintýralega langt út úr korti. Þau ofmátu styrkleika bankanna og vanmátu áhættuna sem bankarnir tóku.

Matsfyrirtækin áttu að vita, eða máttu vita, að ekki var allt með felldu í íslenskum bönkunum. Krosseignatengslin, gríðarlega há lán til stórra hluthafa og alltof lágir afskriftarreikningar voru upplýsingar sem þau höfðu aðgang að. Viðvarandi hátt verðmat matsfyrirtækjanna á bönkunum var rangt og leiddi til stórfellds tjóns fyrir íslenska lífeyrissjóðsþega.

Spurningin núna er hvort hægt sé að leiða að þessu líkur fyrir bandarískum dómstólum, og þá sækja bætur.

Undanfarna mánuði hef ég aðstoðað bandarískan málafærslumann, sem er meðeigandi virtrar lögfræðistofu í New York, við að ræða við íslenska lífeyrissjóði um möguleika þess að höfða dómsmál gegn matsfyrirtækjunum og sækja bætur fyrir hönd lífeyrissjóðanna – eða ríkisins.

Eftir forkönnun á málinu er það skoðun lögfræðistofunnar að möguleiki íslenskra lífeyrissjóða á málshöfðun sé ágætur, og þeirri skoðun hefur stofan lýst í bréfi til íslenskra lífeyrissjóða. Þar leggja þeir til öflun frekari gagna og segir m.a.:

*„If these further investigative steps are undertaken and reveal certain additional favourable facts (also discussed herein), we believe that claims against the proposed defendants would be meritorious and might well be likely to succeed.“*

Hér vakna margar spurningar. Ein þeirra er: „Hvað eru þessir Kanar að vilja upp á dekk?“ Því er til að svara að þeir sjá í þessu mikla peninga. Þeir telja, á þessari stundu, að það séu meiri líkur en minni á að grundvöllur sé til málshöfðunar og að hægt sé að sækja mikla peninga til matsfyrirtækjanna, hvort sem það yrði með dómi eða samkomulagi.

„Hvað kostar þetta og hvaða líkur eru á að fá bætur?“ er önnur spurning. Ekki er einsýnt að höfða beri mál í New York (varnarþingi matsfyrirtækjanna), til að svara því þarf að fara í saumana á m.a. samskiptum lífeyrissjóðanna við matsfyrirtækin. Slíka rannsókn er lögfræðistofan tilbúin að gera fyrir allt að 200.000 Bandaríkjadali [22,6 milljónir króna]. Leiði sú skoðun fram enn sterkari líkur á að mál geti unnist eða um verði samið – þá er að höfða mál. Rekstur málaferla í NY er bæði tíma- og fjárfrekur. Áætlaður kostnaður er 5-6 milljónir Bandaríkjadala [564-677 milljónir króna] í málskostnað vegna þessa og taki 3 til 5 ár að leiða fram niðurstöðu.

En lífeyrissjóðirnir myndu aldrei þurfa að greiða meira en 200.000 Bandaríkjadali, til að kanna málið til hlítar og fá skýrslu með ráðleggingum. Verði niðurstaðan sú að aðhafast ekki fellur þessi kostnaður á lífeyrissjóðina og málið dautt – en var reynt til þrautar. Verði farið í mál, eru erlendir sjóðir, sem sérhæfa sig í fjármögnun viðlíka mála, búnir að gefa sterklega til kynna að þeir vilji fjármagna þetta mál, leggja fram áhættufé í málskostnað í von um hlutdeild í ávinningi. Þá kemur spurningin, eftir hverju er að bíða?

Áður en lengra er haldið er rétt að rifja eftirfarandi upp:

Íslenskir lífeyrissjóðir töpuðu 20 prósentum eigna sinna, peningunum mínum og þínum, í Hruninu. Áætlað er að um helmingur þess sem tapaðist (150 milljarðar) hafi verið hlutabréf í íslensku bönkunum, sem voru metnir af matsfyrirtækjunum sem sérlega góðir og traustir fjárfestingarkostir(!).

Nú skiptir engu reynsla eða þekking á íslensku réttarfari. Við erum að tala um málshöfðun fyrir dómstóli í New York. Þar skiptir bara máli hvort meiri líkur en minni séu á því að útgefið mat matsfyrirtækjanna hafi skipt máli við fjárfestingarákvarðanir lífeyrissjóðanna.

Fyrir Hrun gaf bandaríska fjármálaeftirlitið, Securities and Exchange Commission, út skýrslu þar sem matsfyrirtækin voru gagnrýnd harkalega fyrir að brjóta eigin verklagsreglur, framkvæma ekki ítarlegar áreiðanleikakannanir eða reyna á annan hátt að sannreyna áreiðanleika þeirra gagna sem útgefandi viðkomandi fjármálagernings veitti aðgang að, og veita viðskiptavinum sínum ráð (segja frá trixum) til að hafa áhrif á verðmat til hækkunar. Þessi gagnrýni öll og sú staðreynd að gríðarlegt álag var á matsfyrirtækin (t.d. vegna mikillar eftirspurnar lánshæfismats skuldavafninga) gerir það líklegra en ella að þau hafi ekki (getað) unnið sína heimavinnu við mat á íslensku bönkunum með fullnægjandi hætti.

**➜ Finnst virkilega engum skipta máli hvort hægt sé að endurheimta tug eða tugi milljarða í lífeyrissjóðakerfið?**

Og matsfyrirtækin hafa verið að tapa eða semja í viðlíka málum.

Eftir hverju er þá beðið?

Standa þessir 200.000 bandaríkjadalir í lífeyrissjóðunum (0,0032 prósent af árlegum rekstrarkostnaði)? Lífeyrissjóðirnir hafa að mínu mati sýnt málinu lítinn áhuga – og einn fyrirsvarsmaður sagði svo á fundi: „Verðum við ekki að fara að hætta að tala um fortíðina? Þetta er allt búið og gert.“ Lífeyrissjóðirnir brynjuðu sig gegn umræddri bandarískri lögfræðistofu, sem þó eru sérfræðingar í lögum NY-ríkis, með (íslensku?!) lögfræðiáliti og tala um of háan kostnað.

Ég hef talað um þetta fyrir daufum eyrum stjórnmálamanna og fyrirsvarsmanna í lífeyrissjóðakerfinu. Finnst virkilega engum skipta máli hvort hægt sé að endurheimta tug eða tugi milljarða í lífeyrissjóðakerfið?

Ég skal sjálfur safna þessum 200.000 Bandaríkjadölum og greiða – gegn því að lögfræðistofan fái aðgang að gögnum lífeyrissjóðanna til að meta líkur á árangursríkri málshöfðun.

Á hverju strandar þá?

Það er ekki bara skynsamlegt heldur líka skylda lífeyrissjóðanna að láta á þetta reyna til fulls.

# Til hagsbóta fyrir heimilin

**FRÍVERSLUN**



Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra

Í dag, 1. júlí, tekur gildi fríverslunarsamningur Íslands og Kína. Felur samningurinn í sér sóknarfæri fyrir Íslendinga og íslensk fyrirtæki.

Mikið hefur verið rætt um tækifæri til útflutnings vegna samningsins en hann mun ekki síður gagnast heimilunum. Á undanförnum misserum hefur t.d. netverslun frá Kína stóraukist og er nú meira flutt til Íslands frá vefsíðunni Aliexpress en Ebay. Með samningnum fellur niður 15 prósenta tollur af fatnaði og skótaui framleiddu í Kína, sem ætti að skila sér í lækkuðu vöruverði.

Samningurinn hefur þegar fært okkur forskot í atvinnusköpun en forsvarsmenn Silicor Material segja hann hafa verið eina helstu ástæða þess að Ísland varð fyrir valinu fyrir staðsetningu sólarkísilverksmiðju á Grundartanga.

Nú þegar starfa um 20 íslensk fyrirtæki í Kína og segja þau fjölda tækifæra fyrir okkur að miðla því sem við gerum best, t.d. íslenskum matvælum og þekkingu á nýtingu hreinnar orku.

Ekki dugar að gera einn samning. Framsóknin á vettvangi EFTA heldur áfram í fjölgun fríverslunarsamninga. Góð og traust viðskipti við sem flestar þjóðir þarf að tryggja enda felast í því hagsmunir Íslands. Það er stefna ríkisstjórnarinnar.

# Heilbrigðiskerfið.is

**HEILSA**

Teitur Guðmundsson
læknir



Það hefur verið mikil umfjöllun um heilbrigðiskerfið á undanförnum árum og hefur umræðan gjarnan verið frekar neikvæð, því miður. Þar kemur margt til og snertifletir kerfisins við okkur almenning og fagfólkið eru margir. Mjög oft er talað um peninga í sömu andrá og þá sérstaklega kostnað, niðurskurð og þykir lítið fréttnæmt nema þegar illa gengur. Sjaldnar koma fréttir af frábærum árangri, góðum starfsanda og samheldni starfsfólksins sem er límið í kerfinu. Það er kannski skiljanlegt þegar kreppir að, tæki og tól vantar, húsnæði er úr sér gengið og jafnvel skaðlegt þeim sem þar starfa og fagfólkið kýs að starfa frekar á erlendum vettvangi.

**Gerum miklar kröfur**

Raunveruleikinn er súr, við erum í vanda og þurfum að bregðast við með einhverjum hætti en það má á sama tíma ekki gleyma því að íslenska heilbrigðiskerfið er gott, við gerum miklar kröfur og gleymum því stundum að við erum agnarsmá í alþjóðlegu tilliti. Íslendingar eru þrátt fyrir allt í efstu sætum í nánast öllum mælingum sem gerðar eru varðandi slíkan samanburð og getum verið býsna stolt af þeim árangri. Hann er þó ekki sjálfsagður og vitum við að það eru enn frekari erfiðleikar framundan. Við lifum lengur, meðferðar- og lyfjakostnaður eykst og lífsstílssjúkdómar herja á okkur meira en nokkru sinni fyrr og virðumst við ekki frekar en aðrar þjóðir ná að sporna nægilega við þeim.

Breytinga er þörf, vestræn ríki eru öll í sömu stöðu og keppast við að reyna að ná tökum á framtíðarvanda sínum. Umræðan er víðast hvar sú sama og snýst um vaxandi kostnað og aukin útgjöld, burtséð frá því hvort um ríkisrekstur eða heilbrigðistryggingar er að ræða. Kerfin eru ekki sjálfbær. Við þurfum að fá fólkið með og endurhugsa kerfið uppá nýtt. Það á ekki að gefa neinn afslátt af meðferð og möguleikum sem nútíma læknisfræði hefur uppá að bjóða, það á heldur ekki að gefa neinn afslátt af því hvað forvarnir og breytt hegðunarmynstur heilu þjóðanna getur gert. Það er líklega eina færa leiðin í stöðunni, því við viljum geta veitt öllum bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni.

**Opinn vettvangur**

Ég er hins vegar ekki viss um að við viljum gera það algerlega óháð þeim tilkostnaði sem þarf til að ná þeim árangri. Ef útgjöld hækka áfram sem er öruggt miðað við aldurssamsetningu þjóðarinnar og þá þróun sem orðin er í meðferð sjúkdóma og hvers konar kvilla, gömlum og góðum lyfjum er skipt út fyrir nýrri vegna hagnaðarvonar og krafna almennings til kerfisins vaxa með aukinni þekkingu og möguleikum á meðferð er ljóst að það mun þurfa að draga saman seglin á öðrum sviðum. Það er örugglega hægt að hagræða eitthvað víða í rekstri ríkisins en það verður ekki lausnin til framtíðar.

Við þurfum að vera samstíga og taka ákvörðun um það hvernig heilbrigðiskerfi framtíðarinnar á að líta út, almenningur verður að taka þátt því,

**➜ Hver sem er getur sett fram sínar hugmyndir og vangaveltur um það hvað megi betur fara í heilbrigðiskerfinu, hægt er að vera sammála eða ósammála þeim hugmyndum sem fram koma, eða koma með tillögur við þær hugmyndir sem settar eru fram.**

það er hann sem bæði borgar brúsann og notar kerfið. Það er því mikilvægt að rödd hans, en einnig fagfólks og stjórnenda, heyrist skýrt og greinilega og hugmyndirnar hljóti hljómgrunn og umræðu. Þess vegna fannst mér mikilvægt að opna vettvang fyrir krítíska umræðu og hugmyndabanka sem er með öllu óritskoðaður, öllum opinn og óháður. Hver sem er getur sett fram sínar hugmyndir og vangaveltur um það hvað megi betur fara í heilbrigðiskerfinu, hægt er að vera sammála eða ósammála þeim hugmyndum sem fram koma, eða koma með tillögur við þær hugmyndir sem settar eru fram. Stefnt er að því að taka saman þessar hugmyndir og koma þeim á framfæri við ríkisstjórnina þann 1.10. 2014.

Hvers vegna gerum við þetta? Ástæðan er einföld, það er enginn að gera þetta og ákvarðanir eru iðulega teknar án mikils samráðs við almenning eða þátttöku hans. Vonandi tekst okkur þetta ætlunarverk að fá rödd almennings til að heyrast og skapa frjóa umræðu sem leiðir til lausna til framtíðar, ég vona það sannarlega. Ég hvet ykkur til að taka þátt á vefnum www.heilbrigdiskerfid.is.





†

Hjartans þakkir til allra ættingja og vina sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát eiginmanns, föður, tengdaföður, bróður, afa og langafa,

**SIGURÐAR INGA SIGMARSSONAR**
**Dimmuhvarfi 9a, Kópavogi.**

**Fanney Stefánsdóttir**
**Guðbjörg H. Sigurðardóttir** **Víglundur Jónsson**
**Sigmar Á. Sigurðsson** **Dagmar H. Eysteinsdóttir**
**Ingólfur F. Sigurðsson**
**Stefán Svanur Sigurðsson**
**Magnea Sigmarsdóttir**
**Guðlaug Sigmarsdóttir** **Hafliði Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**RAGNHILDUR GUNNARSDÓTTIR**
**Snorrabraut 56b,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 29. júní.

**Birgir Ottósson**
**Gunnar Birgisson**
**Gylfi Birgisson** **Svandís Kristiansen**
**Unnur Birgisdóttir**
**Kjartan Birgisson** **Halldóra Ingólfsdóttir**
**Guðlaug Hildur Birgisdóttir** **Rúnar Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Droplaugarstöðum, áður Háaleitisbraut 24,**

sem lést laugardaginn 28. júní verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 2. júlí kl. 13.00.

**Gunnar Páll Jóakimsson** **Oddný Árnadóttir**
**Birgir Þorsteinn Jóakimsson** **Unnur Jensdóttir**
**Arnar Gunnarsson**
**Björg Gunnarsdóttir**
**Sólborg Birgisdóttir**
**Bjargey Birgisdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar,

**GUÐRÚN BENEDIKTSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík, Fróðengi 7, Reykjavík,**

lést á Landakoti að kvöldi 22. júní. Jarðarförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 13.00. Jarðsetning fer fram í kirkjugarði Bolungarvíkur laugardaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Sigurður B. Þórðarson** **Helga S. Jóakimsdóttir**
**Benedikt H. Þórðarson**
**Sjöfn Þórðardóttir** **Skúli Bjarnason**
**Guðmundur Þórðarson** **Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**




Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Hafin yfir hreppapólitíkina

Samtökin Hugverk í heimabyggð eru með opið hús í Safnaðarheimilinu á Hellu dagana 3. til 5. júlí. Þar verður fólk að störfum, þar á meðal pakistanskur matgerðarmaður.

„Fólk verður að vinna að verkum sínum, útskurði, myndlist og matargerð en samtökin snúast ekki bara um verklega iðju, heldur líka lagasmíð og leiklist,“ segir Dóra Sigurðardóttir um opið hús á vegum samtakanna Hugverks í heimabyggð. Það er í safnaðarheimili Oddakirkju að Dynskálum 8 á Hellu frá 3. til 5. júlí frá klukkan 11 til 19.

Samtökin voru stofnuð í byrjun ársins og þetta er þriðji viðburðurinn á vegum þeirra, félagar eru um 40 og fer ört fjölgandi, að sögn Dóru. „Draumurinn er að samtökin nái yfir allt Suðurland og verði hafin yfir hreppapólitík,“ segir hún. **-gun**



**LISTAKONAN** Dóra sinnir myndlistinni.
MYND/ÚR EINKASAFNI



†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**SVÖVU JÓHANNSDÓTTUR**
**á Rein**

sem lést 30. maí sl.
Sérstakar þakkir færum við Heimahlynningu á Akureyri fyrir ómetanlega þjónustu.

**Valdimar Gunnarsson**
**Sigríður, Sigrún, Signý Valdimarsdætur**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

Hjartans þakkir öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**ELÍSABETAR ERLINGSDÓTTUR**

Starfsfólki líknardeildar Landspítalans þökkum við einstaka umönnun og hugulsemi.

**Atli Ásbergs**
**Anna Rún Atladóttir** **Agnar Sturla Helgason**
**Hrafnhildur Atladóttir** **Mika Pelo**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR VILMAR MAGNÚSSON**
**frá Kirkjubæ, Akranesi, Réttarholti 15, Selfossi,**

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 14.00.

**Helga Einarsdóttir**
**Björk Guðmundsdóttir** **Dan Brynjarsson**
**Alma Guðmundsdóttir** **Emil Guðjónsson**
**Hlynur Guðmundsson** **Ingibjörg R. Hjálmarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÚLÍUS ÓSKAR HALLDÓRSSON**
**Brúnavegi 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 27. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 3. júlí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Á. Sigurðardóttir**



†

Ástkær móðir okkar og amma,

**GUÐBORG KRISTÍN OLGEIRSDÓTTIR (STELLA)**
**Stórahjalla 29, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum þann 22. júní.
Útför fer fram frá Áskirkju 7. júlí kl. 13.00.

**Brynjólfur Sigurðsson**
**Jóhanna Selma Sigurðardóttir**
**Sara Kristín Hlynsdóttir**
**Erik Vidalin Brynjólfsson**
**Jóhanna Selma Brynjólfsdóttir**
**Nadía Líf Brynjólfsdóttir**
**Ástrós Perla Olgeirsdóttir**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR HREIÐAR ÁRNASON**
**Sóltúni 13,**

lést á Landspítalanum 20. júní sl.
Útför verður frá Fossvogskirkju í dag, 1. júlí, kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarsamtök.

**Magnúsína Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ólafsson** **Lára Erlingsdóttir**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Erlingur Hjaltason**
**Guðrún Ólafsdóttir** **Magnús Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**NORRÆNAR SKÁLDKONUR**
Dagana 2. og 3. júlí efna bókaútgáfan Meðgönguljóð og Kvenréttindafélag Íslands til sumarhátíðar, þar sem norrænar skáldkonur flytja ljóð og ræða ljóðlist. Dagskráin fer fram í söfnum Borgarbókasafns og í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Nánar á borgarbokasafn.is.




**Meirapróf**



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta námskeið hefst 2.júlí 2014


# EKKI LÁTA MAGAÓNOT SKEMMA FRÍIÐ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Prógastró DDS+3 góðgerla sem byggja upp heilbrigða meltingarflóru svo að þú getir notið frísins án allra meltingarónota.*



Heilbrigð meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar ferðast er erlendis kemst meltingin í tæri við nýja flóru sem oft getur valdið ónotum s.s. niðurgangi, verkjum og hægðatregðu og spillt fyrir gleðinni í ferðinni. Með inntöku góðgerla styrkir þú ónæmiskerfið og byggir upp heilbrigða og sterka flóru í meltingarveginum sem er betur í stakk búinn til að takast á við óþekktar bakteríur.

**EINN ÖFLUGASTI ASÍDÓFÍLUSINN**
Prógastró DDS+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýruþolnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með!

Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og á meðan á ferðalaginu stendur er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingarónot. Ekki er nauðsynlegt að geyma Prógastró DDS+3 í kæli.




**SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR**
Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna.

*Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.*

**GÓÐA MELTINGU Í FERÐALAGINU**
Með því að taka tvö hylki með morgunmat í eina viku fyrir ferðalag og á meðan á ferðalaginu stendur, er hægt að minnka verulega líkurnar á því að fá hvers kyns meltingarónot.







Útsala hafin!
Frábær tilboð á Útsölu.
MaxMara BASLER MARINA RINALDI
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770
Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan



## HJÓLAÐ UM VIÐEY Í KVÖLD

**● HJÓLATÚR**
**Íslenski fjallahjólaklúbburinn stendur fyrir hjólaferð um Viðey sem hefst klukkan 19.30 í kvöld. Leiðsögumaður úr Viðey leiðir förina sem er opin öllum. Leiðsögnin er ókeypis en 1.100 krónur kostar í ferjuna fyrir fullorðna og 550 krónur fyrir börn 7 til 15 ára.**

**Ferðalangar fá að heyra ýmislegt um söguna, húsin og minjarnar sem finna má í eynni. Hjólaleiðin er hvorki löng né strembin og því geta allir verið með, hjólagarpar sem og byrjendur og á öllum aldri. Þátttakendur koma með eigin reiðhjól.**

**Á sumrin eru aukaferðir á þriðjudagskvöldum til Viðeyjar frá Skarfabakka kl. 18.15 og 19.15. Kaffihúsið í Viðeyjarstofu er opið þessi kvöld og því um að gera að njóta kvöldverðar í Viðey áður en hjólaferðin hefst.**

**Þá má einnig tylla sér niður við Viðeyjarstofu eftir túrinn. Haldið er heim á leið klukkan 22.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512 5447



**HJÓLANDI VINKONUR** Þær Trine, Anna, Sóley og Heiða tóku þátt í Tøserunden og höfðu gaman af.
AÐSENDAR MYNDIR



**ALLS KONAR HJÓL** Í hjólreiðakeppninni voru konur á öllum aldri, í alls konar formi og á alls konar hjólum. Sumar stoppa á leiðinni og kaupa sér ferskan aspas og nýuppteknar kartöflur og setja í körfuna hjá sér.



**BÚIN** Sóley, ánægð með afrek dagsins, 112 kílómetra hjólaleið að baki.

# HUGGULEGT Á HJÓLI

**HJÓLAÐ Í DANMÖRKU** *Á dögunum tók Sóley Halldórsdóttir í annað sinn þátt í stærstu hjólreiðakeppni fyrir konur í heiminum. Keppnin sem heitir Tøserunden er haldin í Danmörku.*

Þátttakendur í Tøserunden í ár voru um 4.600. Keppnin hófst í Køge sem er sunnan við Kaupmannahöfn og hjólaðir voru 112 kílómetrar í fallegu landslagi á Suður-Sjálandi. „Ég tók þátt í Tøserunden ásamt Trine, vinkonu minni, í fyrra skiptið árið 2004 þannig að í ár fögnuðum við því að tíu ár væru liðin frá því við hjóluðum þessa leið síðast. Í ár hjóluðum við fjórar saman en með mér voru Trine, Anne, mamma hennar og Heiða Valgeirsdóttir vinkona mín sem er búsett í Danmörku,“ segir Sóley Halldórsdóttir, hjúkrunarfræðinemi og dönskukennari.

### EKKI MIKIÐ AÐ SPÁ Í ÚRSLITIN

Þær Sóley og Trine létu sér ekki nægja að hjóla kílómetrana 112 árið 2004 heldur skelltu þær sér í fjórtán kílómetra hlaup í Farum morguninn eftir hjólreiðarnar. „Til að hafa þetta sem líkast í ár skelltum við okkur í míníþríþraut fyrir konur (I Form KvindeTRI) daginn eftir Tøserunden. Sú keppni var haldin í Gentofte á Norður-Sjálandi og við syntum þrjú hundruð metra, hjóluðum tuttugu kílómetra og hlupum fjóra kílómetra.“

Hjólreiðakeppnin gekk vel hjá vinkonunum en þær enduðu um miðjan hóp. „Við vorum lítið að spá í úrslitin, nutum þess að hjóla í fallegu landslagi og hafa það huggulegt saman. Í keppninni eru konur á öllum aldri, í alls konar formi og á alls konar hjólum.“

### Í HÖRKUFORMI

Sóley æfði og keppti í meistaraflokki í handbolta í mörg ár og hefur haldið áfram að stunda íþróttir eftir að handboltaskórnir fóru á hilluna frægu fyrir sjö árum. Hún undirbjó sig því ekkert sérstaklega fyrir þessar keppnir. „Frá áramótum hef ég æft í frábærum hópi í World Class á námskeiði sem heitir Hörkuform, ætli ég hafi ekki bara verið komin í hörkuform þegar að keppninni kom. Í vor fór ég svo að hjóla lengri vegalengdir. Hrafnhildur Sævarsdóttir, vinkona mín og sundkennari, rifjaði síðan upp með mér gamla takta í sundlauginni svo ég myndi nú ekki klikka á þessum þrjú hundruð metrum í lauginni,“ segir hún og hlær.

### ÞRÍÞRAUTIN SPENNANDI

Frá því Sóley hætti í handboltanum hefur hún tekið þátt í þó nokkrum götuhlaupum. „Ég hef aðallega verið að keppa í tíu kílómetra hlaupum. Hjólreiðar eru ótrúlega skemmtilegar og á ég án efa eftir að verja meiri tíma í þær á komandi árum. Þríþraut er líka mjög spennandi, það er gaman að blanda þessum þremur greinum saman.“

■ liljabjork@365.is






# FYRIR VERÐANDI MÓÐUR OG BARN

**AÐFÖNG KYNNA** *Barnsvon fylgir dásamleg tilhlökkun og gleði. Þá fyllast verðandi mæður löngun til að huga sérlega vel að heilsu sinni og barnsins litla sem í vændum er. Einmitt þá er nauðsynlegt að taka inn fólínsýru og bætiefni fyrir þroska fósturs og almenna hreysti móður.*

Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur á von á sínu fyrsta barni í haust og hugsar því sérstaklega vel um heilsuna.

„Áður en ég varð ólétt tók ég inn Nutra-fjölvítamín fyrir konur því það inniheldur ráðlagðan dagskammt af fólínsýru fyrir konur á barneignaraldri, auk helstu bætiefna sem konur þarfnast í dagsins önn,“ segir Anna Lilja sem byrjaði að taka inn Nutra-fólínsýru þegar hún varð barnshafandi.

„Við nánari eftirgrennslan um fólat fyrir barnshafandi konur komst ég að raun um að Nutra-fólínsýra er sú eina sem uppfyllir ráðlagðan dagskammt fólats fyrir óléttar konur í einni töflu, eða 500 míkrógrömm á dag, samkvæmt viðmiðum Embættis landlæknis,“ segir Anna Lilja.

Fyrstu tólf vikur meðgöngunnar var Anna Lilja illa haldin af morgunógleði.

„Ég gubbaði frá morgni til kvölds og átti af þeim sökum erfitt með að tryggja fóstrinu nauðsynleg vítamín og steinefni með fæðunni einni saman. Því fannst mér gott að geta tekið inn fjölvítamín og fólínsýru í töfluformi og vita til þess að fóstrið dafnaði vel þrátt fyrir tímabundna vanlíðan mína.“

Vinnu sinnar vegna hefur Anna Lilja mikinn áhuga á Nutra Húð, hári og nöglum.

„Á meðgöngu vex hár yfirleitt helmingi hraðar en vanalega en hárlos er þekkt eftir barnsburð og þá mun ég klárlega byrja að taka inn þær töflur,“ segir Anna Lilja, ánægð með líðan sína og hraustleika á meðgöngunni.

„Mér þykir þægilegt að geta keypt þau vítamín sem ég þarf um leið og ég geri innkaupin í Bónus og gott verð á Nutra kom mér verulega á óvart þrátt fyrir mikið magn taflna í hverjum stauk.“

Nutra-vítamínin fást í verslunum Hagkaups og Bónuss.



**MEÐ BARNI** Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur var illa haldin af morgunógleði fyrstu tólf vikur meðgöngunnar og þótti þá gott að tryggja ófæddu barni sínu nauðsynleg vítamín og steinefni með Nutra-vítamínunum. MYND/ARNÞÓR

## HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Nutra Húð, hár og neglur er sérvalin bætiefnablanda fyrir húð, hár og neglur. Bætiefnablandan inniheldur meðal annars amínósýrur sem eru mikilvægar heilbrigði húð, hári og nöglum. Blönduna er hægt að nota sem kúr í skamman tíma eða til að taka yfir lengra tímabil til að auka hárvöxt, koma í veg fyrir hárlos og styrkja húð og neglur. Auk amínósýra eru í blöndunni B-vítamínin B1, B2, B3, B5, B6 og Bíótín, og svo selen og PABA sem styrkja húð, hár og neglur.

Bætiefnablandan inniheldur einnig E- og A-vítamín. A-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í endurnýjun húðfruma og hjálpar til við framleiðslu á náttúrulegri sebum-olíu. Hún er okkur nauðsynleg til að hafa réttan raka í hársverði, gerir hann vatnsheldan og dregur úr ótímabæru hárlosi. Auk þess gefur A-vítamín hárinu gljáa og fallegan blæ.

E-vítamín er öflugt andoxunarefni og mikilvægt fyrir allar frumur líkamans. Það er græðandi og dregur úr bólum og örum, eykur súrefnisflæði og hjálpar rauðum blóðkornum að flytja súrefni og næringu til húða.

Í Nutra Húð, hári og nöglum eru rúm 300 milligrömm næringargers sem gefur bætiefninu sérstaka lykt og bragð. Ger er einstaklega gott fyrir húð, hár og neglur og hollt á marga aðra vegu. Ger er ríkt af B-vítamínum og prótíni, sem er mikilvægt fyrir húð og hár, en auk þess steinefnum og snefilefnum, eins og járni, kalki, sínki og kopar sem húð, hár og neglur þarfnast. Í bætiefnablöndunni er þykkni úr ofurjurtinni elftingu (e. horsetail), sem gefur andoxunarefni, og silica sem notið hefur mikilla vinsælda og verið notað um langa hríð í vörur fyrir húð, hár og neglur. Silica styrkir líka beinin og er talið geta hægt á hrukkumyndun í húð.

Ráðlagður dagskammtur af Nutra Húð, hár og neglur er 1 til 2 töflur á dag og sé blandan tekin sem kúr er mælt með tveimur töflum á dag.




## FÓLÍNSÝRA ER MIKILVÆG FYRIR MÓÐUR OG BARN

Fólínsýra er mikilvæg fyrir alla, en sérstaklega konur á meðgöngu. Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis eiga konur á meðgöngu og með barn á brjósti að taka inn daglega 500 míkrógrömm af fólínsýru. Nutra Fólínsýra inniheldur þessi mikilvægu 500 míkrógrömm og uppfyllir því daglega þörf verðandi mæðra með aðeins einni töflu.

Fólínsýra er vatnsleysanlegt vítamín úr flokki B-vítamína og nauðsynleg fyrir eðlilega blóðmyndun og frumuskiptingu. Hún er líka mikilvæg fyrir eðlilega myndun og viðhald amínósýra í blóði því mikið af amínósýrum í blóði hefur tengingu við hjarta- og æðasjúkdóma. Jafnframt er fólínsýra talin þýðingarmikil fyrir andlegt jafnvægi, hún spornar gegn þreytu og sleni og hefur mjög jákvæð áhrif á ónæmiskerfi líkamans.

## AF HVERJU FÓLÍNSÝRA Á BARNEIGNARALDRI?

Rannsóknir hafa sýnt að rífleg fólatneysla fyrir getnað og á fyrstu tólf vikum meðgöngunnar dregur úr hættu á alvarlegum skaða í miðtaugakerfi fósturs, svo sem klofnum hrygg og heilaleysu. Því er öllum konum, sem geta orðið barnshafandi, ráðlagt að taka inn 400 míkrógramma fólínsýrutöflu á dag ásamt því að borða fólatríkan mat. Konum á meðgöngu og með barn á brjósti er ráðlagt að taka inn 500 míkrógrömm.




## FJÖLVÍTAMÍN FYRIR 16-50 ÁRA KONUR

Nutra Fjölvítamín fyrir konur er þriggja mánaða skammtur af mikilvægum bætiefnum fyrir konur á aldrinum 16 til 50 ára. Fjölvítamínblandan er sérvalin og breiðvirk formúla fyrir konur sem vilja fá mikilvægustu bætiefnin í einni töflu. Þau innihalda meðal annars 400 míkrógrömm af fólínsýru, sem er ráðlagður dagskammtur kvenna á barneignaraldri og er best að fólínsýra sé í nægjanlegu magni í líkamanum þegar barn verður til.

## STYRKIR ÓNÆMISKERFI LÍKAMANS

Rannsóknir sýna að þeir sem taka inn gott fjölvítamín eru með sterkara ónæmiskerfi og því líklegri til að sleppa við umgangspestir og sýkingar. Ein tafla á dag af Nutra Fjölvítamíni er góð viðbót við daglegt gott fæði en óhætt er að auka skammtinn í tvær töflur til að tryggja nægjanlegt magn mikilvægra bætiefna sé kona undir miklu álagi eða stundar mikla líkamsrækt.



# FÓSTUREYÐINGUM FÆKKAR Í YNGSTA HÓP



Árið 2013 voru framkvæmdar 963 fóstureyðingar á Íslandi. Er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þannig voru framkvæmdar 12,5 fóstureyðingar miðað við hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri en miðað er við konur á aldrinum 15 til 49 ára. Þetta kemur fram í grein um fóstureyðingar árið 2013 sem birtist í Talnabrunni, fréttabréfi landlæknis um heilbrigðisupplýsingar.

Flestar fóstureyðingar eru gerðar á konum í aldurshópnum 20-24 ára en 24,5 af hverjum þúsund konum í þeim aldurshópi gengust undir fóstureyðingu árið 2013. Næstflestar fóstureyðingar voru framkvæmdar hjá 25-29 ára konum eða 19,2 fóstureyðingar miðað við hverjar þúsund konur á þeim aldri.

Fóstureyðingum í yngsta aldurshópnum hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. 12,8 stúlkur af hverjum þúsund á aldrinum 15-19 ára gengust undir fóstureyðingu á síðasta ári. Að meðaltali voru hins vegar framkvæmdar 15,8 fóstureyðingar hjá hverjum þúsund stúlkum í sama aldurshópi áratuginn á undan (2003-2012) en að meðaltali 19,3 fóstureyðingar hjá sama aldurshópi á árunum 1993-2012.

Stærsti hluti (94%) þeirra kvenna sem gengust undir fóstureyðingu 2013 var genginn 12 vikur eða skemur.

Meginhluti allra fóstureyðinga á landinu er framkvæmdur á kvennadeild Landspítalans. Þar voru framkvæmd tæplega 90 prósent allra fóstureyðinga í fyrra. Næstflestar aðgerðir voru framkvæmdar á Sjúkrahúsinu á Akureyri (7,7%) og á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi (2,2%).

# EKKI Í RÆKTINA

**HEILSA** *Eftir að hafa haft mikið fyrir því að koma upp reglulegu æfingakerfi í lífi okkar þykir mörgum illt að sleppa úr æfingu. Stundum verður þó að hlusta á skilaboð líkamans, tempra keppnisskapið og láta skynsemina ráða.*

**SLEPPTU ÆFINGU …**

**… ÞEGAR ÞÚ ERT VEIK/UR**
Jafnvel þótt það sé bara kvef sem er að hrjá þig ættirðu ekki að æfa. Íþróttaæfing reynir enn meira á ónæmiskerfið og getur dregið veikindin á langinn. Það eykur einnig líkurnar á meiðslum þar sem erfitt er að einbeita sér þegar manni líður illa.

**… ÞEGAR HEILSAN ER EKKI KOMIN Í LAG**
Ekki flýta þér í ræktina eftir að hafa legið heima í veikindum. Þér gæti slegið niður og þá líður enn lengra áður en þú getur byrjað aftur að æfa. Þegar þú ert orðin/n hress ættirðu líka að fara rólega af stað og bæta við þig smám saman.

**… ÞEGAR ÞÚ ERT ALVEG BÚIN/N Á ÞVÍ**
Stundum eigum við enga orku afgangs eftir strangan vinnudag. Í einhverjum tilfellum er líkaminn einfaldlega að segja okkur að hann þurfi hvíld. Þá er skynsamlegra að taka frí frá ræktinni, fara heim og borða bara eitthvað hollt í kvöldmatinn.

**… ÞEGAR ÞÚ ERT MEIDD/UR**
Ekki ætti að æfa með meiðsli. Jafnvel þó ætlunin sé að „liðka“ meidda hluta líkamans aðeins gæti æfing gert illt verra. Láttu heldur líta á þig og fáðu ráðleggingar ef þér er illt einhvers staðar og það lagast ekki við hvíld.



**EKKI MÆTA** Stundum verður að tempra keppnisskapið og hlusta á líkamann. Þú ættir ekki að æfa með kvef. NORDIC PHOTOS/GETTY

**… ÞEGAR RÉTTAR GRÆJUR VANTAR**
Alltaf ætti að æfa með réttan útbúnað. Fáðu ráðleggingar fagfólks til dæmis við að velja rétt skótau. Sami hlaupaskórinn hentar ekki hvaða hlaupastíl sem er né undirlagi. Stundirðu sérhæfðar íþróttir eins og hestamennsku, klifur eða hjólreiðar ættirðu einungis að nota viðurkenndar græjur.

**… ÞEGAR ÞÚ ERT ÞUNN/UR**
Timburmenn eiga ekkert erindi í æfingasalinn og alls ekki ætti að mæta á æfingu enn undir áhrifum. Það tekur líkamann um klukkustund að vinna úr 10 ml af alkóhóli svo ef þú drekkur fjóra bjóra er líkaminn ellefu klukkustundir að vinna úr því. Alkóhól þurrkar upp líkamann svo drekktu vel af vatni til að koma jafnvægi á vatnsbúskapinn meðan þú ert að jafna þig.










HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 1. JÚLÍ 2014

**Reynsluakstur** Toyota RAV4
**Renault Sport Mégane** nær metinu aftur
**Hvernig Japan** breytti bílaiðnaðinum
**Bjalla sem nær 100 km hraða** á 2,1 sekúndu

# BÍLABÚÐ BENNA KYNNIR OPEL Í SEPTEMBER

## Bjóða flesta framleiðslubíla Opel, 8 fólksbíla og jepplinga og þrjár gerðir atvinnubíla.

Það er ekki á hverjum degi sem bílamerki skiptir um umboð á Íslandi en það hefur gerst með þýska bílamerkið Opel. BL var með söluumboð fyrir Opel en nýverið tók Bílabúð Benna það yfir og mun kynna það til sögunnar með pomp og prakt í byrjun september næstkomandi. BL seldi Opel-bíla í sérstökum sýningarsal í Ármúla en hætti sölu þeirra í byrjun febrúar og lokaði um leið sýningarsal sínum. Frá því hafa ekki verið afgreiddir margir Opel-bílar hér á landi, en það mun breytast á næstunni. Bílabúð Benna mun opna glæsilegan sýningarsal fyrir Opel-bíla á sama stað og Chevroletbílar eru nú og verða þeir seldir þar samhliða Chevrolet-bílum.

**8 fólksbílar og jepplingar og 3 atvinnubílar**

Bílabúð Benna mun selja svo til allar gerðir Opel-bíla, eða einar 8 gerðir fólksbíla og jepplinga og 3 gerðir atvinnubíla. Úrval bíla frá Opel er einkar fjölbreytt nú og spannar flesta stærðarflokka bíla. Bílabúð Benna mun bjóða smábílinn Adam sem ekki hefur komið til landsins áður þrátt fyrir að hafa verið í sölu í Evrópu frá því snemma á síðasta ári og selst geysilega vel. Greinarritari fékk að kynnast þeim bíl í heimsókn til höfuðstöðva Opel í Rüsselsheim, sem er steinsnar frá Frankfurt, og var heillaður af hversu smekklegur bíll er þar á ferð og fínn akstursbíll. Opel Corsa er honum næstur að stærð og verður hann einnig í boði. Hinn klassíski Opel Astra, sem selst hefur svo vel á Íslandi gegnum árin, verður einnig seldur sem og talsvert stærri fólksbíllinn Insignia. Þar fer margverðlaunaður stór fólksbíll sem boðinn verður í mörgum útfærslum, meðal annars af OPC-gerð og er sá bíll 325 hestöfl. Reynsluakstur á þeim bíl var í boði í Þýskalandi og verður að segja að það hafi verið mikil upplifun. Þar fer úlfur í sauðargæru, bíll sem lítur út fyrir að vera hefðbundinn stór fjölskyldubíll, en hann er um leið alger spyrnukerra, sem herða má enn frekar upp með stillingu á fjöðrunarbúnaði.

**Fjölnotabílar, jepplingur og tvinnbíll**

Opel Zafira sem seldist mjög vel hér á landi fyrir nokkrum árum verður í boði en þar fer fjölnotabíll sem hentar stærri fjölskyldum. Annar minni slíkur bíll verður í úrvalinu, Meriva, og á honum er enginn póstur á milli fram- og afturhurða og opnast þær í hvor í sína áttina. Fyrir vikið er opnunin ógnarstór og aðgengi eftir því. Tvinnbíllinn Opel Ampera, sem á sér systurbíl í Chevrolet Volt, mun einnig standa í sýningarsal Benna í september.

Jepplingurinn Mokka, sem ekki hefur heldur sést áður hér á landi, verður einnig í úrvali Opel-bíla. Þar fer fremur smár jepplingur sem er stórskemmtilegur í akstri og fallegur í senn. Honum hefur verið tekið með kostum í Evrópu og selst eins og heitar lummur. Ekki ætlar Bílabúð Benna að bjóða aðeins fólksbíla og jepplinga heldur mun hún einnig sinna atvinnulífinu með mjög fjölbreytt úrval atvinnubíla og mun bjóða þar þrjár gerðir, Combo, Vivaro og Movano.

**Opel í mikilli sókn**

Opel hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið og náði að auka markaðshlutdeild sína í Evrópu í fyrsta sinn í 14 ár en 13 ár þar á undan hafði Opel tapað markaðshlutdeild þar og farið úr 10% hlutdeild og niður í 6%. Markmið Opel er að hún verði 8% við enda þessa áratugar og hefur salan undanfarið gefið góð fyrirheit um að það gæti náðst.

Opel er þýskt gæðamerki og ætlar bæði að framleiða og markaðssetja bíla sína undir þeim merkjum. Lág bilanatíðni og útkoma úr notendakönnunum, eins og J.D. Power framkvæmir, bendir eindregið til þess að Opel eigi aldeilis fyrir þeirri markaðssetningu. Merki Opel hafði skaðast á síðustu tveimur áratugum og Opel gerir sér grein fyrir því að þar er upp brekku að fara en smíði þeirra í dag er á þann veg að búast má við því að upp þá brekku verði farið hægt og rólega og ástæða til að dást að framleiðslu þeirra og vinnubrögðum öllum, sem svo skýrlega komu í ljós við heimsókn til höfuðstöðva þeirra.

Opel mun kynna 23 gerðir bíla til loka árs 2016 og fjárfestir til þess fyrir yfir 600 milljarða króna.

STUÐ Í ÚTILEGUNNI



MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir ýmsar gerðir af ferðatækjum, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl.
Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:
MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
Ellingsen

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858



# 6 milljónir mengandi bíla af götunum í Kína

Í Kína eru nú hafið það verkefni á vegum ríkisins að taka úr umferð 6 milljónir gamalla bíla sem menga mikið. Er þetta átak gert til að stemma stigu við þeirri miklu mengun sem er í mörgum borgum Kína. Rannsóknir í Kína hafa sýnt að um 31% af mengun í Peking er af völdum bíla. Á þessu ári stendur til að taka eina 300.000 bíla úr umferð, bara í Peking, en á næsta ári á að gera enn betur og fjarlægja um 6 milljónir bíla á öðrum svæðum þar sem mengun er einnig mikil. Ekki fylgir sögunni hvernig þessu er hrint í framkvæmd. Hvort þessir bíleigendur fái eingreiðslu frá ríkinu, sem dæmi er um áður, ef endurnýjað er í nýjan bíl eða þeim gamla fargað, er ekki ljóst. Þessi fækkun mengandi bíla er liður í tveggja ára áætlun í Kína þar sem stefnt er að orkusparnaði, minnkun losunar eiturefna og minni mengun í Kína. Einn liður í þessari baráttu er að auka gæði eldsneytis í landinu. Því virðast Kínverjar ætla að láta einskis ófreistað í baráttu sinni gegn þeirri miklu mengun sem hrjáð hefur mjög íbúa stærstu borganna þar. Í fyrra tilkynnti ríkisstjórnin að veittir yrðu 18.600 milljarðar króna til að stemma stigu við mengun í Kína á næstu 5 árum.

# Forstjóri Nissan með 1.515 milljónir króna í laun




Carlos Ghosn, forstjóri Nissan og Renault, fékk 1.515 milljónir króna í laun á síðasta uppgjörsári sem lauk 31. mars síðastliðinn. Hann fékk 10 milljónir Bandaríkjadala frá Nissan og 3,13 milljónir dala frá Renault. Hann er fyrir vikið launahæsti forstjóri japanskra bílaframleiðenda og er með fjórföld laun forstjóra Toyota þrátt fyrir að hagnaður Toyota hafi verið fimm sinnum meiri á uppgjörsárinu. Carlos Ghosn hefur verið með hæstu laun forstjóra japanskra bílaframleiðenda í þrjú af síðustu fjórum árum. Það vekur spurningar um af hverju Ghosn er enn svo hátt launaður í ljósi þess að hagnaður Nissan jókst minnst allra japanskra bílaframleiðenda á síðasta ári, eða aðeins um 0,7%. Þrátt fyrir að Ghosn sé með há laun eru kollegar hans í Evrópu og Bandaríkjunum margir hverjir með hærri laun. Alan Mulally var með 2.620 milljónir í laun í fyrra og Mary Barra, forstjóri GM, var með 1.640 milljónir króna. Martin Winterkorn, forstjóri Volkswagen, var með 2.280 milljónir, en Dieter Zetsche, forstjóri Mercedes Benz, 1.250 milljónir króna. Allir eiga þessir forstjórar því fyrir salti í grautinn, þó talsverðu muni á þeim.



# Seat „Allroad“

Þessi nýi bíll frá spænska bílaframleiðandanum Seat sver sig svo sannarlega í ætt við nokkra bíla sem einnig tilheyra hinni stóru Volkswagen-bílafjölskyldu. Fyrst mætti nefna Audi Allroad, en einnig Skoda Octavia Allroad eða Volkswagen Passat Alltrack. Allir eiga það sameiginlegt að vera upphækkaðar útfærslur á vinsælum langbökum fyrirtækjanna og eiga þeir að geta glímt betur við ófærur en venjulegur Audi A4, Audi A6, Skoda Octavia eða Volkswagen Passat. Þessi bíll er smíðaður upp úr Seat Leon ST langbaknum og er með sama undirvagn, nema að því leyti að hann er fjórhjóladrifinn, upphækkaður og með rafrænu læstu drifi. Útlitið er líka kraftalegra með stærri brettaköntum og plasthlífum að framan og aftan. Að innan er bíllinn svo til eins og Seat Leon ST langbakurinn. Vélarkostirnir eru 1,8 lítra og 178 hestafla bensínvél, 1,6 lítra og 108 hestafla dísilvél eða 2,0 lítra 148 eða 181 hestafls dísilvél. Öflugri gerð dísilvélarinnar kemur honum í 100 km hraða á 7,1 sekúndu og 225 km hámarkshraða. Þessi nýi bíll Seat hefur fengið nafnið X-Perience og er full ástæða til að setja meira út á nafnið en útlit bílsins.



# SUBARU WRX STI SLÆR EIGIÐ MET Á ISLE OF MAN

Bílaáhugafólk þekkir flest hina alræmdu Nordschleife-kappakstursbraut í Þýskalandi en færri þekkja Isle of Man-hringinn á eyjunni Mön enda er sú braut einungis notuð einu sinni á ári þegar venjulegum sveitavegum er lokað fyrir allsherjar kappakstur mótorhjóla og mótorhjóla með hliðarvögnum. Bílar eru hins vegar sjaldséðir á brautinni. Subaru ruddi nýverið nýja braut og á dögunum fór Subaru með Subaru WRX STI í Ameríkuútgáfu til eyjarinnar og reyndi að slá fyrra met sitt frá 2011. Metið er jafnframt hraðamet á hringnum fyrir framleiðslubíl.

Hringurinn á Mön er gríðarlega krefjandi. Ekið er á venjulegum sveitavegum, í gegnum þorp og yfir heiðar á hring sem er næstum því 60 kílómetra langur. Meðalhraðinn er langt yfir 160 km/klst. Þar sem ýmiskonar hættulegar hindranir verða á vegi ökumannsins; stökk, krappar beygjur og steinveggir eru víða auk þess sem áhorfendur standa víða við „brautina“.

Að þessu sinni ók Mark Higgins bílnum og náði hann að bæta metið með því að aka þessa tæpu 60 kílómetra á 19 mínútum og 15 sekúndum með meðalhraðann 188 km/klst. Fyrra met Marks var 19 mínútur og 37 sekúndur og í þeirri ferð var Mark næstum því búinn að missa bílinn þegar ekið var á milli tveggja steinhleðslna.




# RENAULTSPORT MÉGANE 265 NÆR METINU AFTUR

Bílablað Fréttablaðsins fjallaði um það í síðasta mánuði að Renault hygðist ná aftur metinu á Nordschleife fyrir hraðskreiðasta framdrifsbílinn og fór mettilraunin fram þann 16. júní síðastliðinn. Renault Mégane hefur af mörgum verið talinn einn besti framdrifsbíllinn með tilliti til akstursseiginleika. Til sönnunar því hefur Renault sett met á einni alræmdustu kappakstursbraut í heimi, Nurburgring Nordschleife en metið hirti hins vegar Seat Leon Cupra 280 með tímanum 7 mínútur og 58,4 sekúndur í apríl.

Renault hefur tvisvar áður náð þessu meti og síðast var það Mégane 265 sem hélt metinu á tímanum 8 mínútur 7,97 sekúndur. Seat hélt metinu hins vegar ekki lengi því um daginn sló Renaultsport Mégane 265 metið þegar bíllinn náði hreint ótrúlegum tíma, 7 mínútum og 54,36 sekúndum. Til að setja tímann í samhengi þá er þessi tími á pari við 997-útgáfuna af Porsche 911 Turbo sem er 473 hestafla ofurbíll. Það ætti því ekki að leika neinn vafi á getu Renault í þessum efnum. Renault er því að gera ótrúlega hluti með þessum magnaða bíl en margir komu að mettilrauninni eins og slóvenski pústframleiðandinn Akropovic, sænski demparaframleiðandinn Öhlins og Michelin-dekkjaframleiðandinn.

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is




RAFBÍLAR ERU FRAMTÍÐIN

# LEAF NORDIC

HANNAÐUR FYRIR KALDARI MARKAÐSSVÆÐI




## LEAF NORDIC VERÐ: 4.490.000 KR.

**KAUPAUKI** - HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ FYRIR HEIMILI EÐA Í BÚSTAÐINN SEM HLEÐUR BÍLINN Á 4 TÍMUM FYLGIR NÝJUM LEAF!

Einnig lýkur uppsetningu á 10 nýjum hraðhleðslustöðum í sumar í Reykjavík og nágrenni sem gerir þér kleift að **hlaða LEAF á 30 mínútum þér að kostnaðarlausu.**

on ORKA NÁTTÚRUNNAR

**Nissan Hraðhleðslustöðvarnar eru settar upp í samstarfi við ON**




### HVAR ERU/VERÐA HRAÐHLEÐSLUSTÖÐVARNAR

- HÖFUÐSTÖÐVAR **ON** VIÐ BÆJARHÁLS
- **BL** SÆVARHÖFÐA 2
- BENSÍNSTÖÐ MIKLUBRAUT VIÐ KRINGLU
- MIÐBORG REYKJAVÍKUR
- SMÁRALIND KÓPAVOGI
- GARÐABÆR
- FITJAR REYKJANESBÆ
- SELFOSS
- LAUGARVATN
- BORGARNES

### LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR

Nissan Leaf er einn hagkvæmasti kostur sem völ er á með tilliti til rekstrarkostnaðar. Rafhlaðan í Nissan Leaf geymir 24 kW og því kostar um 320 kr. að fullhlaða rafgeyminn. Þú getur síðan keyrt u.þ.b. 160 km sem gerir um 2 kr. á hvern ekinn kílómetra – geri aðrir betur!




5 YEAR WARRANTY 100 000 KM

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

EURO NCAP

**NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM** sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

| GE bílar | Bílasalan Bilás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

**TOYOTA RAV4**

**2,0 L DÍSILVÉL, 124 HESTÖFL**
**Framhjóladrif eða fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,3 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 137 g/km $CO_2$
**Hröðun** 10,5 sek.
**Hámarkshraði** 180 km/klst.
**Verð** 5.440.000 kr.
**Umboð** Toyota á Íslandi

- Aksturseiginleikar
- Lítil toggeta aftanívagna

- Mikið rými
- Lítil eyðsla
- Búnaður
- Gott verð

# ÓDÝRASTA GERÐ ÍSLANDSJEPPLINGSINS

**Í þessum bíl fæst allt það sem skiptir máli í RAV4 á næstum tveimur milljónum lægra verði en dýrasta útgáfa hans.**



Einn af vinsælustu bílum síðustu ára hérlendis er Toyota RAV4 og fullt eins og Toyota Land Cruiser jeppinn hefur verið nefndur Íslandsjeppinn væri hægt að kalla RAV4 Íslandsjepplinginn. Hann er nú af fjórðu kynslóð en RAV4 kom fyrst á markað árið 1994 og ruddi leiðina fyrir jepplinga í heiminum. Nýlega kom til landsins ódýrasta útgáfa RAV4 sem undirritaður telur langbestu kaupin í þessum bíl. Hann er með 2,0 lítra dísilvél og er beinskiptur og hreint ágætlega búinn að öllu leyti. Í þessum bíl fær kaupandinn allt það sem skiptir raunverulega máli í RAV4 á næstum tveimur milljónum lægra verði en dýrasta útgáfa hans, sem kostar 7.390.000 kr. Þessi útgáfa hans kostar hins vegar 5.440.000 kr. Þegar Toyota hóf framleiðslu á RAV4 vildi fyrirtækið sameina kosti jeppa hvað stærð varðar og eyðslu venjulegs fólksbíls. Segja má að það hafi sannarlega tekist í þessari útgáfu bílsins því hann er einkar eyðslugrannur.

### Afar sparneytin dísilvél

Vélin í þessari útgáfu RAV4 er 2,0 lítra og 124 hestafla common-rail dísilvél með forþjöppu. Þetta virkar ekki há hestaflatala, en þar sem tog hennar er 310 Nm er hún nægilega öflug fyrir bílinn og undan engu að kvarta þar þó svo hér sé ekki á ferðinni spyrnukerra. Með henni er bíllinn 10,5 sekúndur í 100, sem er alls ekki svo slæmt fyrir jeppling. Stóri kosturinn við þessa vél er hins vegar hve litlu hún eyðir. Í reynsluakstri var hún ávallt undir 7 lítrum á hundraðið og hún ætti að geta nálgast 5 lítrana ef farið er á honum út á land. Það er alls ekki slæmt fyrir svo stóran bíl. Ekki stærri eða aflmeiri vél en þessi kemur nokkuð niður á toggetu á aftanívögnum, en hann togar ekki þyngri farm en 550 kíló. Þessi tiltölulega nýja kynslóð RAV4 er allnokkru stærri en forverinn, 20,5 cm lengri og 3 cm breiðari. Það finnst strax og inn í bílinn er komið. Á því ber þó mest í mjög svo rúmu fótaplássi fyrir aftursætisfarþega og fer einkar vel um þá sem þar sitja

### Merkilega vel búinn

Ein ástæðan fyrir því að þessi útgáfa RAV4 er svona ódýr er að bíllinn er beinskiptur, með 6 gíra. Greinarskrifara þykir það bara kostur og er þessi beinskipting hin ágætasta. Kúplingin tekur örlítið neðarlega og þarf að venjast því. Einnig þarf að standa dálítið á olíugjöfinni þegar lagt er af stað svo ekki komi til þess að drepist á bílnum. Með marga dísilbíla er það svo að það þarf eiginlega ekki að standa á henni er kúplingunni er sleppt þar sem togið er svo mikið. Öllu þessu þarf að venjast, en það tekur enga stund og gleymist fljótt. Þrátt fyrir að þessi RAV4 sé á svo góðu verði er ekki þar með sagt að bíllinn sé ekki ríkulega búinn. Þvert á móti er í honum búnaður sem kaupendur hans gætu ekki krafist fyrir verð hans. Auk þess kemur hann á þrusuflottum felgum, hann er með LED-ljós, bakkmyndavél, rafdrifinn afturhlera, leðurklætt stýri, hraðastilli og fleira góðgæti sem gleður. Eitt af því sem margir telja kost sem aukabúnað eru skyggðar afturrúður og þannig er það í þessum bíl. Þær eru, eins og með marga aðra bíla, alltof dökkar og ef hægt væri að panta bílinn án þessa væri það gott. Betra er að sjá veröldina eins og hún er og þessar skyggingar eiga miklu fremur við í sólríkari og bjartari löndum en á Íslandi.

### Engin fimleikastjarna en þægilegur í akstri

Akstur RAV4 er auðveldur og ljúfur en hann á samkeppnisaðila í jepplingaflokki sem slá honum rækilega við í aksturseiginleikum. RAV4 telst ekki með fimustu bílum ef tekið er vel á honum, en í daglegum akstri gerir hann allt sem eðlilegt telst að gera kröfu til. Það er það sem flestir kaupendur hans eru að leita eftir, þ.e. þægindi í akstri. Fjöðrun bílsins fer einkar vel með ökumann og hina klassísku prófun að fara hratt yfir hraðahindranir stóðst hann með glans og ekki bar á því að hann henti afturhlutanum óeðlilega. Toyota RAV4 tók með síðustu kynslóð stórtækum framförum í útliti og er ansi sportlegur á að líta. Hann hefur losað sig við varadekkið á afturhleranum, en í staðinn er ekkert eiginlegt varadekk, heldur aumingi undir farangursgólfinu. Gæti talist ókostur ef farið er á erfiðari slóðir, en það léttir bílinn. Afturhlerinn opnast nú upp en ekki til hliðar. Toyota hefur gert góða hluti hvað varðar hljóðeinangrun bílsins og bætt þar verulega í. Toyota RAV4 í þessari útfærslu er á flottu verði og fá kaupendur mikið fyrir aurinn.





**Afturhlerinn á nýrri kynslóð RAV4 opnast nú upp en ekki til hliðar .**



FIND NEW ROADS™

CHEVROLET

# FÁÐU MEIRA
## SJÁÐU MEIRA





SPARK
1.790.000.-
LS BENSÍN 1.0L BEINSKIPTUR

Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

SUMAR**BÓNUS**
CHEVROLET FYLGIR
**ÖLLUM** NÝJUM
BÍLUM

## FÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

Chevrolet bílar eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

## SJÁÐU MEIRA Í SUMARFRÍINU

Það er fátt notalegra en að ferðast um í Chevrolet Spark og fræðast um þær slóðir sem farið er um hverju sinni. Til að toppa upplifunina er svo er algjör snilld að slá upp grillveislu fyrir ferðafélagana þegar komið er á áfangastað.

Char-Broil

Öllum nýjum Chevrolet bílum fylgir Char Broil ferðagasgrill frá Rekstrarlandi og ferðahandbók að eigin vali* frá Forlaginu.

*Þú velur á milli eftirfarandi titla: Ferðaatlas, 155 Ísland, Fjallabókin, Íslenskur fuglavísir, Íslensk fjöll og Íslenska fjallahandbókin.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum











Subaru 360

# HVERNIG JAPAN BREYTTI BÍLAIÐNAÐINUM

## Smærri bílar, smærri vélar, lág bilanatíðni og ný nálgun japanskra framleiðenda breytti bílaframleiðslu í heiminum.

**Sindri Snær Thorlacius**

Góðar líkur eru á því að þú, lesandi góður, eigir japanskan bíl. Þeir eru mjög vinsælir hér á landi og hafa verið í dágóðan tíma. Hvernig má vera að bílar frá framleiðendum sem eru nánast hinum megin á hnettinum seljist svo vel hér á landi og reyndar um allan heim? Jú, þeir hafa sérstöðu á bifreiðamarkaðnum og ekki er eins og vinsældir þeirra hafi orðið að veruleika á einni nóttu. Leyfðu mér að útskýra.

### Öpuðu eftir og betrumbættu

En byrjum á smá sögustund. Iðnbyltingin sem hófst í Evrópu og Bandaríkjunum rataði seint til Japans en Japanarnir hafa yfirleitt verið mjög fljótir að taka við sér þegar ný tækni kemur fram einhvers staðar í heiminum. Þeir byrjuðu að fikta við bílasmíði árið 1904, tæpum tveimur áratugum eftir fæðingu fyrsta bílsins sem Karl Benz fékk einkaleyfi á í Þýskalandi. Til að byrja með voru það ýmsir einstaklingar og fyrirtæki sem reyndu sig áfram í þróun bílasmíði í Japan. Fyrstu bílarnir voru knúnir áfram með gufuvélarafli en mjög snemma gerðu menn sér grein fyrir, rétt eins og í öðrum löndum, að vélar sem brenna olíu væru skilvirkari og fyrsti japanski bensínknúni bíllinn var framleiddur árið 1907. Af þeim japönsku stórfyrirtækjum sem við þekkjum í dag var það Nissan (undir öðru nafni þá) sem var fyrst til að framleiða bíl, árið 1926, en textílframleiðandinn Toyota kom frumraun sinni á bílamarkaðinn áratug síðar.

Í þá daga hermdu allir japanskir framleiðendur eftir þeim bandarísku og evrópsku og framleiddu það sem má næstum kalla eftirhermur, en gerðu það undir sínu nafni og með sínum aðferðum. Um þetta leyti, fyrir seinni heimsstyrjöldina, voru þrír stærstu bílarisar heims að koma sér upp útibúum í Japan til framleiðslu og sölu í Asíu. Á næstu árum seldu þessir þrír bílaframleiðendur (Ford, GM og Chrysler) rúmlega sautján bíla í Japan fyrir hvern seldan japanskan bíl. Á meðan seinni heimsstyrjöldin geisaði var nánast öll bílaframleiðsla í Japan í lamasessi og átti heldur erfitt uppdráttar eftir stríð sökum mikils áfalls þjóðarinnar eftir tap í stríðinu. Fram að því hafði Japan nánast ekki selt neitt af bílum til útflutnings.

### Ný hugsun

Í kringum 1960 voru lítil mótorhjól nánast einu vélknúnu farartækin á japönskum götum og mikil skattlagning var á bíla. Þetta ýtti undir nýja hugsun. Til að komast undan þessari háu skattlagningu og til að fullnægja þörfum fátæks almúgans fóru bílaframleiðendur að smíða svokallaða Kei-bíla. Það eru bílar sem hafa vél sem hefur undir 360 rúmsentimetra (660 í dag) slagrými sem var mjög lítið miðað við evrópska og bandaríska bíla. Skattlagning bíla í Japan byggist á stærð slagrýmis vélar og því féllu Kei-bílarnir í mjög lágan ▸


Nissan Skyline.

## Helstu bílaframleiðendur Japans

**Daihatsu** – Elsti bílaframleiðandi Japans. Framleiða aðallega smábíla fyrir heimamarkað. Aðalhluthafi í Daihatsu er bílarisinn Toyota.

**Honda** – Eru með breitt úrval bíla sem seljast vel á heimsvísu. Þekktir fyrir einar skilvirkustu vélar í heimi. Stærsti mótorhjólaframleiðandi í heimi frá árinu 1959. Framleiðir flestar vélar í heimi – 14 milljónir á ári. Eiga undirmerkið Acura sem snýr aðallega að Bandaríkjamarkaði.

**Isuzu** – Einn stærsti framleiðandi dísilvéla í heimi – framleiðir vélar fyrir önnur stórfyrirtæki. Selja einnig takmarkað úrval bíla, en um allan heim.

**Mazda** – Eru með breytt úrval fólksbíla til sölu á heimsvísu. Þekktastir fyrir sportbíla með hinar sérstæðu Wankel/Rotary-vélar. Voru lengi vel í eigu Ford (frá BNA) og hafa í gegnum tíðina unnið mikla þróunarvinnu í samvinnu við Ford.

**Mitsubishi** – Selja bíla um allan heim en sala þeirra hefur dalað í samanburði við önnur japönsk merki á seinustu árum sem orsakaði að þeir hafa tekið einhverja bíla úr framleiðslu. Þekktastir fyrir Lancer Evolution-rallíbílana sem voru mjög sigursælir.

**Nissan** – Hétu áður Datsun. Eru í mikilli samvinnu við franska bílaframleiðandann Renault. Eiga undirmerki sem heitir Infiniti sem snýr aðallega að Bandaríkjamarkaði. Eru að endurvekja Datsun-merkið á næstunni. Þekktastir fyrir góða afturhjóladrifna sportbíla (kallaðir Z) og ofursportbílinn GTR (áður kallaður Skyline GTR).

**Subaru** – Eru í eigu risastórs iðnaðarfyrirtækis, Fuji Heavy Industries. Þekktastir fyrir að notast nær einungis við Boxer-vélar (líkt og þýski sportbílaframleiðandinn Porsche) og sítengt fjórhjóladrif sem hefur gefið þeim mikla sérstöðu á markaðnum. Þeir hafa gjarnan parað Boxer-vélar sínar við forþjöppur (turbo) og eiga sér sögulega stjörnu í rallíheiminum, Impreza WRX STi. Sölutölur Subaru hafa einungis farið upp á við seinustu ár og virðast ætla að halda því áfram.

**Suzuki** – Framleiða gríðarlega mikið af smábílum fyrir heimamarkað en eru einnig með takmarkað úrval bíla fyrir heimsmarkað.

**Toyota** – 14. stærsta fyrirtæki heims, stærsti bílaframleiðandi í heimi. Eru með heila borg undir sína starfsemi í heimalandinu. Eiga undirmerkið Lexus (ásamt fleiri minni merkjum) sem er eitt helsta lúxus- og ofursportbílamerki heims. Bjóða upp á mjög breitt úrval bíla á heimsvísu.




skattflokk. Einnig voru þeir ódýrir, litlir og meðfærilegir og síðast en ekki síst eyðslugrannir. Fyrsti Kei-bíllinn var hinn fallegi Subaru 360, sem byggður var lauslega á Volkswagen „Bjöllu“ árið 1958 og kom hann framleiðandanum á kortið.

Fyrir stærri fjölskyldur fóru framleiðendur að smíða stærri bíla með stærri vélum sem voru frá 700 og alveg upp í 1.100 rúmsentimetra. Þessi þróun varð öll á sjöunda áratug síðustu aldar en þá blómstraði japanski bílaiðnaðurinn og útflutningur á japönskum bílum næstum tvöhundruðfaldaðist. Mikilvægasti markaðurinn á þessum tíma var sá bandaríski og kepptust japanskir bílaframleiðendur um að koma sér fyrir þar og selja sem mest, en Kaninn beit á agnið í fyrstu.

### Nýir markaðir

Á áttunda áratugnum færðist salan enn meira í aukana og framleiðendur fóru að líta til Evrópu. Merki eins og Mitsubishi og Honda herjuðu á bandaríska markaðinn á meðan Datsun (Nissan) og Toyota reyndu við þann evrópska til að byrja með. Fáeinum árum síðar voru bílar allra stærstu framleiðenda Japans fáanlegir í flestum vestrænum löndum.

Ástæður þess að japönsku bílarnir voru ekki vinsælir erlendis í fyrstu voru margar, en þær helstu hversu litlir, afllausir og hráir þeir voru og þeir reyndust vera svolítið eftir á þegar kom að hönnun. Þeir voru ennþá gjarnan hannaðir með skírskotun í hönnun annarra þekktra bíla en voru oftast heldur minni og aflminni í senn. Fljótt komu þó kostirnir í ljós. Þeir voru mjög ódýrir í kaupum og ennþá ódýrari í viðhaldi, nettir og léttir, og bilanatíðnin var mun lægri en hjá keppinautunum. Fólk í þá daga gerði nánast ráð fyrir því að komast ekki í vinnuna á bílnum ef kalt var í veðri og það var eðlilegt ef eitthvað bilaði í fjölskyldubílnum á ferðalögum – þangað til að japanski bíllinn sannaði annað. Síðan þá hefur japanski bíllinn haldið áfram að vera viðhaldslítill og oftast með vélar með tiltölulega litlu sprengirými sem afkasta miklu.

### Skipulag og hugvit

Það sem ýtti undir velgengni japanskra framleiðenda var gott skipulag, hugvit og góð stjórnun fyrirtækjanna. Í samanburði við framleiðendur frá öðrum löndum gátu þeir framleitt fleiri bíla á dag og fleiri bíla á hvern starfsmann. Starfsaldur starfsmanna japanskra framleiðslufyrirtækja var almennt hærri og þeir ánægðari. Ekki áttu þeir í vanda með verkalýðinn og verkföll voru fátíð, ólíkt því sem þekktist í öðrum löndum á þessum tíma. Þessu náðu þeir með því að halda góðu sambandi við verkalýðsfélög. Japan hefur í mörg ár verið stærsta framleiðsluland bíla í heimi en er nýlega búið að tapa efsta sætinu til Kínverja. Japanski bílaframleiðandinn Toyota er hins vegar stærsti bílaframleiðandi í heiminum eins og er.

### Biluðu ekki

Hvernig hefur þá Japan breytt bílaiðnaðinum? Það er einmitt spurningin sem þarf svar við, en ef nefna ætti öll dæmi þess, þá myndi þessi grein líkjast frekar bók en grein.

Svo eitthvað sé nefnt þá er mikilvægasta svarið bilanaleysi. Sjaldan í sögu bílsins hefur orðið eins drastísk breyting á stöðlum bíla og þegar japanskir bílar byrjuðu að seljast á heimsvísu. Þá varð fólk vart við það að bílar þyrftu ekkert endilega að bila mikið. Stærstu atriðin voru nýjar olíusíur og startarar en olíusíur fyrir þann tíma höfðu ekki síað nógu vel og startarar höfðu mjög stuttan endingartíma. Eftir að fólk gerði sér grein fyrir þessu fóru bandarískir og evrópskir bílaframleiðendur að horfa í eigin barm og breyting þurfti að verða svo þeir ættu séns í viðhaldslitlu Japanana á þessum harða markaði. Auðvitað bila bílar alltaf eitthvað en það minnkaði mjög eftir að þessi breyting varð. Nú komast bílar oftar en ekki yfir 200.000 ekna kílómetra á sinni ævi með venjulegu viðhaldi en það var bara efni í drauma fyrir breytinguna.

### Frábærar vélar

Japanskar vélar hafa alltaf verið mjög áhugaverðar. Þær hafa yfirleitt verið í minni kantinum og með lítið sprengirými. Einu japönsku bílarnir með tiltölulega stórar vélar hafa verið sérstaklega framleiddir fyrir Ameríkumarkað vegna þess að kaupendur í Bandaríkjunum er vanir miklu sprengirými og togmiklum vélum. Japanir hafa verið þjóða duglegastir í notkun á forþjöppum (turbo) og þá sérstaklega í vélum með lítið sprengirými. Mjög margir af fyrrnefndum Kei-bílum eru með forþjöppu til þess að fá sem mest út úr litlu sprengirými vélanna. Í dag er mikil vakning í þessum málum um allan heim.

Svo virðist vera að restin af heiminum hafi loks gert sér grein fyrir að lítið sprengirými með forþjöppu skilar minni eyðslu þar sem flestir bílar í dag eru fáanlegir í einhverjum útfærslum með þessari uppskrift, hvort sem það heitir EcoBoost, BlueMotion eða álíka. Japanir hafa fundið upp alls konar vélartækni eins og VTEC frá Honda, VVT-i frá Toyota, Boxer Diesel frá Subaru og nýlega Skyactiv frá Mazda. Einnig hafa þeir endurnýtt hugmyndir annarra með Wankel-/Rotary-vélunum frá Mazda og Boxer-vélunum frá Subaru. Það sem Japanar eru þekktastir fyrir er að taka góðar hugmyndir frá öðrum og margfalda útkomuna.

### Breyttir bílar og „drift“

Frá því að bíllinn kom fram á sjónarsviðið hefur alltaf verið áhugi hjá mörgum fyrir því að breyta og betrumbæta bíla sína. Þessi lenska fór samt ekki almennilega á flug fyrr en japönsku bílarnir komu fram á sjónarsviðið því að Japan er stærsta samfélag breyttra bíla í heiminum og aragrúi af japönskum fyrirtækjum sérhæfir sig í pörtum fyrir japanska bíla. Til eru meira að segja dæmi um að japanskir bílaframleiðendur hafi framleitt bíla sérstaklega til þess að hægt sé að breyta þeim og persónugera af eigendum.

Aksturslistin „drift“ kemur frá Japan. Engin opinber íslensk ▸


# Gott úrval af notuðum bílum


**KIA Sportage EX.**
Skr. 04.2012,
ekinn 86 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.480.000.**
Rnr.100485.


**NISSAN X-Trail LE.**
Skr. 04.2008,
ekinn 84 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.580.000.**
Rnr.100027.


**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 05.2010,
ekinn 30 Þ.KM, bensín,
sjálfskiptur, leður,
sóllúga o.fl..
**Verð 3.950.000.**
Rnr.100572.


**HYUNDAI I 30 Comfort.**
Skr.06.2008,
ekinn 115 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.100045.


**MAZDA MPV ES.**
Skr. 06.2006,
ekinn 92 Þ.KM, bensín,
sjálfskiptur, leður, sóllúga
o.fl., 7 manna.
**Verð 2.150.000.**
Rnr.100592.


**PORSCHE Cayenne.**
Skr. 07.2005,
ekinn 116 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur,
dráttarkrókur o.fl..
**Verð 2.980.000.**
Rnr.100319.


**SUZUKI Grand Vitara Sport.**
Skr. 06.2008,
ekinn 90 Þ.KM, bensín,
sjálfskiptur.
**Verð 2.450.000.**
Rnr.100638.


**NISSAN Juke Acenta.**
Skr. 12.2013,
ekinn 10 Þ.KM, bensín,
sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 3.450.000.**
Rnr.100635.


**FORD Escape XLT Choice 4wd.**
Skr. 05.2007,
ekinn 157 Þ.KM,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.150.000.**
Rnr.100617.
100% kortalán
mögulegt.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**




Honda NSX




Mazda 787B

þýðing er komin fram svo að ég viti en við getum kallað það skrik, í leit að betri þýðingu. Skrik gengur út á að vera á afturhjóladrifnum bíl og nota afl vélarinnar í að spóla á afturdekkjunum og ná afturhluta bílsins út til hliðar, svo að bíllinn skriki og reyna að halda honum þannig. Út af reglum og sköttum sem japanska ríkið hefur beitt í gegnum tíðina hefur skapast mjög skemmtileg bílamenning þar, sem taka mætti til fyrirmyndar annars staðar. Meðal annars eru Kei-bílarnir mjög sniðugir þar sem þeir eru ótrúlega léttir og einfaldir ásamt því að eyða mjög litlu og kosta lítið. Einnig var lengi vel regla meðal bílaframleiðenda í Japan að ekki mætti framleiða bíl sem skilaði meira en 276 hestöflum. Þetta kom í veg fyrir hestaflakeppni á milli framleiðenda eins og hefur lengi tíðkast í bæði Evrópu og Bandaríkjunum. Í staðinn fóru framleiðendur að huga betur að akstursgetu bílsins, léttleika og þróun nýrrar tækni til að nýta 276 hestöflin sem best. Þessi aðferð minnir einna mest á hinar ýmsu kappaksturskeppnir sem eru með hestaflatakmörkunum svo að lið og framleiðendur verða að huga að öllum öðrum atriðum sem býr til mikla framþróun á markaðnum.

### Hetjur gatnanna

Ekki má gleyma einstökum bílum sem eru í dag orðnir að hetjum gatnanna sökum góðs orðspors. Þar má nefna Mazda MX5 (Miata í BNA) sem er japönsk útgáfa af litlum, ódýrum og léttum afturhjóladrifnum blæjubíl í anda Alfa Romeo Spider eða þeirra fjölmargra bresku blæjubíla sem voru svo frægir um miðbik síðustu aldar. Subaru WRX STi og Mitsubishi Evolution voru fyrstu bílar á markaðnum sem hægt var að kalla „rallíbíla fyrir götuna“, því þeir voru mjög líkir keppnisbílum World Rally Championship bæði í útliti og getu, en samt fyrir lítið fé. Honda NSX var svokallaður ofurbíll Japans á sínum tíma og var undir 276 hestafla takmörkunum en náði samt að halda í við evrópsku og bandarísku ofurbílana sem voru oft næstum tvöfalt öflugri.

Toyota Land Cruiser og Toyota Hilux eru líklegast þekktustu jeppar heims og af góðri ástæðu. Þeir eru ótrúlega áreiðanlegir og auðvelt er að breyta þeim. Síðast en ekki síst verður að nefna „Godzilla“, en það er viðurnefnið á flaggskipi Nissan frá árinu 1969. Þessir bílar heita GTR en áður fyrr hétu þeir Skyline GTR. Þeir eru þekktir fyrir að vera fljótari en flestir ofur- og sportbílar markaðarins en mun ódýrari. Þeir eru líka stútfullir af nýjustu tækni síns tíma og setja yfirleitt markið varðandi tækni framtíðar í sportbílum.

### Öflugir í akstursíþróttum

Mótorsport hefur ávallt verið stór partur af japanskri menningu. Japanar hafa almennt mjög mikinn áhuga á mótorsporti og eiga þeir eina mestu sögu íþróttarinnar af öllum þjóðum. Til eru kappakstursíþróttir sem koma beint frá Japan, líkt og Drift og Gymkhana. Þessar tvær íþróttir eru orðnar mjög vinsælar um heim allan í dag, en munu ávallt tengjast Japan sterkum böndum. Einnig hafa Japanar tekið þátt í flestum alþjóðlegum bílaíþróttum eins og Honda og Toyota í Formúlu 1, Subaru, Toyota, Mazda, Nissan og Mitsubishi í alþjóðarallýinu og Mazda, Toyota og Nissan í Le Mans 24 klukkustunda kappakstrinum í Frakklandi.

Frægasta kappakstursserían í Japan er þó Super GT sem á margt skylt með þýsku DTM-keppninni enda munu þessar tvær seríur sameinast á næsta keppnistímabili, sem ætti að verða áhugavert áhorfs. Í Super GT keppast allir helstu bílaframleiðendur Japans á hinum fjölmörgu stórmögnuðu kappakstursbrautum landsins um hvaða framleiðandi er hraðastur það árið. Þessi keppni hefur ýtt undir mikla þróun fyrir japanska götubíla þar sem margar hugmyndir og uppfinningar sem fæðast í mótorsporti geta skilað sér í framleiðslubílum.

Þar með er upptalið helsta framlag Japans til bílaiðnaðarins, og hefur hann aldeilis notið góðs af. Þá er spurning hvort flestum lýði ekki bara ágætlega með að keyra um á japanska bílnum sínum eftir þennan fróðleiksmola?

➜ Toyota Land Cruiser og Toyota Hilux eru líklegast þekktustu jeppar heims og af góðri ástæðu. Þeir eru ótrúlega áreiðanlegir og auðvelt er að breyta þeim.




Volvo S60

# VOLVO SELUR KÍNVERSKA FRAMLEIÐSLU Í BANDARÍKJUNUM

Þó að engir kínverskir bílar séu til sölu í Bandaríkjunum nú er ekki þar með sagt að engir bílar frá Kína verði þar brátt til sölu. Volvo ætlar á næsta ári að framleiða lengri gerð hins vinsæla Volvo S60-bíls í Kína og flytja hluta framleiðslunnar til sölu í Bandaríkjunum. Reyndar stendur til að gera þetta með fleiri bílgerðir og að flytja þá til fleiri landa. Á næsta ári er einmitt líklegt að þeir Volvo XC90-bílar sem seldir verða í Rússlandi verði einnig framleiddir í Kína. Stærsta ástæðan fyrir því að selja kínversk-framleidda bíla í Bandaríkjunum er sú að gengi dollarans gangvart kínverska yuaninu er hagstæðara og stöðugra en gagnvart sænsku krónunni. Volvo hræðist mjög skyndilegar gengissveiflur og er með þessu að koma í veg fyrir áhrifin af þeim.



# NÝR AYGO Á LEIÐINNI

## Toyota kynnir nýja kynslóð Aygo undir kjörorðinu „Go fun yourself“

Smábíllinn Toyota Aygo hefur notið mikilla vinsælda hér á landi sem annars staðar og nú er stutt í aðra kynslóð bílsins. Hann hefur reyndar frá því hann fyrst kom á markað árið 2005 tvisvar fengið andlitslyftingu. Þessi bíll hefur sem fyrr verið ætlaður ungu fólki enda ávallt verið á viðráðanlegu verði. Fyrir stuttu fengu íslenskir bílablaðamenn að kynnast þessum snaggaralega bíl og aka honum um fagrar sveitir Hollands í nágrenni við Amsterdam sem og í bæjarakstri. Þar fer sannarlega hinn ágætasti smábíll sem áfram mun höfða til yngri kynslóðarinnar, sem og þeirra sem kjósa að eiga lítinn bíl sem hentar vel til borgaraksturs.

Toyota kynnti þessa nýju kynslóð Aygo undir kjörorðinu „Go fun yourself“ og á það vel við þennan bíl. Það gefur nýjum Aygo mikinn svip að framendi bílsins er X-laga og X-ið kemur einnig fram í nöfnum hinna mismunandi útfærslna bílsins, þ.e x-play, x-pression, x-cite og x-clusiv. Aygo verður fáanlegur í mörgum litasamsetningum þar sem kaupendur raða bílnum saman að eigin ósk, bæði hvað varðar ytra og innra útlit bílsins. Það virðist vinsælt meðal bílaframleiðenda þessa dagana að bjóða kaupendum slíkt og hafa sumir þeirra nefnt slíkt val „personalization“ og má hæglega útbúa Aygo-bílinn þannig að enginn annar eigi eins bíl hvað útlit varðar. Fyrstu bílarnir af Aygo koma til landsins nú í júlí en Toyota á Íslandi ætlar ekki að kynna hann formlega fyrr en með haustinu.




*Við frumsýnum nýjan Ford Transit Van*

# Stór. Skilvirkur. Án málamiðlana.

**> Gríðarsterk sendibílalína Ford styrkist enn meira**

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árið 2013 og 2014. Ford Transit sendibílarnir eru jafnframt mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár. Staða Transit styrkist nú enn frekar með nýjum Ford Transit Van. Nýr bíll frá grunni sem kemur í þremur lengdum, með tveim mögulegum lofthæðum og allt að 15,1 m$^3$ flutningsrými.

**Nýr Ford Transit Van er harðgerður og vinnusamur.**

**Komdu og prófaðu.**

NÝR FORD **TRANSIT**

FRÁ **4.446.215** KR. ÁN VSK

FRÁ **5.580.000** KR. MEÐ VSK

ford.is

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.

Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. $CO_2$ losun 194 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

NISSAN X-TRAIL

**1,6 L DÍSILVÉL, 128 HESTÖFL**
**Framhjóladrif eða fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 5,1 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 135 g/km CO2
**Hröðun** 11,0 sek.
**Hámarkshraði** 186 km/klst.
**Verð** frá 5.490.000 kr.
**Umboð** BL

- Skortur á fleiri vélarkostum
- Fæst ekki sjálfskiptur
- Fjórhjóladrifinn

- Rúmgóður
- Lág eyðsla
- Gott verð

# STÓRI BRÓÐIR QASHQAI KEMUR Á ÓVART

## Nissan X-Trail hefur tekið hamskiptum og er ekki bara góður akstursbíll heldur fríður að auki.




Nissan X-Trail jeppinn seldist vel hér á landi fyrir nokkrum árum en BL hefur ekki boðið þann bíl í nokkurn tíma. Á því er að verða breyting og er það vel ef mið er tekið af prófun á bílnum fyrir stuttu. Sú prófun fór fram í nágrenni Lissabon í Portúgal og er það fallegur staður til að prófa nýja bíla þó svo X-Trail gæti glímt við erfiðari aðstæður en þar bjóðast. X-Trail hefur tekið hamskiptum og á fátt sameiginlegt með forveranum sem seint hefur talist fallegur bíll. Í útliti er hann nú mjög líkur Qashqai-jepplingnum og er eiginlega eins og stóri bróðir hans. Það getur seint talist ókostur þar sem Qashqai er einstaklega laglegur bíll. X-Trail er 10 cm lengri en Qashqai og hann er líka breiðari og hærri. Annar stór kostur við X-Trail er að hann verður í boði á mjög flottu verði, eða frá 5.490.000 krónum. Útfærsla hans á því verði er þó með drifi á einum öxli en sjálfskiptur þó. Beinskiptur, fjórhjóladrifinn X-Trail mun bjóðast á 5.890.000 krónur.

### Alger stakkaskipti, innra sem og ytra

Ytra útlit X-Trail er hreint til fyrirmyndar. Í honum eru fallegar línur, tiltölulegar bólgnar og kraftalegar. Hjólaskálarnar eru stórar og eykur það á kraftasvipinn en í þær þurfa líka að komast 19 tommu felgur, sem einnig eru mjög laglegar. Hann prýða einnig flott LED-aðalljós og nokkuð stór vindskeið aftan á bílnum eykur aðeins á töffaraskapinn. Eigendur eldri gerðar X-Trail myndu alls ekki þekkja sig inni í nýja bílnum, en hann hefur tekið stakkaskiptum þar einnig og er sérdeilis fallegur. Nissan hefur tekist jafn vel að útbúa innanrými X-Trail og Qashqai, en þar er öllu haganlega fyrir komið og ekki fer hjá því að lúxusbílatilfinning komi yfir þann sem í hann sest. Á það ekki síst við reynsluakstursbílana sem voru með leðurinnréttingu. X-Trail er útbúinn þriðju sætaröðinni og því 7 manna bíll. Þar leysir hann lengri útgáfuna af Qashqai af hólmi, en sá bíll er fyrir vikið ekki í boði þannig búinn. X-Trail er óvenju vel tækjum búinn og sem dæmi um eitthvað sem kemur á óvart er að á aðgerðaskjánum í mælaborðinu má sjá umhverfi bílsins til allra hliða á einni mynd en slíkur búnaður hefur hingað til aðeins sést í mjög dýrum lúxusbílum. Reynsluakstursbílarnir voru með glerþaki sem opnaðist meira en undirritaður hefur áður séð í bíl og bíllinn er mjög bjartur að innan vegna þessa. Rými fyrir aftursætisfarþega er kapítuli út af fyrir sig en það er líkt og í stórum lúxusbílum og óhætt að flytja þar stærstu körfuboltamenn. Framsætin eru einnig góð.

### Engin spyrnukerra en duglegur samt

Akstur X-Trail er með ljúfasta móti þó svo þar fari ekki sportjeppi í líkingu við Porsche Macan, Cayenne eða BMW X5. Akstur hans kemur þó þægilega á óvart miðað við hversu ódýr jeppi þar er á ferð. Hann nýtur ýmissa aðstoðarkerfa og sem dæmi fylgist „Active Trace Control“-kerfið með hraða og inngripi í stýri og aðlagar aksturslínu bílsins í beygjum í stað þess að grípa til spólvarnar með tilheyrandi látum. Stýrið er létt og þægilegt og bæði beinskiptingin og sjálfskiptingin, sem báðar voru, reyndar svínvirkuðu. Þar sem Nissan hefur tekist að létta bílinn milli kynslóða um 90 kíló hefur það aukið á léttleika bílsins í akstri. Vélin sem í boði er í X-Trail er 1,6 lítra dísilvél sem skilar 128 hestöflum. Þar fara ekki ýkja háar tölur en hún skilar samt 320 Nm togi og því er bíllinn alls enginn letingi, en engin spyrnukerra heldur. Fyrir vikið er hann mjög eyðslugrannur og hefur Nissan tekist að minnka eyðsluna um 20% milli kynslóða. Að auki mengar hann aðeins 139 $CO_2$ og þess vegna fellur hann í lágan tollflokk sem endurspeglast í góðu verði. Nissan mun bjóða stærri dísilvél í X-Trail á næsta ári, 2,0 lítra, og sá bíll ætti að verða einkar sprækur. Í heildina verður að segjast að reynsluakstrinum á þessum nýja X-Trail hafi vakið kátínu og magnað að svo lítil vél skýri hana að hluta.

### Mikil drifgeta og hellingur af plássi

Með nýjum X-Trail hefur Nissan aftur gert sig gildandi í jeppaflokki, þó svo Patrol-bíllinn hafi alltaf staðið fyrir sínu, en hann er jálkur sem fátt á sameiginlegt með þessum nýja bíl. Hvort Nissan tekst að selja slíka ógn og býsn af þessum bíl eins og þeir gera af Qashqai og Juke mun tíminn einn leiða í ljós en þeir mega þó vera bjartsýnir miðað við hvað þeir eru með í höndunum í þessum vel heppnaða jepplingi. X-Trail verður í boði hér á landi sem annars staðar á verði sem ætti að freista margra. Þar fá kaupendur fallegan bíl sem tekur mikið af fólki og farangri og ætti því að henta landanum vel. Hann er bæði góður sem borgarbíll, en einnig bíll til að kanna ókunnar slóðir þar sem hann býr áfram að sínu góða drifkerfi. Það var ekki hægt að kanna að fullu sökum skorts á erfiðum aðstæðum í landinu sólríka, en undirritaður hefur kynnst drifkerfi bílsins af eldri kynslóð og það hreif mikið. Reyndar hreif það jafn mikið og útlitið hreif lítið, en nú er því ekki að heilsa, heldur þveröfugt. Einn ókost verður upp að telja, en hann er sá að X-Trail með fjórhjóladrifi má aðeins fá beinskiptan og framdrifsútgáfan fæst aðeins sjálfskipt.



X-Trail má fá sjö manna og hann leysir því Qashqai+2 af hólmi sem sjö manna bíll Nissan.





www.volkswagen.is














## Volkswagen Caddy

# Snjallari kynslóð atvinnubíla

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótleikurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnuþjarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

**VW SNJALL-BÍLL**

Snjall-Caddy kostar aðeins frá

## 3.250.000 kr.

**(2.589.641 kr. án vsk)**

### Staðalbúnaður í Caddy

- Rennihurðir á báðum hliðum
- Stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Loftpúðar fyrir ökumann
- Útvarp með geislaspilara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmídúkur á gólfi flutningsrýmis
- Tvískipt afturhurð með 180° opnun

### Aukabúnaður Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrapúði
- Hraðastillir (Cruise Control)

Atvinnubílar

*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



## Audi býr sig undirr afbílavæðingu

Á síðasta ári seldust um 180.000 rafmagnsbílar en spáð er að árið 2028 verði seldar 2,7 milljónir rafmagnsbíla á ári. Fyrir stóran bílaframleiðanda er því lítið vit í því að taka ekki þátt í smíði rafmagnsbíla. Audi ætlar að hafa vaðið fyrir neðan sig í þeim efnum og hefur gert drög að heilmikilli rafvæðingu Audi-bíla. Nú þegar býður Audi R8 e-tron sportbílinn sem eingöngu gengur fyrir rafmagni og hefur drægni uppá 450 kílómetra. Það er þó eini hreinræktaði rafmagnsbíll Audi en í áætlunum Audi er gert ráð fyrir mörgum slíkum bílum. Audi fylgist grannt með góðum gangi Tesla og einnig góðri sölu BMW á i3-rafmagnsbílnum og væntanlegri markaðssetningu i8-sportbíls BMW. Það þýðir þó ekki að Audi ætli að hefja stórfellda framleiðslu rafmagnsbíla á morgun, heldur er meiningin að vera tilbúnir ef eftirspurnin tekur mikinn kipp. Sú vaktstaða gæti staðið næstu 5-7 árin. Heimildir herma að Audi hafi gert plön um að geta snarlega útvegað nýjan Audi Q8-jeppa sinn sem rafmagnsbíl, en ekki fylgja sögur af hvaða fleiri gerðir Audi-bíla yrðu þannig boðnir einnig. Audi miðar við að enginn þeirra myndi hafa minni drægni en 400 kílómetra.



## Gæði Hyundai skila fyrsta sæti í gæðakönnun J.D. Power

Hyundai rataði í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Powers í síðustu viku en árangurinn þykir einstaklega góður hjá Hyundai þar sem Hyundai Accent var í efsta sæti í flokki lítilla bíla, Hyundai Elantra (i30 á Íslandi) var efstur í millistærðarflokki og Hyundai Genesis var efstur í lúxusbílaflokki. Þá náði Hyundai framúrskarandi árangri með lágri bilanatíðni en þar voru efstir á blaði Porsche, Jaguar, Lexus, Hyundai og Toyota. Lestina ráku bílar frá Fiat, Jeep, Mitsubishi, Scion (í eigu Toyota) og Mazda. J.D. Power-gæðakönnunin byggist ekki eingöngu á gögnum um bilanir í bílum heldur nær könnunin einnig til tæknibúnaðar og hvernig umgengni við hann er. Margir nýir bílar eiga erfitt með að ná góðum árangri vegna flókinnar hönnunar og fer vandamálið vaxandi eftir því sem aukabúnaður eykst í bílum. Hyundai kemst vel frá þessu vandamáli enda hefur framleiðandinn lagt mikla áherslu á notendavænt umhverfi bílanna sem hefur orðið til þess að upplifun eigenda á raunverulegum gæðum verður meiri og betri.

# Bjalla sem er 2,1 sekúndu í hundraðið

Fáar Bjöllur hafa talist ofurbílar hingað til, en þessi verður að teljast það. Bíll sem fer í 100 km hraða á 2,1 sekúndu á sæti í þeim flokki. Ekki er það þó svo að hann sé fjöldaframleiddur af Volkswagen heldur er þessi bíll sérframleiddur til keppni á malbikuðum akstursbrautum. Vél hans, sem er miðjusett í bílnum, er aðeins með 1,6 lítra sprengirými í fjórum strokkum en úr þeim eru kreist 544 hestöfl. Það hjálpar upp á snerpu hans að hann vegur aðeins 1.225 kíló, þrátt fyrir veltigrindina sem í honum er. Hann er fjórhjóladrifinn og með 6 gíra beinskiptingu, útbólgin bretti, risastóra vindskeið og fjöðrun hans hefur hvorki meira né minna en 23 cm slaglengd. Þó þessi keppnisbíll hafa þegar verið kynntur til leiks í keppnisröð Red Bull, verður honum ekki ekið þar fyrr en seint á þessu ári. Ökumenn verða ekki ófrægari menn en Tanner Faust og Scott Speed, en þeir verða að sætta sig við að aka Volkswagen Polo-bílum fram að því.







Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær

## FEMARELLE FYRIR KONUR Á BREYTINGASKEIÐI

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.




# BETRI LÍÐAN MEÐ FEMARELLE

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

Ég sá nokkrar auglýsingar í blöðunum um undramátt Femarelle og þar sem ég var farin að finna fyrir miklum hitakófum og svefntruflunum langaði mig að prófa," segir Sigríður Elín Thorlacius. „Ég fékk þessi hitakóf nokkrum sinnum yfir daginn og vaknaði við þau á tvisvar til þrisvar yfir nóttina. Þessi truflun á svefni fór illa í mig þar sem ég hafði aldrei vaknað á nóttunni fyrr. Ég keypti pakka og sé ekki eftir því. Það tók um það bil þrjár vikur að virka hjá mér svona í fyrsta skipti en eftir það hef ég ekki fundið fyrir hitakófum og sef eins og engill allar nætur," segir hún. „Ég þarf vinnu minnar vegna að ferðast um nokkur tímabelti tvisvar í mánuði og hafði smá áhyggjur af því að þetta rugl með líkamsklukkuna myndi hafa áhrif á Femerelle-notkun mína. Það gerðist ekki, ég sef líka mjög vel erlendis. Ég mæli hiklaust með Femarelle þar sem það er náttúrulegt. Þar sem ég vildi ekki taka inn hormóna var þetta snilldarlausn fyrir mig."



**ALLT ANNAÐ LÍF** Sigríður Elín er hætt að finna fyrir hitakófum og sefur betur eftir að hún fór að taka inn Femarelle. MYND/GVA

### ALGJÖRT UNDRAEFNI

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum," segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkennin verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni."

### FANN FLJÓTT MIKINN MUN

„Ég byrjaði á breytingaskeiðinu fyrir sjö árum og hef verið á þremur tegundum af hórmónalyfjum og þurfti að skipta um lyf þar sem sum hentuðu mér illa. Ég átti erfitt með svefn, svitnaði mikið og var með mikla skapbresti. Því ákvað ég að hætta að taka inn hormónalyfin þar sem þau voru ekki að virka á mig," segir Bryndís Guðmundsdóttir. „Ég ákvað að lesa mér til á netinu og rakst á grein um Femarelle. Ég ákvað að prófa einn pakka. Það er gaman frá því að segja að ég fann mjög fljótt mun á mér. Fór að sofa betur, hætti að svitna á nóttunni, skapið er miklu léttara og ég hef meiri orku. Ég get mælt 100 prósent með Femarelle ef konur vilja ná betri líðan á breytingaskeiðinu."

### Í MEIRA JAFNVÆGI

„Ég var komin á breytingaskeiðið, áttaði mig á því þegar ég var orðin grátgjörn og fljót að æsa mig við börnin mín sem áttu það svo sannarlega ekki skilið. Einnig fékk ég hitakóf og svitnaði mikið á næturnar," segir Guðrún Jóhannsdóttir. „Ég heyrði af Femarelle fyrst hjá vinkonu minni, þessu undraefni. Eftir aðeins nokkurra daga notkun fann ég mikinn mun á líðan minni, ég er í meira jafnvægi, svitaköstum fækkaði og nú er ég laus við þau. Ég er búin að taka Femarelle í nokkurn tíma og þakka fyrir hvern dag eftir að hafa fundið þessi frábæru hylki. Mér líður mjög vel í dag og þakka Femarelle það."




### FEMARELLE

**ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR**

*Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum
*Þéttir beinin
*Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef
*Náttúruleg lausn, inniheldur Tofu-extract og Flaxceed-duft.
*Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
*Staðfest með rannsóknum síðustu 13 ár

**SÖLUSTAÐIR**

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.

**UPPLÝSINGAR**

**www.icecare.is og Femarelle á Facebook**









## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Laga ryð á þökum, hreinsa þakrennur, laga veggjakrot ofl. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í bolla/spil. Sé tímabókun gerð með sms er símaspá möguleg. S.699 4686. Kristín

## Rafvirkjun




## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Við erum með mikið úrval af úti og inni skiltum. Verð frá 19.900 kr S:580-7820.




Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningar og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Óska eftir herbergi með aðgangi af wc og eldhúsi. Uppl. í s. 867 8231

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu nokkur skrifstofuherbergi með aðgang að fundarherbergi, kaffistofu, móttöku, 60 fm svölum í Bæjarlind 4. Kópavogi. Laust strax. Uppl. í síma 660-7761 og 822-5588 eða tingholt@tingholt.is

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu, hlutastarf. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs, part time. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

Múrari með reynslu, geri allt þarf innan hús Flísaleggja, Byggja eldstæði innan sem utan og margt fleira Uppl. í síma 6903882







## til sölu

# Til Sölu
## Veitingastaður við Ármúla Rvk.





Frekari upplýsingar :

Einar E. Guðmundsson, viðskfr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk.
s. 517-3977 Netfang: einareg@gmail.com

Til afhendingar nú þegar

## fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Aratún 5 - Garðabæ

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mjög gott um 212,2 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 36,9 fm. bílskúr. Bílskúr er innréttaður sem vinnustofa, en getur einnig nýst sem studíóíbúð. Rúmgóðar stofur með arni. Garðstofa með útgangi á verönd. Opið eldhús með nýlegri háglansinnréttingu. Þrjú til fjögur herbergi. Ræktuð lóð með afgirtri viðarverönd. Verkfæraskúr er á lóð. Hellulögð innkeyrsla með hitalögn. **Eignin er laus til afhendingar fljótlega. Verð 53,9 millj. Verið velkomin.**

### Tjarnarmýri 10 – Seltjarnarnesi

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Glæsilegt og virkilega vel skipulagt 250,9 fm. endaraðhús sem er tvær hæðir og kjallari að meðtöldum 32,0 fm. bílskúr á Seltjarnarnesi. Stórar og glæsilegar stofur og fjögur til fimm svefnherbergi. Ljósar viðarinnréttingar úr aski í eldhúsi. Mikil lofthæð á efri hæð. Full lofthæð í kjallara. Skjólsæl og afgirt viðarverönd til suðurs. Hitalagnir eru í innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið. **Verð 74,9 millj. Verið velkomin.**

### Reynimelur 22- Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Mjög falleg, björt og vel skipulagða 5 herbergja neðri sérhæð í fallegu og frábærlega staðsettu fjórbýlishúsi við Reynimel auk bílskúrs og stúdíóíbúðar. Á hæðinni sem er 113,8 fermetrar eru m.a. samliggjandi stofur með frönskum gluggum og útgengi á suðursvalir, eldhús með nýlegum ljósum innréttingum og þrjú herbergi. Stúdíóíbúðin er um 34 fermetrar, með sérinngangi og var öll endurnýjuð nýlega. Eign sem vert er að skoða. **Verð 54,9 millj. Verið velkomin.**

## atvinna

# Stay Clean!

**Stay Apartments er framsækið íbúðarhótel með samtals 70 íbúðum í miðbæ Reykjavíkur. Í okkar annars frábæra hóp vantar:**

**YFIRÞERNU.**
Yfirþerna sér um vaktarplön hreingerningastarfsmanna, gerð þrifaplana, stýra gæðaeftirliti og ýmis skrifstofustörf og símavakt. Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg. Við val á umsækjendum er leitað eftir eiginleikum eins og *sjálfstæði, sveigjanleika og ábyrgðartilfinningu.*

**ÞERNUR.**
Við getum bætt við okkur tveimur þernum í fulla vinnu ásamt tveimur í helgarvaktir. *Hressar, ábyrgar, drífandi stelpur koma til greina.*



**Vinsamlegast sendið ferilskrá á halldor@stay.is fyrir fimmtudaginn 3. júlí. sjáum hvort þú smell-passir ekki inní annars frábæran hóp hjá Stay**

## fasteignir

Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali

VALFELL
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

### Þorláksgeisli 5, Glæsieign -Laus strax





**Ein af gæsilegri 140 fm íbúðum í Grafarholti með stæði í bílskýli. Íbúðin er laus strax, íbúðin er 4ra herbergja á 3 hæð, lyfta og stórar vestursvalir.**
Íbúðin er í alla staði vel skipulögð og björt. Íbúðin er smekklega innréttuð. Stofan og eldhúsið er afar rúmgott u.þ.b. 50 fm. Innan íbúðar er sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Í kjallara er sér geymsla auk sameiginlegrar hjóla- og vagnageymslu. Eigninni fylgir sér stæði í lokaðri bílageymslu sem er sérlega snyrtileg með þvottaaðstöðu. Innifalið í rekstri húsfélags er m.a. þrif á sameign.

**Á heildina litið er þetta vönduð íbúð, á góðu verði, rúmgóð og smekklega innréttuð. Góð staðsetning m.t.t. þjónustu, verslana, skóla, leikskóla (í göngufjarlægð) og fallegra gönguleiða ásamt golfvelli í nágrenninu.**

**Verð 35,9 millj.**
**Allar nánari uppl veitir Hákon í síma 898-9396 eða hakon@valfell.is**

## til leigu

### HÁRGREIÐSLUFÓLK ATH.

Stóll til leigu, góð aðstaða,
næg bílastæði og sanngjörn leiga.
Uppl. á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
eða í síma 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH
HAIR & AIRBRUSH STUDIO


Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!




Fasteignir.is
-Nú með Fasteigna-App

- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum símnotendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

# Stakkholt 2-4

FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR 65 - 150 fm ÍBÚÐIR

**18 íbúðir seldar**








## ÍBÚÐIR Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Frábærlega staðsettar 65 - 150 fm, 2 - 4 herbergja íbúðir í hjarta borgarinnar. Iðandi miðbæjarmenning Reykjavíkur er í næsta nágrenni. Veitingastaðir, kaffihús, söfn og ýmis afþreying ásamt útivistarmöguleikum eru í göngufæri.

Frá íbúðum er víða frábært útsýni. Til norðurs er útsýni til Esjunnar og sjávar. Til suðurs og vesturs verður útsýni yfir borgina og nánasta umhverfi hennar.

Verð frá **26,7 millj.**

### Bókaðu skoðun hjá sölumönnum Mikluborgar



Nánari upplýsingar veitir
**Jason Ólafsson,** sölufulltrúi
jassi@miklaborg.is **sími:** : 775 1515



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Stutt í miðbæ Reykjavíkur og alla þjónustu!

- Innréttingar frá GKS
- Eikar harðparket á 1.-5. hæð
- Uppþvottavél fylgir flestum íbúðum
- Flestar íbúðir með stæði í bílgeymslu



FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
*Með þér alla leið*

**miklaborg.is** **569 7000**



KL. 21:30

**Orange Is The New Black**

Frábærir þættir byggðir á sannri sögu Piper Kerman. Hún er komin aftur í fangelsið en er ekki tekið opnum örmum.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 20:00

**Heimur Ísdrottningarinnar**

Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst verður með Ásdísi Rán, Ísdrottningunni.



KL. 20:45

**White Collar**

Fjórða þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.



KL. 22:30

**Burn Notice**

Vandaður spennuþáttur um njósnarann Michael Westen.



KL. 19:20

**Modern Family**

Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum.



KL. 20:30

**Pretty Little Liars**

Dramatískur þáttur um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | | 3 | | 1 | 6 | | 8 |
| 1 | | 6 | 2 | | 8 | | 9 | |
| 7 | 8 | | | | | | 2 | |
| 6 | | 8 | | 5 | | | | 2 |
| | | | 4 | 6 | | | | |
| | | | | | | 5 | | 6 |
| | | | 6 | | 7 | 3 | | 1 |
| | | 3 | 1 | | | 8 | 7 | |
| | 7 | | 9 | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 2 | 6 | | | 1 | 8 | |
| | 5 | | 8 | 7 | | 4 | | |
| | | | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 8 | 5 | | | | | | 4 |
| | 4 | 9 | 5 | 8 | | | | 2 |
| | 3 | | | | 7 | 8 | | |
| | 6 | 4 | 7 | | | | 3 | 1 |
| | | | 9 | | 4 | | | 5 |
| | | | | 6 | | 7 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 3 | | | 8 | |
| 6 | 1 | 8 | | 4 | | | 3 | |
| | | | 7 | | | | | 1 |
| 4 | | | | 5 | 6 | 7 | | |
| | 3 | | | | | | 2 | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 3 | 1 | 5 | |
| | | | | 7 | | 2 | 4 | |
| 2 | 8 | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 4 | 8 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 8 | 9 | 6 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 8 | 2 | 7 | 9 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 6 | 1 | 8 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 9 | 1 | 7 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 8 | 6 |
| 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 7 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 9 | 6 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 5 | 9 |
| 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 1 | 6 | 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 2 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 1 | 8 | 4 | 5 | 6 | 2 | 9 | 3 | 7 |
| 5 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Verið alltaf gáfaðri en fólkið sem ræður ykkur.“

*Lena Horne.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** tónlistarstíll, **6.** stefna, **8.** drulla, **9.** óvild, **11.** hljóta, **12.** langt op, **14.** fótmál, **16.** verslun, **17.** gljúfur, **18.** ástæður, **20.** núna, **21.** fyrr.

**LÓÐRÉTT**

**1.** grjótfylling, **3.** ógrynni, **4.** örvandi efni, **5.** bar, **7.** fjarskiptatæki, **10.** rúmábreiða, **13.** sarg, **15.** skraut, **16.** hrökk við, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rokk, **6.** út, **8.** for, **9.** kal, **11.** fá, **12.** klauf, **14.** skref, **16.** bt, **17.** gil, **18.** rök, **20.** nú, **21.** áður.

**LÓÐRÉTT: 1.** púkk, **3.** of, **4.** koffein, **5.** krá, **7.** talstöð, **10.** lak, **13.** urg, **15.** flúr, **16.** brá, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Dagur Ragnarsson (2.139) hafði hvítt gegn Birki Karli Sigurðssyni (1.790) á Meistaramóti Skákskóla Íslands fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik:**



**16. Rge4! fxe4 17. fxe4 g5 18. Bd6 b5 19. Bb3 Rab4 20. exd5 Rxd5 21. Hhf1+ Kg6 22. Rxd5 cxd5 23. Bc2+ Kh5 24. Bf5 g4 25. Hd3 Hhf8 26. h3! Kg5 27. hxg4 b4 28. Bf4+ Kf6 29. Be5+** og svartur gafst upp.

**www.skak.is** Ný alþjóðleg skákstig.

Eirberg




# Eco Pro gelmottur

- Minnka álag þegar staðið er á hörðu gólfi
- Draga úr þreytu í fótleggjum og mjóbaki
- Fyrirbyggja álagseinkenni
- Henta bæði á vinnustaði og heimili

NewLife by GelPro

**Verð frá: 12.750 kr.**




Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Franskur blær á Sigló

Kvæðamannakaffi, tregasöngvar og trylltur dans, söngkvartettinn Villifé, harmóníkukvintett, færeyskur karlakór, franskar dægurperlur og íslensk ævintýraópera. Allt kemur þetta við sögu á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði.

Hátíðin hefst á morgun og yfirskrift hennar er upp á frönsku, Sigló! – Je t'aime, eða Sigló! – Ég elska þig. Það er nefnilega franskur blær yfir hátíðinni," segir Gunnsteinn Ólafsson sem að vanda er í forsvari fyrir Þjóðlagahátíðina á Siglufirði. Hann nefnir setningartónleikana Rímnastrengi í Siglufjarðarkirkju annað kvöld, líka leik Selló-Stínu í Gránu klukkan 23 og þar á milli klezmertónleika hljómsveitarinnar Klezmer Kaos í Bátahúsinu klukkan 21.30.

„Klezmer Kaos kemur frá París og það er íslensk stelpa, Heiða Björg Jóhannsdóttir, sem stofnaði þá hljómveit og er prímus mótor í henni," lýsir Gunnsteinn og heldur áfram: „Heiða er gríðarlega dugleg stúlka og er búin að fara með sveitina um allan heim. Sveitin er með tvenna tónleika, annars vegar þessa klezmertónlist sem er tónlist gyðinga og hins vegar franska tónlist og þá syngur Heiða því hún er söngkona líka."



**YRÐLINGARNIR** Þessir kátu krakkar verða í hlutverki yrðlinga í ævintýraóperunni Baldursbrá sem frumflutt verður á Siglufirði næsta laugardag.
MYND/BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR

Gunnsteinn heldur áfram með franska þemað og nefnir næst franskt tríó sem spilar tónlist frá dögum Snorra Sturlusonar. „Þarna er fólk sem spilar á miðaldahljóðfæri og er í fremstu röð í heiminum í dag í þessum bransa, það er ekkert flóknara en það. Það kemur sérstaklega á Þjóðlagahátíðina og verður með tónleika, námskeið og dansnámskeið í miðaldadönsum."

Fyrir utan ný og eldri þjóðlög í flutningi hinna ýmsu listamanna er harmóníkan eitt af trompum hátíðarinnar í ár. Búlgarskur harmóníkuleikari verður með námskeið og Harmóníkukvintett Reykjavíkur kemur fram, Gunnsteinn segir hann skipaðan mjög klárum krökkum sem spili erfiða og glæsilega tónlist. „Það er ljóst að harmóníkan er að ganga í endurnýjun lífdaga. Ég hlakka til að fá þessa krakka á hátíðina," segir hann.

Karlakór frá Færeyjum syngur og verður líka með færeyska dansa og kvæðamannakaffi verður á laugardeginum í Þjóðlagasetrinu.

**„Það er ljóst að harmóníkan er að ganga í endurnýjun lífdaga. Ég hlakka til að fá þessa krakka á hátíðina.**

Þar koma allir sem kunna eitthvað að kveða, að sögn Gunnsteins, og fremstur meðal jafningja er Steindór Andersen.

„Mig langar að geta þess að þarna verður frumflutt ævintýraópera eftir mig sem nefnist Baldursbrá og er búin að vera tvö og hálft ár í smíðum," segir Gunnsteinn. Reyndar gerði ég fyrstu drög að henni 1988 og fékk Böðvar Guðmundsson til að skrifa óperutexta eftir minni sögu. Svo lá efnið í skúffu þar til mér fannst ég verða að leyfa börnunum mínum að heyra þessa tónlist og er búinn að endurskrifa hana og útsetja fyrir kammersveit, fjóra einsöngvara og átta krakka."

gun@frettabladid.is



**PRÍMUS MÓTOR** Gunnsteinn Ólafsson hefur staðið á bak við Þjóðlagahátíðina frá hún var haldin fyrst, árið 2000.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ENSEMBLE VILLANCICO** „Söngvararnir tjáðu sig með öllum líkamanum. Látbragðið var fullkomlega í anda hvers lags, söng- og leikgleðin bókstaflega geislaði af fólkinu. Hvílík skemmtun!"
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Skálholtskirkja sökk ekki!

TÓNLIST ★★★★★

**Ensemble Villancico**
Stjórnandi Peter Pontvik

**BAROKKTÓNLIST FRÁ EKVADOR Á UPPHAFSTÓNLEIKUM SUMARTÓNLEIKA Í SKÁLHOLTI SUNNUDAGINN 29. JÚNÍ.**

Ef eitthvað væri að marka þjóðsöguna um dansinn í Hruna, væri Skáholtskirkja nú sokkin og aðeins ýlfur og gaul að heyra úr jörðinni. Sagan er í örstuttu máli þannig að drykkfelldur prestur hélt ávallt miklar skemmtanir í kirkjunni í Hruna í Árnessýslu á jólanótt. Þar var viðhaft ósæmilegt athæfi, dansað, drukkið og spilað. Djöfullinn sjálfur kom á endanum í heimsókn og tók kirkjuna með sér niður til heljar. Kannski er ástæðan fyrir því að Skálholtskirkja stendur enn sú, að þótt dansinn hafi dunað þar á sunnudagskvöldið, var a.m.k. engin drykkja. Tónleikagestir voru bláedrú, en þeir skemmtu sér engu að síður greinilega vel.

Sumartónleikar í Skálholti hófust á sunnudagskvöldið. Dagskráin var óvenju vegleg, en tónleikaröðin er haldin í fertugasta sinn í ár. Röðin hefst venjulega í lok júní og stendur í nokkrar vikur með tónleikum um helgar. Á laugardögum eru yfirleitt tvennir tónleikar, klukkan þrjú og fimm, en á milli er klukkustundar langt hlé. Þá er hægt að gæða sér á einhverju besta hlaðborði sem hægt er að hugsa sér, en það er að mestu held ég samkvæmt uppskriftum frá fyrri öldum.

Oft hafa íslensk tónverk verið frumflutt í Skálholti, en dagskráin núna var helguð öðru. Norski tónlistarhópurinn Ensemble Villancico flutti barokktónlist (þ.e.a.s. frá sautjándu til miðrar átjándu aldar) frá Ekvador, megnið af henni eftir lítt þekkt tónskáld. Inn á milli var heimsfrumflutningur á lögum úr gömlu handriti sem var uppgötvað fyrir tíu árum í klaustri í bænum Ibarra í Ekvador. Það var Peter Pontvik, stjórnandi hópsins, sem rakst á handritið þegar hann var í rannsóknarleiðangri. Þetta eitt og sér gerði tónleikana einstaka. En þar fyrir utan er býsna sjaldgæft, a.m.k. hér á landi, að heyra barokktónlist frá öðru svæði en Mið-Evrópu. Athyglisvert var að upplifa hve meira að segja trúarleg tónlist var frjálsleg og alþýðleg þarna syðra, eitthvað annað en maður á að venjast frá Bach, Vivaldi og öðrum samtíma meisturum.

Tónlistin var sungin og undir var leikið á hefðbundin barokkhljóðfæri. Það var semball, reyndar svonefndur virginall, gamba – forfaðir sellósins, gítar, ýmiss konar trommur og flautur, auk þess sem kastaníettur komu fyrir á áberandi stöðum. Og dans var stiginn, undurfagurt par tók dansspor í nokkrum atriðum dagskrárinnar, og það var svo glæsilegt og mikið augnayndi að fólk tók andköf. Dansinn var skemmtilega ærslafenginn eins og títt var í gamla daga, ólíkt því sem margir halda. Parið hoppaði og dillaði fótunum í loftinu, sveiflaði sér í hringi og gerði alls konar hreyfingar með höndunum. Ég man ekki eftir annarri eins upplifun í Skálholtskirkju (sjá sýnishorn á www.jonas-sen.com).

Það var samt ekki bara dansinn sem var málið. Hljóðfæraleikurinn var framúrskarandi, og kórsöngurinn var svo einlægur og lifandi að það var einfaldlega frábært. Söngurinn var tær og í prýðilegu jafnvægi, kraftmikill en líka blíður þegar við átti. Velflestir kórmeðlimir sungu einhvern einsöng inni á milli og voru misgóðir eins og gengur þegar kór er annars vegar. En það skipti engu og gerði upplifunina bara fjölbreytilegri. Hver söngvari hafði sinn sérstaka karakter, hver rödd sinn eigin lit. Og innlifunin var svo mikil, söngvararnir tjáðu sig með öllum líkamanum. Látbragðið var fullkomlega í anda hvers lags, söng- og leikgleðin bókstaflega geislaði af fólkinu. Hvílík skemmtun!

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sumartónleikaröðin í Skálholti hefur sennilega aldrei byrjað eins glæsilega og nú.

# Djasskvöld á Kex hosteli í kvöld

Sigmar Þór Matthíasson bassaleikari og kvartett hans skemmta gestum á Kex hosteli í kvöld.

Kvartett bassaleikarans Sigmars Þórs Matthíassonar kemur fram á djasskvöldi Kex hostels í kvöld. Sigmar er búsettur í Bandaríkjunum um þessar mundir þar sem hann stundar nám við The New School for Jazz and Contemporary Music í New York-borg.

Aðrir meðlimir kvartettsins eru þeir Haukur Gröndal á saxófón, Kjartan Valdemarsson á píanó og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Þeir munu flytja klassíska djassstandarda í bland við minna þekkt lög eftir John Coltrane. Sem fyrr er aðgangur ókeypis.





AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Frábært
úrval **AEG**
heimilistækja





# Brúðkaups gjafir

**T**ÖKUM VEL Á MÓTI VÆNTANLEGUM BRÚÐHJÓNUM - OG STOFNUM BRÚÐARGJAFALISTA Í ÞEIRRA NAFNI.

***Gjafakort frá Ormsson er mjög góð gjöf!***

ÍTALSKT ESPRESSÓ
Beint í bollann og ilmandi ferskt

*TÆR SNILLD*
LAVAZZA
AEG



Espresso kaffivél – og hið eina sanna LAVAZZA kaffi



AEG
Skaftryksugurnar
hafa aldeilis
slegið í gegn

Green Energy

AEG

Mjög kraftmikill

Auðveldur í þrifum

Sérstaklega hljóðlátur



Algjörlega frábær blandari.

ROMMELSBACHER



Öflugt og vandað mínútugrill
*Þýsk gæðavara*

Tefal
Jamie Oliver



EÐAL POTTAR OG PÖNNUR

AEG
*Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús*
TÖFRASPROTI
MEÐ AUKAHLUTUM



DRAUMA-
RYKSUGAN
ER FRÁ
AEG

*Þær gerast ekki betri!*






Töfrandi borðbúnaður

brabantia



Hágæða
stálhnífar
í eldhúsið

Úrval af
úrvalshnífum

**OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18**
**Lokað á laugardögum í sumar**

# ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
**www.ormsson.is**

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2D | KL 4 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D | KL 8 - 10.30 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D LÚXUS | KL 5 - 9 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 8 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| X-MEN 3D | KL 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| WELCOME TO NEW YORK | KL 8 - 10.40 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| TRAIN... DRAGON 3D ÍSL TALÓTEXT. | KL 8 - 10.15 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 8 - 10.30 | 12 |
| GRACE OF MONACO | KL 5.40 | 7 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3D | 4, 7, 10:10(P) | 12 |
| BRICK MANSIONS | 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D | 4:30 | L |
| 22 JUMP STREET | 8 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 10:20 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8 | 14 |

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5 - 6:30 - 8:30 - 10:10 2D: 10:20 | | 12 |
| TRANSFORMERS 4 VIP 2D KL. 5 - 8:30 | | |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL KL. 3D: 4:30 2D: 3:40 - 5:50 | | L |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| BLENDED | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 | | 14 |

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.

| | | |
|---|---|---|
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D KL. 3:30 | | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 6:30 - 8 - 10 2D: 4:40 - 9 | | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D KL. 4:30 | | L |
| BLENDED | KL. 5:30 | 10 |
| MALEFICENT 2D | KL. 6:50 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 10:10 | | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5:50 - 9:10 - 10:10 | 12 |
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:40 - 8 | 7 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| GODZILLA 2D | KL. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 6 - 9:15 2D: 10:10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D KL. 5:50 | | L |
| 22 JUMP STREET | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 5 - 8:30 2D: 10:20 | 12 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 | | 14 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG



**MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Robin og Paula. NORDICPHOTOS/GETTY

# Saknar Paulu

Tónlistarmaðurinn Robin Thicke flutti lagið Forever Love á BET-verðlaunahátíðinni en lagið er að finna á næstu plötu kappans, Paula. Lögin á plötunni skrifaði hann til fyrrverandi eiginkonu sinnar, leikkonunnar Paulu Patton, en þau skildu fyrr á þessu ári eftir áralangt hjónaband. „Mig langar að tileinka þetta lag konu minni. Ég sakna þín og fyrirgefðu,“ sagði Robin áður en hann söng lagið á hátíðinni en skilnaður þeirra hjóna kom í kjölfarið á fréttum um að Robin hefði haldið framhjá henni. -lkg

# Græjustríð nútímaforeldris

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



Í dag er leikskólagöngu frumburðarins lokið. Ofangreind tímamót fóru verr í undirritaða en sex ára stúlkuna sem yppti bara öxlum þegar móðirin fór með dramatíska ræðu í upphafi síðasta dagsins. „Þú ferð sko aldrei aftur í leikskóla. Bara aldrei aftur. Þetta er mjög merkilegur dagur,“ tíundaði ég með hnút í maganum við stóru stelpuna sem hlakkaði bara til að fara í frí enda fullviss um að þá mætti blessuð sólin á svæðið. Það þarf eitthvað að bregðast við þeim vonbrigðum, en það er önnur saga.

**HNÚTURINN** í maganum á móðurinni er ekki síst vegna þess að nú tekur við nýr kafli hjá okkur foreldrunum. Nýr kafli í uppeldinu. Nú taka við útivistarleyfi, skipulagðar íþróttaæfingar með tilheyrandi skutli, tónlistarnám, lyklar um hálsinn og vinaheimsóknir eftir skóla. Skóladagheimili og heimalærdómur. Skólaferðalög, stílabækur og pennaveski. Allt í einu virðist líka svo stutt í diskótekin (sem eru pottþétt kölluð eitthvað annað í dag) og ferminguna. Unglingsaldurinn þar sem ekkert er heilagt og foreldrarnir verða allt í einu síðasta sort. Já, það er fróðlegur tími fram undan og eins og gott að halda vel á spöðunum.

**EINS** og það sé nú ekki nógur hausverkur hef ég fengið veður af því að nútímauppeldi snúist einna helst um stríð við græjur. Stríð við síma, iPoda og iPada. Stríð við öpp, samfélagsmiðla og sjálfsmyndir. Vinafólk mitt var að setja barnið sitt í símabann, ástæðan var appið AskFm. Appið snýst um að skrá sig til leiks og spyrja ókunnuga spurninga og fá svör. Það er víst aðalmálið þessa dagana hjá unglingum sem auðvitað sjá ekki hversu brenglað þetta hljómar. Þau voru í bullandi vandræðum og langaði helst að dusta rykið af gamla Nokia 5110. Farsíminn sem á að vera öryggistæki fyrir börnin hefur snúist upp í andhverfu sína. Blessaða snjallsímavæðingin.

**SEM** betur fer eru nokkur ár í þetta allt saman hjá mér og verð ég bara að krossa fingur í þeirri von að þá verði gamli góði Nokia-síminn orðinn retró, það verður meira töff að vera ekki á samfélagsmiðlum, Snapchat og Facebook verða farin á hausinn og „selfie“-æðið dautt.

# Hvítur er litur stjarnanna

Hin árlegu BET-verðlaun voru afhent um helgina með þeim eru listamenn í minnihlutahópum sem skara fram úr í tónlist, leiklist og íþróttum heiðraðir. Margir klæddust hvítu á rauða dreglinum.



**ÆÐISLEG ASHANTI** Söngkonan Ashanti í kjól frá Michael Costello.



**SVÖRT STÍGVÉL** Leikkonan Gabrielle Union í kjól frá Maria Lucia Hohan.



**FERSKUR** Tónlistarmaðurinn Nelly er með puttann á tískupúlsinum.



**SKJANNAHVÍT** Leikkonan Regina Hall í hvítri buxnadragt. NORDICPHOTOS/GETTY



**STÍLHREINT** Fyrirsætan Amber Rose í fallegum síðkjól.



**TOPPMÓDEL** Fyrirsætan Eva Marcille geislaði á dreglinum.



**BERT Á MILLI** Partípían Paris Hilton í kjól frá Michael Costello.

## ➜ Helstu sigurvegarar

**Besta R&B-/popplistakona**
Beyoncé

**Besti R&B-/popplistamaður**
Pharrell Williams

**Besta hljómsveit**
Young Money

**Besti hipphopp-listamaður**
Drake

**Besta hipphopp-listakona**
Nicki Minaj

**Myndband ársins**
Pharrell Williams - Happy

**Besta leikkona**
Lupita Nyong'o

**Besti leikari**
Chiwetel Ejiofor

**Besta kvikmynd**
12 Years a Slave

**Íþróttakona ársins**
Serena Williams

**Íþróttamaður ársins**
Kevin Durant

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

THULE SWEDEN

# Hjólatöskur og bögglaberar






Hliðartaska stór




Reiðhjólataska/bakpoki



Símafesting á stýri



Taska á stýri



Bögglaberi



Taska á bögglabera

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

## HM Í FÓTBOLTA

**16.00 ARGENTÍNA - SVISS**
**20.00 BELGÍA - BANDARÍKIN**

Sextán liða úrslitin á HM í Brasilíu klárast í dag og þar vonast bæði **Lionel Messi**, Aron Jóhannsson og félagar þeirra eftir því að tryggja sér sæti í átta liða úrslitum keppninnar. Messi hefur skorað fjögur mörk í fyrstu þremur leikjum Argentínu og verður ekki auðveldur viðureignar fyrir Svisslendinga. Aron Jóhannsson hefur ekki komið við sögu í síðustu tveimur leikjum bandaríska landsliðsins en Jürgen Klinsmann hendir honum vonandi inná gegn Belgíu í kvöld.



**vísir Allt um HM á Vísi**

## STJARNA GÆRDAGSINS

**Paul Pogba** átti flottan leik þegar Frakkar komust áfram í átta liða úrslitin með 2-0 sigri á Nígeríu. Þegar Pogba kom Frökkum í 1-0 á 79. mínútu þá varð hann fjórði yngsti Frakkinn til að skora á HM. Pogba var 21 árs og 107 daga í gær en aðeins David Trezeguet (20 ára, 246 daga á HM 1998), Thierry Henry (20-299 á HM 1998) og Jean Nicolas (20-352 á HM 1934) voru yngri þegar þeir skoruðu sitt fyrsta HM-mark.



**Paul Pogba**
**21 árs miðjumaður Frakka.**

## Betra seint en aldrei – Suarez baðst afsökunar sex dögum eftir bitið

**Luis Suarez**, framherji Úrúgvæ og Liverpool, baðst loksins í gær afsökunar á hegðun sinni í leiknum á móti Ítalíu í síðustu viku þegar hann beit ítalska varnarmanninn Giorgio Chiellini. Suarez birti yfirlýsingu inn á Twitter-síðu sinni þar sem hann viðurkenndi að hafa bitið Ítalann. Úrúgvæmaðurinn segist sjá mik1ið eftir þessu og Suarez bað síðan Chiellini og alla fótbolta-fjölskylduna afsökunar. Suarez lofaði því einnig að bíta aldrei aftur. Chiellini svaraði Suarez á Twitter og vonaðist til þess að leikbann hans yrði stytt.





**UNDANÚRSLIT** Fylkir og Breiðablik fengu bæði heimaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Meistaraliðin lentu saman

**FÓTBOLTI** Stórleikur verður í undanúrslitum Borgunarbikarsins þegar bikarmeistarar Breiðabliks taka á móti Íslandsmeisturum Stjörnunnar en dregið var í gær. Fylkir mætir Selfossi í hinum leik undanúrslitanna og sigurvegari í þeim leik kemst í bikarúrslitin í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Stjarnan datt út fyrir Þór/KA í undanúrslitum bikarsins í fyrra en Stjörnukonur voru taplausar í 19 leikjum í Pepsi-deildinni þegar þær töpuðu 0-1 fyrir Breiðabliki í fyrstu umferðinni í ár.

„Til þess að við náum okkar markmiði sem er að komast á Laugardalsvöllinn verðum við að komast framhjá erfiðum mótherja. Þær fóru taplausar í gegn um mótið í fyrra og eru með betri hóp í ár að mínu mati,“ sagði Hlynur Svan Eiríksson, þjálfari Breiðabliks, þegar Fréttablaðið heyrði í honum eftir dráttinn.

„Við mætum hins vegar brattar í þennan leik. Við höfum unnið síðustu tvo leiki milli liðanna og við vitum að við getum unnið þær. Við mætumst í deildinni örfáum dögum síðar og það gæti haft einhver áhrif á hvernig spilamennskan verður í báðum leikjum,“ sagði Hlynur.

Heil umferð fer fram í Pepsi-deild kvenna í kvöld og þá mætast: ÍA - ÍBV (kl. 17.30), Stjarnan - Þór/KA (18.00), FH - Valur, Fylkir - Selfoss og Breiðablik - Afturelding (allir 19.15). **-kpt**

# Viljum samkeppnishæft lið

KFÍ vill opna á Bosman-leikmenn í körfuboltanum. Erfitt að halda úti liði með þær takmarkanir á útlendingum sem eru í gangi. Ísfirðingar hefðu getað stillt upp sterkara liði fyrir sama pening á síðustu leiktíð.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta var erfitt fyrir okkur og ég get ímyndað mér að staðan sé svipuð hjá öðrum landsbyggðarliðum,“ segir Neil Shiran Þórisson, formaður körfuknattleiksdeildar KFÍ, í samtali við Fréttablaðið um 4+1-regluna sem tekin var upp fyrir síðasta tímabil og spilað eftir.

Hún hafði það í för með sér að lið máttu aðeins spila á einum erlendum leikmanni, hvort sem það var Bandaríkjamaður eða svokallaður Bosman-leikmaður. Góð áhrif reglunnar mátti sjá strax á fyrstu leiktíð þar sem íslenskir leikstjórnendur spruttu upp eins og gorkúlur, en eins og vitað var er erfitt fyrir liðin á landsbyggðinni að halda úti liði með Íslendingum þar sem ungir strákar eru tregir til að yfirgefa höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess.

Í gær var haldinn formannafundur hjá KKÍ þar sem KFÍ, meðal annars, mælti fyrir því að opna aðeins á 4+1-regluna. Þar á bæ eru menn fyllilega sáttir við að halda sig við einn Bandaríkjamann en opna á fleiri Bosman-leikmenn.

### Ekkert framboð á störfum

„Það sem snýr að okkur er að við erum að missa leikmenn frá okkur á besta aldri – um tvítugt. Strákar sem fara í háskóla flykkjast suður eða eitthvað annað. Það sem verra er, við getum ekki fengið þá til baka því hér vantar störf fyrir háskólamenntaða einstaklinga. Þetta verður alltaf viðvarandi vandi,“ segir Neil Shiran við Fréttablaðið.

Þar sem íslenskir leikmenn fengu fleiri mínútur og meiri ábyrgð gátu þeir beðið um hærri samninga, en slegist var um bestu bitana. Lið eins og KFÍ biðu á meðan liðin á höfuðborgarsvæðinu tíndu til sín bestu bitana en þurftu samt að borga sitt fyrir íslenska spilara sem voru kannski ekki eins góðir og þeir sem héldu sig á suðvesturhorninu.

„Eðli málsins samkvæmt var þetta dýrara þótt við værum ekkert að bjóða íslenskum strákum gull og græna skóga. En það var aukinn kostnaður. Við vorum líka í þeim aðstæðum að vera með mann sem æfði ekkert með liðinu heldur spilaði bara. Það hefur verið og er ýmislegt reynt til að vera með samkeppnishæft lið. Það er það eina sem við viljum,“ segir Neil Shiran.

### Vona að fólk skilji okkur

Formaðurinn segir, að best væri að geta haft hjá liðinu 1-2 íslenska leikmenn í landsliðsklassa en þannig menn er erfitt að fá. Svo góðir íslenskir leikmenn sem kæmu vestur væru meiri hugsjónamenn sem vildu rífa upp starfið. Í staðinn hefur KFÍ reynt að ná í góða erlenda leikmenn en á það var lokað fyrir síðasta tímabil.

„Þegar þú ert með svona takmarkanir verða innlendu leikmennirnir eðlilega dýrari. Dæmi má taka að við höfum verið að fá slarkfæra miðlungsleikmenn að utan sem hafa komið gegn því að fá sæmilega vinnu. Þá erum við ekki að tala um neitt sérfræðistarf. Þessi 4+1-regla breytti heildarmyndinni rosalega mikið fyrir okkur og ég vona bara að hreyfingin skilji ástæðu okkar fyrir að vilja breyta þessu.“

Ísfirðingar eru vissir um að það að leyfa Bosman-leikmenn muni hjálpa öðrum liðum. „Ég er alveg sáttur við einhverjar takmarkanir en að banna Bosman-leikmenn finnst mér stríða gegn Evrópusáttmálanum. Ég er líka alveg sannfærður um að fyrir sömu fjármuni og við notuðum í fyrra hefði verið hægt að semja við fleiri erlenda leikmenn og vera með betra lið og breiðari hóp. Með því að aflétta þessari takmörkun held ég að öll lið geti að einhverju leyti lagað til í fjárhagnum hjá sér,“ segir Neil Shiran Þórisson, formaður körfuknattleiksdeildar KFÍ. **tomas@365.is**



**ÁÐUR ÞJÁLFARI LIÐSINS EN NÚ FORMAÐUR** Neil Shiran Þórisson, formaður körfuknattleiksdeildar KFÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Verður þá að vera óbreytt í tíu ár

„Til að sjá 4+1 virka þarf hún að haldast í einhvern ákveðinn árafjölda en það er nú bara þannig í þessu núna sem og alltaf að meirihlutinn ræður,“ segir Einar Árni Jóhannsson, fyrrverandi þjálfari Njarðvíkur, um þessa mögulegu reglubreytingu, en Njarðvíkingar mæltu fyrir 4+1-reglunni á ársþingi KKÍ í fyrra.

„Hlerandi körfuboltasamfélagið heyri ég að það sé töluverður áhugi fyrir því að opna fyrir Bosman. Mér finnst það mun betri kostur en að fjölga Könum aftur. Ég skil mjög vel að lið eins og Höttur og KFÍ þurfi á Bosman-spilurum að halda. Ef það á að hreyfa við 4+1 vona ég að þessi leið verði farin og treyst á að menn fari ekki fram úr sér,“ segir Einar.

Mjög góður Bosman-leikmaður segir Einar að sé svona mitt á milli Bandaríkjamanns og Íslendings. Honum finnst þetta góður millivegur að fara, en vill að verði þetta neglt, sættist menn á að breyta hlutunum ekki aftur strax.

„Þetta verður þá að vera óbreytt kannski í tíu ár þannig við getum hætt að tala um útlendingamál. Við þurfum frekar að fara að velta fyrir okkur hlutum eins og þjálfaramenntun, lengja feril þjálfara og geta sent yngri landsliðin okkar í Evrópukeppni á hverju ári. Ég veit að útlendingamál skipta máli en það er annað sem þarf að fara að ræða,“ segir Einar Árni Jóhannsson.

## Besti nýliðaárgangurinn í 11 ár

**FÓTBOLTI** Nýliðarnir í Pepsi-deild karla í sumar (Fjölnir og Víkingur) hafa unnið fleiri leiki en þeir hafa tapað í fyrstu níu umferðunum og það þarf að fara ellefu ár aftur í tímann til að finna betri byrjun hjá nýliðaárgangi í úrvalsdeild karla. Víkingur er í 5. sætinu með 5 sigra í 9 leikjum og Fjölnir er í 7. sæti með 2 sigra og aðeins 3 töp. Valur og Þróttur voru nýliðar sumarið 2003 og unnu þá saman 10 af 18 leikjum sínum í fyrstu níu umferðunum. Hér til hliðar má sjá samanburð á sigurleikjum hjá nýliðum deildarinnar frá 2003 til 2014. **- óój**


**Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu**

**Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag, 1. júlí.**

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum og hefst kl. 19:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf

Stjórn Gerplu


## Samanburður á sigur- og tapleikjum nýliða úrvalsdeildar karla í fótbolta í fyrstu níu umferðunum 2003-2014




**FIMM MÖRK** Pape Mamadou Faye hjá Víkingi er markahæstur hjá nýliðunum tveimur í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# ÞRUMUVERÐ

GILDIR 1.–2. JÚLÍ




## AÐEINS

**698 kr. kg**

Verð áður ~~859~~ kr. kg

**Heill ferskur kjúklingur**

meðan birgðir endast



| Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árbæ | Bíldshöfða | Breiðholti | Granda | Hvaleyrarbraut | Lindum | Mosfellsbæ | Reykjavíkurvegi | Vallakór | Akranesi | Reyðarfirði | Selfossi | Vestmannaeyjum |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### White Collar



**STÖÐ 2 KL. 20.45** Fjórða þáttaröðin um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.



### Heimur Ísdrottningarinnar

**STÖÐ 2 KL. 20** Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst er með Ásdísi Rán og skyggnst inn í heim Ísdrottningarinnar þar sem hún mun fjalla um fegurð, heilsu, lýtalækningar, tísku og margt fleira.



### Hart of Dixie

**STÖÐ 3 KL. 19.50** Þriðja þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðru vísi en hún á að venjast.



### Two and a Half Men

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.40** Áttunda sería þessara bráðskemmtilegu þátta um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

### Bylgjan kl. 16
### Reykjavík síðdegis

Þorgeir, Kristófer og Bragi færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.








## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle** *(7:22)*
**08.25** **Extreme Makeover. Home Edition** *(14:26)*
**09.10** **Bold and the Beautiful** *(6388:6821)*
**09.30** **Doctors** *(5:175)*
**10.10** **The Wonder Years** *(14:24)*
**10.35** **The Middle** *(7:24)*
**11.00** **Á fullu gazi**
**11.35** **The Newsroom** *(3:10)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Cold Feet** *(1:7)*
**14.00** **American Idol** *(4:39)*
**14.45** **Covert Affairs** *(13:16)*
**15.30** **Sjáðu**
**16.25** **The Big Bang Theory** *(14:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(19:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6388:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Back in the Game** *(2:13)*
**19.35** **2 Broke Girls** *(3:24)*
**20.00** **Heimur Ísdrottningarinnar**
**20.20** **Anger Management** *(13:22)*
**20.45** **White Collar** *(4:16)*
**21.30** **Orange Is the New Black** *(4:14)*
**22.30** **Burn Notice** *(4:18)*
**23.15** **Veep** *(9:10)*
**23.45** **Daily Show. Global Edition**
**00.10** **Dallas** *(5:15)*
**00.55** **Mistresses** *(3:13)*
**01.40** **Bones** *(1:24)*
**02.25** **Fringe** *(13:22)*
**03.10** **Battleship** S
**05.20** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.20** **Moto GP - Holland**
**17.20** **Njarðvík**
**17.55** **Demantamótin**
**20.00** **Norðurálsmótið** Sýndar svipmyndir frá Norðurálsmótinu á Akranesi.
**20.35** **Oklahoma City Thunder: Heart of the City**
**21.00** **World's Strongest Man 2013**
**21.30** **Box - Bryant Jennings - Mike Perez**
**23.35** **UFC Now 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Frakkland - Nígería**
**08.40** **Þýskaland - Alsír**
**11.50** **Mexíkó - Kamerún**
**13.30** **Japan, Recife and Ivory Coast**
**14.00** **Frakkland - Nígería**
**15.40** **Þýskaland - Alsír**
**17.20** **Ariel Ortega** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum heims.
**17.50** **Bandaríkin - Þýskaland**
**19.30** **Argentína - Sviss**
**21.10** **Gary Neville**
**21.40** **Hondúras - Sviss**
**23.30** **Belgía - Bandaríkin**
**01.10** **Argentína - Sviss**
**02.50** **Belgía - Bandaríkin**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Upphaf Norðurlandsleiðangurs 2013. *(e)* **21.00** 433 Knattspyrnuumfjöllun í nýju ljósi **21.30** Gönguferðir Jónas Guðmundsson er leiðsögumaður um íslenska náttúru 6:12

## STÖÐ 3

**18.35** **Baby Daddy** *(15:16)*
**19.00** **Grand Designs** *(10:12)*
**19.50** **Hart Of Dixie** *(20:22)*
**20.30** **Pretty Little Liars** *(19:25)*
**21.15** **Nikita** *(20:22)*
**21.55** **Terminator. The Sarah Connor Chronicles** *(5:22)*
**22.50** **Revolution** *(17:22)*
**23.30** **Tomorrow People** *(19:22)*
**00.10** **Grand Designs** *(10:12)*
**01.00** **Hart Of Dixie** *(20:22)*
**01.45** **Pretty Little Liars** *(19:25)*
**02.25** **Nikita** *(20:22)*
**03.10** **Terminator: The Sarah Connor Chronicles** *(5:22)*
**04.05** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Brunabílarnir **14.22** Latibær **14.46** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál **18.00** Brunabílarnir **18.22** Latibær **18.46** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Strumparnir **20.40** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends** *(3:24)*
**18.55** **Seinfeld** *(17:23)*
**19.20** **Modern Family**
**19.40** **Two and a Half Men** *(5:16)*
**20.05** **Léttir sprettir**
**20.25** **Borgarilmur** *(8:8)*
**21.00** **Breaking Bad** *(8:13)*
**21.50** **Rita** *(6:8)*
**22.30** **Lærkevej** *(4:12)*
**23.10** **Chuck** *(13:13)*
**23.55** **Cold Case** *(9:23)*
**00.40** **Léttir sprettir**
**01.00** **Borgarilmur** *(8:8)*
**01.40** **Breaking Bad** *(8:13)*
**02.25** **Rita** *(6:8)*
**03.05** **Lærkevej** *(4:12)*
**03.50** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.55** **Butter**
**13.25** **Parental Guidance**
**15.10** **Dear John**
**16.55** **Butter**
**18.25** **Parental Guidance**
**20.10** **Dear John**
**22.00** **Wrath of the Titans**
**23.40** **Red Lights**
**01.35** **The Rum Diary**
**03.35** **Wrath of the Titans**

## RÚV

**10.50** **HM í fótbolta** *(16 liða úrslit) (e)*
**12.40** **HM í fótbolta** *(16 liða úrslit) (e)*
**14.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**15.20** **HM-stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**15.50** **HM í fótbolta** *(16 liða úrslit)* Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**17.50** **HM-stofan**
**18.15** **Fisk í dag** *(8:8) (e)*
**18.25** **Táknmálsfréttir**
**18.35** **Njósnari** *(3:10) (Spy II)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **HM stofan**
**19.50** **HM í fótbolta** *(16 liða úrslit)* Bein útsending frá leik í 16 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**21.55** **HM stofan**
**22.15** **Tíufréttir**
**22.30** **Veðurfréttir**
**22.35** **Castle** *(22:23) (Castle)* Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.
**23.20** **Víkingarnir** *(6:9) (The Vikings)*
**00.05** **Leynimakk** *(1:4) (Hidden)*
**01.05** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(24:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**16.50** **Million Dollar Listing** *(8:9)*
**17.35** **In Plain Sight** *(8:8)*
**18.15** **Dr. Phil**
**18.55** **Top Chef** *(14:15)*
**19.40** **Happy Endings** *(3:22)*
**20.05** **Men at Work** *(9:10)* Þrælskemmtilegur gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York-borg. Þeir lenda í ýmiss konar ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið. Æskudraumur rætist í þessum þætti þar sem William Baldwin leikur gestahlutverk.
**20.30** **Catfish** *(2:12)*
**21.15** **The Good Wife** *(21:22)*
**22.00** **Nurse Jackie** *(2:10)*
**22.30** **Californication** *(2:12)*
**23.00** **Green Room With Paul Provenza** *(1:8)*
**23.25** **Royal Pains** *(11:16)*
**00.10** **Scandal** *(1:18)*
**00.55** **Nurse Jackie** *(2:10)*
**01.25** **Californication** *(2:12)*
**01.55** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**12.00** Golfing World 2014
**12.50** PGA Tour 2009
**16.00** PGA Tour 2014
**20.00** Golfing World 2014
**20.50** PGA Tour 2014: Imprints
**21.40** LPGA Tour 2014
**23.10** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



Ómstríð og All Tomorrow's Parties kynna með stolti
ATP ICELAND
10.-12. JÚLÍ
ÁSBRÚ
YFIRTAKA ATP Á ÍSLANDI
NEIL YOUNG
& CRAZY HORSE
7. JÚLÍ Í LAUGARDALSHÖLL
NÝTT!!
TJALDSVÆÐI Á ÁSBRÚ
Nánari upplýsingar á
MIDI.IS OG RENTATENT.IS
PORTISHEAD • INTERPOL • MOGWAI
SLOWDIVE • SHELLAC • DEVENDRA BANHART (SOLO)
KURT VILE & THE VIOLATORS • SWANS • LOW
LIARS • FUCK BUTTONS • FOREST SWORDS • HAM
MAMMÚT • SÓLEY • SINGAPORE SLING • BEN FROST • HEBRONIX
HAXAN CLOAK • PHARMAKON • FOR A MINOR REFLECTION
I BREAK HORSES • SIN FANG • SAMARIS • PASCAL PINON
EAUX • FUFANU • KRÍA BREKKAN • LOW ROAR • NÁTTFARI
+ kvikmyndir, plötusnúðar o.fl.
ATP
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á
MIDI.IS OG ATPFESTIVAL.IS
RÁS 2
Gull

## Besti bitinn



**Noodle Station er í miklu uppáhaldi. Gríðarlega góðar súpur á mjög góðu verði.**

Kristinn Björgúlfsson, framkvæmdastjóri Leikmannasamtaka Íslands.

# Erfðagripur í aukahlutverki hjá Quarashi

Hljómsveitin Quarashi tók upp myndband við lagið Rock on um helgina og verður það frumsýnt eftir viku.

„Við vorum að leggja lokahönd á myndband við lagið Rock On en það verður frumsýnt eftir viku,“ segir Sölvi Blöndal, einn meðlima sveitarinnar Quarashi. Hljómsveitarmeðlimir tóku myndbandið upp um helgina en Eilífur Örn Þrastarson hjá Snark leikstýrir því.

„Bæði hjólabrettakappar og mótorhjólatöffarar koma við sögu,“ bætir Sölvi við en meðal hluta sem notaðir eru í myndbandinu er glæsilegt mótorhjól.

„Hjólið er hundrað ára afmælisútgáfa af Harley Davidson Road King, með 1450cc vél, búið að pimpa það upp með aparólu og „forward controls“, rífa burt óþarfa króm. Eigandinn er Birgir Axelsson sem erfði þetta hjól eftir föður sinn sem lést fyrir nokkrum árum,“ segir Sölvi.



Quarashi sendi Rock On frá sér um miðjan maí en lagið er þeirra fyrsta í áratug. Inniheldur það vísun í upphafsár sveitarinnar sem kemur fram á Þjóðhátíð í Eyjum um verslunarmannahelgina.

➜ Quarashi var stofnuð árið 1996 og starfaði til ársins 2005.

„Lagið er ferðalag inn í þá mikla næntís nostalgíu sem hljómsveitin stendur fyrir,“ bætir Sölvi við. **-lkg**



**FRÁBÆR FERNA** Quarashi-meðlimirnir Steinar Fjeldsted, Egill „Tiny“ Thorarensen og Sölvi ásamt Eilífi.








**DANSÓÐ** Unni Eggertsdóttur er margt til lista lagt. Er hún til að mynda hörkudansari en nýja lagið heitir einmitt Dansa til að gleyma þér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI F27300614

# Gefur út nýjan smell á afmælisdaginn

Söng- og dagskrárgerðarkonan Unnur Eggertsdóttir gefur út nýtt lag á föstudaginn en þá fagnar hún einnig 22 ára afmæli sínu. Lagið ber heitið Dansað til að gleyma þér og er pródúserað af elektródúóinu Kiasmos og Friðriki Dór.

„Í fyrsta skipti sem ég heyrði lagið féll ég algjörlega fyrir því,“ segir söng- og dagskrárgerðarkonan Unnur Eggertsdóttir sem á föstudaginn gefur út glænýtt lag. Lagið ber heitið Dansa til að gleyma þér og er pródúserað af þeim Ólafi Arnalds og Janusi Rasmussen, sem saman mynda elektródúóið Kiasmos, og Friðriki Dór. „Óli vinur minn hringdi í mig og sagði að þeir hefðu verið uppi í stúdíói og óvart samið algjört popplag sem þeim fannst henta mér vel,“ segir Unnur en bætir við að lagið hafi verið þó nokkurn tíma í fæðingu. Nú sé lagið hins vegar tilbúið og fer það í spilun á föstudaginn, á sjálfan afmælisdag söngkonunnar. „Það verður mjög gaman að fá þetta í spilun á 22 ára afmælisdaginn. Svo drösla ég vinkonum mínum í bæinn á föstudagskvöldið og valsa á milli skemmtistaða með lagið á USB-kubb og heimta óskalag,“ segir hún og hlær.

Unnur hefur í nægu að snúast í sumar en hún starfar sem dagskrárgerðarkona á sjónvarpsstöðinni Bravó ásamt því að skemmta sem Solla stirða líkt og hún hefur gert undanfarin ár. „Ég held ég sé búin að skemmta um 400 sinnum í Sollubúningnum og þetta er alltaf jafn mikil snilld.“ Þjóðleikhúsið vinnur nú að uppfærslu Latabæjar og verður sýningin frumsýnd í haust. Þar verður það hin 16 ára Melkorka Davíðsdóttir Pitt sem fer með hlutverk Sollu stirðu. „Ég held að hún sé alveg með það sem til þarf. Það er í raun mjög skemmtileg tilviljun að við Melkorka höfum búið hlið við hlið í mörg ár svo það er svolítið eins og Solla sé ættuð úr Skerjafirðinum.“ **kristjana@frettabladid.is**

> **Það verður mjög gaman að fá þetta í spilun á 22 ára afmælisdaginn. Svo drösla ég vinkonum mínum í bæinn á föstudagskvöldið og valsa á milli skemmtistaða með lagið á USB-kubb og heimta óskalag.**






# Fönkaðir fimmtudagar á Loftinu

Þekktir tónlistarmenn og plötusnúðar ætla að leiða saman hesta sína á skemmtilegan hátt á Loftinu í Austurstræti á fimmtudagskvöldum í allt sumar.

„Áherslan í Reykjavík undanfarið hefur kannski verið örlítið meira á elektrónískum nótum. Við vildum því keyra á nýja stemningu,“ segir Andrés Nielsen, plötusnúður og einn af hugmyndasmiðunum á bak við skemmtileg fimmtudagskvöld á Loftinu í Austurstræti í sumar en þar ætla þekktir tónlistarmenn og plötusnúðar að leiða saman hesta sína. „Þetta hefst allt núna á fimmtudaginn með smá upphitun en stóra startið verður 10. júlí þegar Loft-band Steinars Sigurðssonar spilar ásamt DJ King Lucky,“ segir Andrés og segir kvöldin í raun minna um margt á það sem skemmtistaðurinn Rex bauð upp á hér um aldamótin þegar tónlistarmenn spiluðu „live“ með plötusnúðum. Fjölmargir þekktir tónlistarmenn eru á meðal þeirra sem taka þátt í tónleikaröðinni en þar má meðal annars nefna þá Samúel Jón Samúelsson, kenndan við Jagúar, Arnljót Sigurðsson og Teit Magnússon úr hljómsveitinni Ojba Rasta og Gísla Galdur. „Við ætlum í raun bara að skapa gott og fönkað partí hér á Loftinu,“ segir Andrés. **-ka**



**TÖFRANDI TÓNAR** Tónlistarmenn úr ýmsum áttum ætla að sjá til þess að það verði góð stemning á Loftinu öll fimmtudagskvöld í sumar.

# SPJALDTÖLVUR FYRIR FERÐALAGIÐ !



## 10" DUAL CORE SPJALDTÖLVA Á 14.990 !

Spjaldtölvur eru skemmtilegur ferðafélagi í sumarfríið bæði fyrir börn og fullorðna. Það er þægilegt að geta farið á netið á ferðalagi, lesið rafbækur, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist eða spilað einn af hundruðum þúsunda leikja sem flestir eru ókeypis í Google PlayStore.

Magnkaup gera okkur kleift að bjóða þessa ótrúlegu sumartilboði, aldrei áður höfum við náð 10" spjaldtölvu með Android 4.2 ásamt Dual core örgjörva á niður í jafn lágt verð. Kemur með sprækum A20 Allwinner örgjörva.

UNITED
UNI-TAB 1023

A20 Dual-Core

**14.990**
Fullt verð 19.990



nextbook NEX-NEXT800K

## BETRI MYNDGÆÐI MEÐ IPS SKJÁTÆKNI

8" kristaltæri IPS skjárinn á Nextbook spjaldtölvunni skilar betri myndgæðum, hærri skerpu og meiri birtu. Hentar vel til að streyma sjónvarpsefni í gegnum sjónvarpsapp Símans eða OZ appið. Öflugur tveggja kjarna Cortex A9 örgjörvi.

**24.990**



## EIN SÚ FLOTTASTA Á MARKAÐNUM

Nexus 7 hefur frá fyrsta degi verið ein af vinsælustu spjaldtölvum heims, hönnuð af Google og gefin út í samvinnu við Asus. Android 4.3 stýrikerfi, 1.5Ghz Snapdragon Quad Core örgjörvi, Adreno 320 skjákort og IPS+ skjár með 1920x1080 háskerpu upplausn. Allt það besta pakkað í handhæga 7" spjaldtölvu.

nexus 7 ASU-NEXUS71B068A

**57.990**
Fullt verð 69.990

## ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ Á TL.IS




tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sveitabrúðkaup

Leikaraparið Friðrik Friðriksson og **Álfrún Örnólfsdóttir** gengu í það heilaga um helgina. Brúðkaupið var sannkallað sveitabrúðkaup og fór fram undir Eyjafjöllum, nánar tiltekið á bænum Stóru-Mörk III. Meðal gesta voru leikararnir Ólafur Egill Egilsson, Jörundur Ragnarsson og Dóra Jóhannsdóttir og herlegheitunum stjórnaði Gunnar Hansson. Álfrún og Friðrik eiga tvö börn saman, en hún starfar hjá Borgarleikhúsinu og hann hjá Þjóðleikhúsinu.

-áp



### Leikstýrir Menntaskólanemum

Grínistinn og leikstjórinn **Dóri DNA** kemur til með að leikstýra leikfélagi Menntaskólans við Hamrahlíð á komandi vetri.

Dóri er sjálfur gamall MH-ingur og hefur frá útskrift meðal annars komið að þjálfun ræðuliðs skólans fyrir MORFÍS-keppnina.

Dóri er útskrifaður úr Listaháskóla Íslands af leikhúsfræðabrautinni Fræði og framkvæmd og hefur heilmikla reynslu úr leikhúsinu með félögum sínum í Mið-Íslandi. Það ætti því að vera hægðarleikur fyrir Dóra að kalla fram það besta í upprennandi leikurum og hæfileikabúntum við MH.

-ssb



## Mest lesið VÍSIR

1. Þór á Facebook fara í taugarnar á fólki
2. Flugvél nauðlenti á Vatnsleysuströnd og endaði á hvolfi
3. Francis Páfi: „Kommúnistar hafa í raun stolið boðskapnum okkar"
4. Reyndu að nauðlenda á annarri braut golfvallarins á Vatnsleysuströnd
5. Alvarlegt bifhjólaslys á Akranesvegi





